











FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. maí 2005 - 125. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000


MIÐVIKUDAGUR

## Chelsea setti stigamet

Eiður Smári skoraði gegn Man. Utd. á Old Trafford þegar Chelsea setti stigamet í ensku úrvalsdeildinni.



ÍÞRÓTTIR 20

## Að muna og gleyma

Jón Ormur Halldórsson segir kvikmyndir en ekki staðreyndir hafa gefið kynslóðum Vesturlandabúa mynd af síðari heimsstyrjöld. Hann telur að menn ættu að taka Þýskaland sér til fyrirmyndar til að horfast í augu við drauga fortíðar.



SKOÐUN 18

## Koma skemmtilega á óvart

Hljómsveitin The Doors Tribute Band heldur tvenna tónleika í kvöld og á morgun á Gauka á Stöng.



TÓNLIST 28

## VEÐRIÐ Í DAG




**AÐGERÐALÍTIÐ VEÐUR** Víðast skýjað með köflum og úrkomulítið. Dálítill vindur suðvestan til, annars hægur. Hiti 5-10 stig. Þykknar smám saman upp, einkum vestan til.

VEÐUR 4


77%

fólks í úthverfum lesa Fréttablaðið daglega.*

Ekki missa af fólkinu í stærstu hverfunum.

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ


# Fá engar lífeyrisgreiðslur

**Nær 1.600 ellilífeyrisþegar fá engar greiðslur úr lífeyrissjóði, samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun. Einn hópurinn fór á ellilaun áður en lífeyrissjóðirnir tóku til starfa, í öðrum eru verktakar og sá þriðji hefur alltaf unnið svart. Þetta fólk greiddi ekki í lífeyrissjóði þegar það var útivinnandi.**

**LÍFEYRISMÁL** Alls 1.594 ellilífeyrisþegar fá engar greiðslur úr lífeyrissjóði og eru makar þeirra einnig utan lífeyrissjóðs, samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins. Alls eru 472 ellilífeyrisþegar með minna en 5.000 krónur í árstekjur. Þar af eru 387 algjörlega tekjulausir og er þá einungis um ellilífeyrisþega að ræða, ekki örorkulífeyrisþega. Almannatryggingakerfinu er þannig háttað að þegar fólk á bótum fer að vinna skerðast bæturnar.

„Meðal þeirra sem fá engar lífeyrissjóðsgreiðslur er fólk sem er orðið það aldrað að lífeyrissjóðirnir voru ekki einu sinni byrjaðir þegar það var komið á eftirlaunaaldur,“ sagði Ágúst Þór Sigurðsson, forstöðumaður lífeyristryggingasviðs Tryggingastofnunar. „Svo eru hópar sem hafa unnið svart eða hjá sjálfum sér, eins og til dæmis verktakar.“

Ágúst sagði að þeir hópar sem fengju engar lífeyrissjóðsgreiðslur lifðu á bótum almannatrygginga. Hann kvaðst efast um að þeir lifðu á fjármagnstekjum, þótt það hefði ekki verið skoðað sérstaklega.

„Þetta er fólk sem er með strípaðan ellilífeyri, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka og fær hámarksgreiðslur hjá Tryggingastofnun. Einhleypingur fær um 93 þúsund í vasann eftir skatta. Hjón fá hvort um sig um 79 þúsund eftir skatta.“

Um þá 387 sem engar tekjur hafa sagði Ágúst Þór að framfærsla þeirra væri með sama hætti og hinna sem væru án lífeyrissjóðs. Þeir lifðu á strípuðum bótum almannatrygginga.

„Um leið og ellilífeyrisþegar fara að vinna, þótt ekki sé nema í litlum mæli, skerðast bæturnar við fyrstu krónu sem lífeyrisþeginn vinnur sér inn,“ sagði Ágúst Þór. **-jss**

**FULLAR BÆTUR ALMANNATRYGGINGA**

| HJÓN | | EINHLEYPINGUR | |
|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir á mann | 21.993 | Ellilífeyrir | 21.993 |
| Tekjutrygging á mann | 43.113 | Tekjutrygging | 43.113 |
| Tekjutryggingarauki á mann | 17.065 | Tekjutryggingarauki | 21.258 |
| Heimilisuppbót | 0 | Heimilisuppbót | 18.080 |



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**KÓPAVOGSKAUPSTAÐUR ER 50 ÁRA Í DAG** Hér horfir Magni smiður yfir nýjustu hverfi Kópavogs en mikið verður um dýrðir þar í dag í tilefni 50 ára afmælis kaupstaðarins. Hröð uppbygging hefur verið þar undanfarin ár og nú er svo komið að Kópavogur nær því sem næst saman við Breiðholt og Vatnsenda í nýju Kórahverfi, þar sem myndin er tekin. Hátíðadagskrá verður í Salnum, tónlistarhúsi Kópavogs, með tónlist og ræðuhöldum, bæjarstjórn heldur hátíðafund og leikskólabörn ætla að syngja í Smáralindinni og sýna gestum og gangandi listaverk sem þau hafa unnið í tilefni afmælisins. Er þá fátt eitt nefnt úr hátíðadagskránni, sem varir út maí.

Könnun Fréttablaðsins:

## Sjálfstæðisflokkur stærstur

**SKOÐANAKÖNNUN** Sjálfstæðisflokkurinn hefur mest fylgi samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins, eða 36,2 prósent. Samfylkingin fær næstmest fylgi, 34 af hundraði. Vinstri grænir fengu stuðning 14,1 prósenta þeirra sem tóku afstöðu, Framsóknarflokkurinn er með 9,9 prósenta fylgi og 4,7 prósent segjast styðja Frjálslynda flokkinn.

Samkvæmt þessu fengju stjórnarflokkarnir ekki nægjanlegan fjölda þingmanna til að halda meirihluta á þingi, yrði kosið til Alþingis nú. Sjálfstæðisflokkurinn myndi fá 23 þingmenn og Framsóknarflokkurinn sex. Það gerir einungis 29 þingmenn núverandi stjórnarflokka, sem dugar ekki til að ná meirihluta á þingi.

Samkvæmt könnnuninni myndi Framsóknarflokkur tapa mestu, miðað við núverandi stöðu, sex þingmönnum. **- ss / sjá síðu 4**

Ólöglegum aðferðum beitt til að verja æðarvarp:

## Skotið á erni með loftdælu

**FUGLAVERND** Ólöglegum aðferðum var beitt til að verja æðarvarp á norðanverðum Breiðafirði þegar skotið var á haferni með loftdælu. Upp komst um málið í eftirlitsflugi Náttúrufræðistofnunar, sem hefur eftirlit með arnarsetrum á varptíma. Urðu menn þá varir við gaskút og loftdælu við arnarhreiður í hólmanum en slíkum búnaði er víða beitt til að fæla fugla frá ökrum, flugvöllum og öðru slíku.

Um erni gilda ströng verndarákvæði enda ekki mörg arnarpör á Íslandi þó þeim hafi fjölgað umtalsvert síðan kerfisbundið eftirlit hófst með þeim fyrir um fjörutíu árum síðan. Stranglega er bannað að skjóta á þá með þeim búnaði sem fannst í hólmanum í norðanverðum Breiðafirði.

Málið var kært til sýslumannsins á Patreksfirði, sem hafði hendur í hári eiganda búnaðarins. Telst málið upplýst og fer nú fyrir dómstóla.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson dýravistfræðingur, sem hefur umsjón með arnareftirlitinu, sagði búnaðinn ekki lífshættulegan fuglunum en geta engu að síður raskað atferli þeirra. Örn sem verpt hafi í hreiður í nágrenninu hafi ekki látið sjá sig þar meira í vor og því misst úr varp þetta árið.

Einungis um 60 arnarpör verpa hér við land ár hvert og því alvarlegt ef par missir úr varp, sérstaklega ef það er af manna völdum. **- oá**







## SPURNING DAGSINS

*Skúli, var þetta ekki óttalegt píp?*

„Verra þó ef háleit markmið stjórnvalda um notkun á umhverfisvænum orkugjöfum reynast tómt píp."

Skúli H. Skúlason er formaður ferðaklúbbsins 4x4. Félagar í klúbbnum voru meðal þeirra sem þeyttu bílhorn sín fyrir utan Alþingi til að mótmæla verði á dísilolíu.

Eystrasaltslönd:

# Pútín hafnar iðrun

**RÚSSLAND, AP** Vladimír Pútín Rússlandsforseti sagði í gær að engar líkur væru á því að rússnesk stjórnvöld myndu senda frá sér nýja yfirlýsingu um iðrun vegna leynisamnings Hitlers og Stalíns frá árinu 1939, sem leiddi til innlimunar Eystrasaltslandanna í Sovétríkin. Vísaði hann til samþykktar Sovétþingsins frá árinu 1989, þar sem segir að leynisamningurinn við Hitler hafi verið „persónuleg ákvörðun Stalíns" og í mótsögn við það sem Sovétríkin stóðu fyrir. Engar frekari ályktanir yrðu gerðar um þetta atriði.

Pútín sagði jafnframt að stjórnvöld í Moskvu væru reiðubúin að undirrita landamærasamninga við Eistland og Lettland en forsenda fyrir því væri að ráðamenn í þessum löndum „þroskuðust" og þeir yrðu að læra að setja ekki „heimskuleg" skilyrði fyrir slíkum samningum.

Þessi hörðu orð Rússlandsforseta endurspegla spennuna sem ríkir nú í samskiptum landanna. Forseti Lettlands var eini leiðtogi Eystrasaltslandanna þriggja sem þáði boð Pútíns um að vera viðstaddur hátíðahöldin í Moskvu í tilefni af 60 ára stríðslokaafmælinu á mánudag. Forsetar Eistlands og Litháens sátu heima í mótmælaskyni við þá fullyrðingu Pútíns að Rauði herinn hafi „frelsað" lönd þeirra. ■

MYND/AP



**LEIÐTOGAR EYSTRASALTSÞJÓÐA „ÞROSKIST"** Vladimír Pútín Rússlandsforseti á blaðamannafundi í Moskvu í gær. Hann vandaði þar ráðamönnum Eistlands og Lettlands ekki kveðjurnar.

Samskip styrkja HÍ:

# Kvikmyndafræðanám

**HÁSKÓLINN** Samskip og Háskóli Íslands hafa undirritað samstarfssamning um fjármögnun á nýju námi í kvikmyndafræðum við Hugvísindadeild Háskóla Íslands.

Kennsla á að hefjast í haust í sem aukagrein til 30 eininga og ætla Samskip á næsta ári að styrkja háskólann með 3,6 milljóna króna framlagi, sem nemur launakostnaði fyrir einn kennara í greininni.

Nokkur námskeið um kvikmyndir hafa verið kennd við skólann undanfarin ár og er hægt að byggja á þeim að nokkru leyti. **- oá**



**LITIÐ TIL FORTÍÐAR** Horst Köhler, forseti Þýskalands, skoðar nýja minnismerkið eftir vígslu þess í gær.

Helförin gegn gyðingum:

# Minnismerki vígt í Berlín

**ÞÝSKALAND, AP** Nýtt minnismerki um helför nasista gegn gyðingum var vígt í Berlín í gær. Tilkoma þessa risastóra minnismerkis, sem er samsett úr yfir 2.700 mistórum steypublokkum, hefur átt sér langan aðdraganda en það var nú loks opnað almenningi við hátíðlega athöfn.

Tilgangurinn með minnismerkinu er að Þjóðverjar minnist með varanlegum og táknrænum hætti – á besta stað í þýsku höfuðborginni, steinsnar frá þinghúsinu og Brandenborgarhliðinu – þessa mesta glæps í sögu þjóðarinnar, útrýmingarherferðarinnar gegn gyðingum í síðari heimsstyrjöld sem varð allt að sex milljónum evrópskra gyðinga að aldurtila. ■

## ÚTVARPSRÁÐ

**ÁGÚST FÉKK FLEST ATKVÆÐI**
Ágúst Ólafsson, fyrrum fréttamaður og núverandi starfsmaður Athygli, fékk þrjú atkvæði á fundi Útvarpsráðs í gær í stöðu forstöðumanns RÚV á Austurlandi. Edda Óttarsdóttir fékk eitt atkvæði. Fulltrúar Samfylkingar sátu hjá. Markús Örn Antonsson er erlendis, en búist er við að hann muni skipa Ágúst í stöðuna þegar hann snýr aftur heim.

# Meðlagsgreiðendur skulda 10 milljarða

**Þingmenn segja meðlagsgreiðendur lenda í vítahring skulda sem nauðsynlegt sé að rjúfa. Meira en helmingur tólf þúsund meðlagsgreiðenda eru í vanskilum, en þau miðast við skuld sem er hærri en 100 þúsund krónur.**

**BARNSMEÐLÖG** Foreldrar sem greiða meðlög með börnum sínum voru á þrettánda þúsund um síðustu áramót. Meira en helmingur þeirra var þá í vanskilum við Innheimtustofnun sveitarfélaga, liðlega 53 prósent. Þetta kom fram í svari Árna Magnússonar félagsmálaráðherra við fyrirspurn Helga Hjörvar og fleiri Samfylkingarþingmanna á alþingi í gær. Meira en fjögur þúsund foreldrar skulda meðlög með nærri níu þúsund börnum yngri en átján ára. Fram kom í máli ráðherra að mikill meirihluta meðlaga barna eldri en átján ára væri í vanskilum. Samtals nema vanskilaskuldir vegna barnsmeðlaga 10,3 milljörðum króna.

Umbætur voru gerðar á innheimtu barnsmeðlaga árið 1996 og leyfist þeim sem lenda í vanskilum að semja um lægri greiðslur. Um fjórir af hverjum tíu þeirra sem lenda í vanskilum nýta sér þennan möguleika til að grynnka á skuldum sínum.

Helgi Hjörvar fyrirspyrjandi sagði að skuldugir meðlagsgreiðendur væru í vítahring. Tekjur þeirra færu í skattskuldir og meðlög og þeir leiddust þar af leiðandi út í svarta vinnu.

Pétur Blöndal, Sjálfstæðisflokki, sagði að göt væru á velferðarkerfinu og tók dæmi af atvinnulausum föður sem greiddi meðlög með þremur börnum. Hann fengi fjögur þúsund krónur með hverju barni en borgaði um16 þúsund krónur í meðlag með hverju þeirra. Þannig færi helmingur 90 þúsund króna atvinnuleysisbóta í meðlög.

Katrín Júlíusdóttir fyrirspyrjandi kvaðst forviða á því að meira en helmingur meðlagsgreiðenda væri í vanskilum. Undir það tók Helgi Hjörvar. „Aðgerðir hafa ekki skilað meiru en svo að það er algengara en ekki að vera í vanskilum," sagði Helgi. Árni Magnússon félagsmálaráðherra kvað ekki ætlunina að ráðast í aðgerðir nú en benti á að 40 prósent þeirra sem í vanskilum væru nýttu sér möguleika til að grynnka á skuldum sínum. Úrræðin frá 1996 hefðu skilað árangri.

johannh@frettabladid.is



**MEÐLÖG ERU GREIDD MEÐ MEIRA EN TUTTUGU ÞÚSUND BÖRNUM** Um 53 prósent af tólf þúsund greiðendum eru í vanskilum með barnsmeðlögin.

Vinnuvikan í Evrópu:

# Vikan styst í Noregi

**NOREGUR** Norðmenn vinna manna minnst í Evrópu, samkvæmt nýrri vinnumarkaðskönnun Evrópusambandsins. Lettar vinna hins vegar mest allra. Íslendingar voru ekki með í könnuninni en væru í þriðja sæti miðað við tölu Hagstofunnar fyrir síðasta ár.

Norðmenn vinna að meðaltali 38,6 tíma á viku, en Lettar 43,3. Vinnuvika Breta, sem vinna næstmest, er að meðaltali 43,1 klukkustund en Íslendingar kæmu í þriðja sæti með 42 klukkustundir.

Meðaltal 25 Evrópusambandslanda er 40,2 klukkustundir. ■

Síbrotamaður dæmdur:

# Braust inn fyrir efnum

**DÓMSMÁL** Nítján ára síbrotamaður var í gær dæmdur í tólf mánaða skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness fyrir að hafa haft undir höndum rúm ellefu grömm af amfetamíni auk eilítils af tóbaksblönduðum kannabisefnum. Maðurinn braust einnig inn í bíla og íbúðir og hafði þaðan á brott með sér ýmis verðmæti.

Fyrir lá skilyrðislaus játning af hálfu ákærða auk vitnisburðar um að hann hafi nú leitað sér aðstoðar vegna fíkniefnavanda og sé kominn með vinnu. Í ljósi þessa þótti rétt að skilorðsbinda dóminn. **- oá**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**SINUBRUNI Í BYGGÐ** Eldur kom í gær upp í sinu á opnu svæði milli Byggðavegs og Klettastígs á Akureyri. Eldurinn kviknaði að sögn lögreglu þegar íbúi í nálægu húsi var að snyrta sinu í kringum kartöflugarð. Engin hús voru þó í hættu og greiðlega gekk að slökkva eldinn.


NISSAN
PATHFINDER XE
SKIPT_um landslag



Beinskiptur 3.990.000 kr.

• 2.5 L dísilvél
• 174 hestöfl
• Tvöföld loftkæling
• 5 sæta
• Fjarstýrðar samlæsingar
• Geislaspilari og útvarp
• ABS + EBD
• 4 loftpúðar
• ISOFIX barnabílstólafestingar
• 17 tommu álfelgur
• ESP skriðvörn
• Gardínuloftpúðar

Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Mynd af bíl er Pathfinder SE

Fíton/SÍA


Íslendingar skulda allt að þrefalda þjóðarframleiðslu sína:

# Skuldum vafin þjóð

**ELDHÚSDAGSUMRÆÐUR** Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, sagði í eldhúsdagsumræðum á Alþingi í gærkvöldi að viðskiptahalli þjóðarinnar næmi nú um tíu prósentum af þjóðartekjum. Slíkt gæti ekki gengið til eilífðarnóns. Skuldir hefðu vaxið verulega og næmu nú tvöfaldri til þrefaldri vergri þjóðarframleiðslu.

Ögmundur gagnrýndi áform stjórnvalda um að sækjast eftir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Kostnaðurinn næmi 600 til 1.000 milljónum króna. Hann lagði til að þeim fjármunum yrði varið til rannsókna á hafsbotninum í alþjóðlegu samhengi.

Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, gagnrýndi stjórnarflokkana fyrir tilraunir til þess að handstýra frelsinu og vaxandi valdbeitingu sem miðaði að því að herða helmingatök stjórnarflokkana.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra gerði meðal annars vöxt fyrirtækja að umtalsefni. Við yrðum sjálf að búa svo um hnútana að íslensku stórfyrirtækin sæju sér áfram hag í að starfa hér á landi.

Fjöldi frumvarpa verður afgreiddur á Alþingi í dag, þeirra á meðal frumvarp um samkeppnismál. Þinghaldi vetrarins lýkur í dag.

**- jh**



**ÖGMUNDUR JÓNASSON, ÞINGMAÐUR VG** Telur heppilegt að verja 600 milljónum í rannsóknir á hafsbotni frekar en að kosta setu í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

## Aðeins 4,4% vextir

# VERÐ-SPRENGJA Á JEPPA-DÖGUM!

L200 GLS 38"
Árg. 2003, ekinn 40 þ. km,
2,5 l dísil, beinsk.
Verð áður: 3.290.000
Verð nú: 2.890.000





Pajero GLS 3500
Árg. 2001, ekinn 57 þ. km,
3,5 l sjálfsk.
Verð áður: 3.540.000
Verð nú: 3.250.000



Pajero GLS 3500 35"
Árg. 2001, ekinn 74 þ. km,
3,5 l, sjálfsk.
Verð áður: 3.790.000
Verð nú: 3.490.000



Nissan Terrano II
Árg. 2003, ekinn 52 þ. km,
2 l dísil, sjálfsk.
Verð áður: 3.250.000
Verð nú: 2.890.000



KIA Sportage
Árg. 2000, ekinn 49 þ. km,
2 l, beinsk.
Verð áður: 990.000 kr.
Verð nú: 820.000 kr.



Pajero GLS 3500
Árg. 2001, ekinn 89 þ. km,
3,5 l, sjálfsk.
Verð áður: 3.540.000
Verð nú: 3.250.000

HEKLA®

Laugavegi 174
Sími 590 5040
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

Nú er tækifærið til að fá sér jeppa fyrir sumarævintýrin. Á jeppadögum Bílaþings býðst þér fjölbreytt úrval jeppa og fjórhjóladrifsbíla á stórlækkuðu verði. Sölumenn okkar eru í samningastuði og bjóða bílasamninga með aðeins 4,4% vöxtum.

**Gerðu frábær kaup í góðum jeppa fyrir sumarið.**

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 10.05.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,53 | 64,83 |
| Sterlingspund | GBP | 121,38 | 121,98 |
| Evra | EUR | 82,86 | 83,32 |
| Dönsk króna | DKK | 11,13 | 11,20 |
| Norsk króna | NOK | 10,23 | 10,29 |
| Sænsk króna | SEK | 9,00 | 9,05 |
| Japanskt jen | JPY | 0,61 | 0,61 |
| SDR | XDR | 97,24 | 97,82 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**114,59 +0,15%**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samstarfssamningur endurnýjaður:

# Tengslin bætt milli Rússlands og ESB

**RÚSSLAND, AP** Ekki náðist samkomulag um að Evrópusambandið slakaði á reglum um vegabréfsáritanir fyrir rússneska ríkisborgara á leiðtogafundi Rússlands og ESB í Moskvu í gær. En endurnýjuðum samstarfs- og viðskiptasamningi Rússa og sambandsins var þó fagnað sem stórum áfanga að bættum tengslum. Þessi tengsl gengu undir mikla prófraun er fyrrverandi austantjaldslönd gengu í sambandið í fyrra.



**HORFT FRAM Á VIÐ** Vladimír Pútín Rússlandsforseti og Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, eftir viðræðurnar í Moskvu í gær.

Samstarfssamningurinn snýr aðallega að efnahags- og viðskiptamálum. Hann endurspeglar annars vegar mikla eftirspurn Evrópusambandslandanna eftir ódýrum orkugjöfum í formi jarðgass og olíu frá Rússlandi, og fjárfestingarþörf Rússa hins vegar.

„Markmið okkar er að skapa sameiginlegt evrópskt efnahagssvæði í þágu allra borgara í löndum okkar. Sameiginleg gildi og sameiginlegir hagsmunir eru kjarninn í tengslum okkar," sagði Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, á blaðamannafundi með Vladimír Pútín Rússlandsforseta. ■

Dvalarheimilið Höfði:

# Óskað eftir rökstuðningi

**AKRANES** Brynja Þorbjörnsdóttir, fyrrverandi útibússtjóri, hefur óskað skriflega eftir rökstuðningi stjórnar fyrir ráðningu Guðjóns Guðmundssonar í starf framkvæmdastjóra Dvalarheimilisins Höfða með tilliti til stjórnsýslu- og jafnréttislaga. „Ég er búin að leita mér ráða og kynna mér mína stöðu. Þetta er í samræmi við það sem mér var ráðlagt," segir Brynja. Stjórn Höfða hefur tvær vikur til að svara.

Fundargerð stjórnar Höfða var lögð fyrir bæjarstjórn Akraness í gær án athugasemda bæjarfulltrúa.

- ghs

Sjálfstæðisflokkurinn:

# Viðunandi

**SKOÐANAKÖNNUN** „Þessi niðurstaða er ekki langt frá því sem við höfum verið að sjá í skoðanakönnunum Gallup en þó heldur slakari. Auðvitað hefðum við kosið að standa betur að vígi en erum þó að bæta við okkur fylgi miðað við síðustu kosningar. Athyglisvert er að miðað við þá miklu fjölmiðlaumfjöllun sem Samfylkingin hefur fengið vegna formannskjörsins er það ekki að skila flokknum umtalsverðum breytingum frá síðustu kosningum. Miðað við þessar aðstæður getur Sjálfstæðisflokkurinn vel við unað," sagði Einar K. Guðfinnsson, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins.

-oá



**EINAR K. GUÐFINNSSON**

Samfylkingin:

# Flokkurinn ekki skaðast

**SKOÐANAKÖNNUN** „Ég er náttúrlega mjög ánægð með þessa stöðu og þetta er í samræmi við það sem ég finn bæði hér á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni," sagði Margrét Frímannsdóttir, þingflokksformaður Samfylkinarinnar. Aðspurð um það hvort hún hefði ekki búist við betri niðurstöðum vegna mikillar umfjöllunnar um Samfylkinguna undnafarið sagði Margrét: „Vafalaust eru einhverjir sem bíða eftir því að þessu kjöri ljúki enda hefur aðdragandi þess verið langur. Niðurstöður könnunarinnar sýna að það hefur ekki skaðað flokkinn á nokkurn hátt og ég hef trú á því að það eigi eftir að styrkja hann."

-oá



**MARGRÉT FRÍMANNSDÓTTIR**

# Ríkisstjórnin héldi ekki meirihlutanum

**Samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins myndu ríkisstjórnarflokkarnir fá 29 þingmenn af 63 ef boðað yrði til kosninga nú. Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur bæta aðeins við sig frá síðustu könnun.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Sjálfstæðisflokkurinn hefur mest fylgi samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 36,2 prósent af þeim sem gáfu upp hvað þeir myndu kjósa sögðust myndu kjósa þann flokk. Samkvæmt því myndi flokkurinn fá 23 þingmenn, einum fleiri en þeir hafa nú. Ef úrslit kosninga færu eins og könnunin myndu stjórnarflokkarnir þó ekki ná að halda meirihluta sínum, því einungis 9,9 prósent styðja Framsóknarflokkinn. Með slíkt fylgi fengi flokkurinn sex þingmenn, sem er helmingurinn af fjölda framsóknarþingmanna nú. Samanlagt fengju stjórnarflokkarnir því 29 þingmenn af 63. Framsóknarflokkurinn réttir þó aðeins hlut sinn frá síðustu könnun, þegar átta prósent sögðust myndu kjósa flokkinn, sem gerir fimm þingmenn.

Samfylkingin er samkvæmt könnuninni næststærsti flokkurinn, eftir að hafa mælst stærri en Sjálfstæðisflokkurinn í könnunum Fréttablaðsins síðan í nóvember á síðasta ári. 34 prósent sögðust myndu kjósa Samfylkinguna og fengi flokkurinn samkvæmt því 22 þingmenn. Þingmenn Samfylkingarinnar eru 20 nú. Vinstri grænir eru á svipuðu róli og í síðustu könnun Fréttablaðsins, hafa stuðning 14,1 prósents þeirra sem tóku afstöðu, sem gerir níu þingmenn. Frjálslyndir dala nokkuð frá síðustu könnun og segjast 4,7 prósent styðja þann flokk.

Hringt var í 800 manns 8. maí, sem skiptust jafnt milli kynja og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga nú? 53,3 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is



**HJÁLMAR ÁRNASON** Samkvæmt könnun Fréttblaðsins myndi Framsóknarflokkurinn tapa sex þingmönnum ef korið yrði nú.




**FJÖLDI ÞINGMANNA**
Í síðustu kosningum og samkvæmt könnun 8. maí 2005.

**FYLGI STJÓRNMÁLAFLOKKANNA**

Taflan sýnir þróun fylgis stjórnmálaflokkanna frá kosningum 2003 til dagsins í dag samkvæmt könnunum Fréttablaðsins.




Framsóknarflokkurinn:

# Framsóknarhógværðin

**SKOÐANAKÖNNUN** Hjálmar Árnason segist ekki lítast vel á niðurstöður könnunarinnar og lítur þær alvarlegum augum. Þó gildi enn gamla framsóknarhógværðin enda hafi dæmi sannað að þótt flokkurinn komi oft illa út úr skoðanakönnunum nái gamla Framsókn yfirleitt vopnum sínum og komi vel út úr kosningum. Hann segir hart hafa verið sótt að flokknum og forystusveit hans, jafnvel á óvæginn hátt, og geti það að hluta skýrt niðurstöðurnar.

- oá

Vinstri grænir:

# Fallin stjórn

**SKOÐANAKÖNNUN** „Þetta er nokkuð í samræmi við kannanir að undanförnu. Stjórnarandstaðan er í meirihluta og stjórnin væri fallin ef þetta væru úrslit í alþingiskosningum. Það sem máli skiptir er það sem gerist í næstu kosningum, því það er orðið mjög brýnt að lofta út í Stjórnarráðinu," sagði Ögmundur Jónasson, formaður þingflokks Vinstri grænna.

- oá

Frjálslyndi flokkurinn:

# Stór óvissupottur

**SKOÐANAKÖNNUN** „Mér sýnist að við höldum okkar fylgi. Það sem vekur athygli mína er það hve margir kjósendur virðast hvergi eiga heima. Í landi þar sem kosningaþátttaka er upp undir 90 prósent segir það manni það að margir eru óvissir um það hvort þeir mundu gera í kosningum. Við höldum okkar kjarnafylgi og vitum að í kosningabaráttu myndum við fiska nokkur aukaprósent úr óvissupottinum," segir Magnús Þór Hafsteinsson, þingflokksformaður Frjálslyndra.

-oá






## VEÐRIÐ Í DAG

**KRAFTLÍTIÐ VEÐUR**
Það er enginn kraftur í veðrinu þennan daginn. Víðast skýjað með köflum, hitinn svona sæmilegur og svo er þetta hálf vindlaust. Einna bjartast verður þó líklega austast á landinu, að minnsta kosti fram eftir degi. Síðdegis á morgun koma inn yfir landið ágæt hlýindi. Þá er ég að tala um tveggja stafa hitatölur að deginum. Þessi hlýindi haldast eitthvað inn á helgina.

**SÓLBAÐSVEÐUR?**
Helst austan til en hitastigið er fullägt. En Madríd og London lofa mjög góðu!!



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Um hádegi




### Á morgun




Hæglætisveður. Hætt við lítilsháttar vætu vestast.

### Föstudagur




Víðast nokkur vindur. Milt í veðri.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 13°C skýjað-skúr | París | 16°C skýjað | Alicante | 26°C hálfskýjað |
| Osló | 16°C skýjað | Berlín | 12°C þrumur | Milano | 16°C skýjað |
| Stokkhólmur | 12°C léttskýjað | Amsterdam | 10°C skýjað | New York | 24°C skúrir |
| Helsinki | 8°C skúrir | Madrid | 25°C léttskýjað | San Francisco | 20°C léttskýjað |
| London | 16°C léttskýjað | Barcelona | 20°C léttskýjað | Orlando/Florida | 31°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.


„Ef ég væri ríkur“
Ekki er öllum gefið að eignast mikinn auð á skömmum tíma. Hins vegar geta allir lagt pening í viðbótarlífeyrissparnað Allianz. Þannig er hægt að skapa sér digran sjóð til þess að hafa í bakhöndinni á efri árunum. Það er aðeins einn lífeyrissjóður á Íslandi með tryggða lágmarksávöxtun – það er Allianz.
Skaftahlíð 24 | Sími 595 3300 | allianz@allianz.is | www.allianz.is
VIÐBÓTARSPARNAÐUR
Allianz
– stendur með þér



## KJÖRKASSINN

*Ætlar þú að gerast áskrifandi að enska boltanum á nýrri sjónvarpsstöð?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 14% |
| Nei | 86% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hafa þingmenn staðið sig vel á liðnum vetri?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Vísir

Innflutningur á amerískum bílum:

# Losað um stífluna með aukaskipi

**EIMSKIP** Eimskip hefur kallað inn leiguskipið MS Rebekku til að losa um stíflu sem hefur myndast í innflutningi á amerískum bílum. Skipið hefur farið eina ferð með bíla frá Bandaríkjunum og svo hafa bílar verið sendir með öðrum félögum til Evrópu. Forsvarsmenn Eimskipa telja sig þar með hafa losað um stífluna.

Í febrúar og mars var biðtíminn eftir bílum til landsins sex til átta vikur en nú fá kaupendur amerískra bíla í flestum tilfellum bílana til landsins innan mánaðar. „Við önnum þessu þokkalega núna. Við höfum verið að skoða ástandið og niðurstaðan hefur verið sú að bæta eigi ekki við öðru aukaskipi. Við erum að reyna að láta þessar ráðstafanir duga," segir Höskuldur H. Ólafsson, aðstoðarforstjóri Eimskipa.

Eimskip og Atlantsskip flytja inn ameríska bíla með áætlunarsiglingum sínum, þar af sinnir Eimskip meirihlutanum en félagið hefur flutt um 120-130 bíla til landsins á viku upp á síðkastið. Búist er við að innflutningurinn dali á næstunni vegna hækkandi gengis og sumarlokana í verksmiðjum. **- ghs**



**BÍÐA EIGANDA SÍNS** Innflutningur amerískra bíla hefur verið svo mikill að Eimskip þurfti að kalla inn aukaskip til að anna flutningnum.

Dæmdur fyrir líkamsárás:

# Braust inn og barði konu

**DÓMSMÁL** Ríflega fertugur maður var í gær dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness fyrir að brjótast síðastliðið sumar inn til fyrrverandi sambýliskonu sinnar og lemja hana í andlitið. Maðurinn var þegar á skilorði og varð það til að þyngja dóminn.

Maðurinn játaði brot sitt refjalaust og sagðist iðrast gjörða sinna og því þótti unnt að skilorðsbinda dóminn til þriggja ára. Eins var manninum gert að greiða konunni miskabætur vegna áverka sem hún hlaut við árásina. **- oá**

Ferðalangur bíður dóms:

# Tekinn með nammi

**TOLLUR** Ferðalangur sem kom með Norrænu til Seyðisfjarðar bíður nú dóms eftir að hann kom til landsins með 30 kíló af sælgæti sem hann keypti um borð. Aðeins er leyfilegt að hafa með sér þrjú kíló. Maðurinn bauðst til að borga toll af sælgætinu en það stóð ekki til boða heldur var fengurinn gerður upptækur og manninum rétt 7.500 króna sekt í staðinn. Undi hann því ekki og dró einnig í efa að rétt væri vigtað. Hann bíður þess því að dómur verði kveðinn upp í málinu fyrir Héraðsdómi Austurlands 30. maí næstkomandi. **– jse**

Höfuðborgarsamtökin:

# Hafna nýrri flugstöð

**SAMGÖNGUMIÐSTÖÐ** Höfuðborgarsamtökin hafna áformum um samgöngumiðstöð í Vatnsmýri. Þau telja augljóst að framkvæmdin sé til þess fallin að festa flugstarfsemina þar í sessi.

Í bréfi sem samtökin sendu frá sér nýverið kemur fram að staðsetning nýrrar samgöngumiðstöðvar, sem að mati samtakanna er ekkert annað en ný flugstöð, falli ekki vel að almenningssamgöngum í borginni og sé enn framkvæmdin þar sem óþarflega miklum fjármunum sé varið í framkvæmd sem ekki sé í neinum tengslum við borgarumhverfið. **- mh**

## DANMÖRK

**FERÐAMENN FORÐAST KRISTJANÍU** Átök eiturlyfjasala og hertar aðgerðir lögreglu gegn Kristjaníu eftir morðárás í apríl hafa gert það að verkum að ferðamenn sniðganga nú fríríkið. Kristjanía hefur undanfarin ár verið mest sótti ferðamannastaður Danmerkur á eftir Tívolí, en nú veigrar fólk sér við að heimsækja hippanýlenduna frægu.

# Struku saman af Litla-Hrauni

**Íslenski öryggisvörðurinn í Írak sat inni á Litla-Hrauni fyrir nauðgun og auðgunarbrot. Hann reyndi að strjúka þaðan með núverandi yfirmanni sínum, Donald Feeney. Jón hefur fyrir löngu snúið við blaðinu, að sögn föður hans.**

**ÍRAK** Jón Ólafsson, öryggisvörður sem særðist í bílsprengingu í Írak á laugardaginn var, og yfirmaður hans Donald Feeney sátu saman á Litla-Hrauni árið 1993. Jón afplánaði þá dóm fyrir nauðgun og auðgunarbrot og átti þá að baki nokkra refsidóma fyrir ofbeldisbrot. Feeney fékk hins vegar tveggja ára dóm fyrir að reyna að smygla tveim ungum systrum úr landi sem voru í umsjá móður sinnar en faðirinn fékk Feeney til verksins. Þá tók fyrirtæki hans CTU Consulting að sér verk sem þessi en það er fyrirtækið sem Jón vinnur nú fyrir í Írak.

Í ágúst árið 1993 reyndu þeir svo að strjúka af Litla-Hrauni en voru handteknir á flugvellinum í Vestmannaeyjum, þaðan sem þeir ætluðu að fljúga til Færeyja. Morgunblaðið greindi ítarlega frá þessu á sínum tíma. Þar kemur fram að Jón, sem þá var 24 ára, komst úr klefa sínum með því að dirka upp lás, því næst opnaði hann fyrir Feeney og saman spenntu þeir upp lás með röri og komust þannig út. Líklegast er að þeir hafi farið til Reykjavíkur með leigubíl og þaðan fóru þeir með leiguflugvél frá Íslandsflugi til Vestmannaeyja. Höfðu þeir þá gengið frá áframhaldandi flugi til Færeyja. Fram kom að tvímenningarnir sögðu við starfsfólk Íslandsflugs að þeim lægi á að komast til Færeyja, þaðan sem togarinn þeirra væri að leggja úr höfn.

Að sögn Ólafs E. Magnússonar, föður Jóns, lenti sonurinn í vandræðum vegna drykkju og komst þess vegna í kast við lögin. Hann hafi hins vegar fyrir löngu afplánað sinn dóm og snúið frá villu síns vegar.

Ólafur segist ekki vita til þess að Jón og Feeney hafi verið miklir vinir. Jón hafi séð um öryggisgæslu á stóru hóteli í Manila á Filippseyjum í nokkur ár fyrir fyrirtæki Feeneys en þeir séu ekki í persónulegum tengslum í dag svo hann viti til. **– jse**





FRÉTTABLAÐIÐ/BRYNJAR GAUTI SVEINSSON

**JÓN ÓLAFSSON OG DONALD M. FEENEY** Jón lenti í sprengjutilræði á laugardaginn var í Bagdad þar sem hann vinnur fyrir fyrirtæki Feeneys. Saman struku þeir af Litla-Hrauni fyrir tólf árum.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**ABU FARAJ AL-LIBBI**

Handtaka Faraj al-Libby:

# Ekki hátt settur

**HANDTAKA** Vera má að Abu Faraj al-Libbi sem handtekinn var í síðustu viku í Pakistan sé ekki eins hátt settur innan al-Kaída eins og stjórnvöld halda fram.

Í grein á vefútgáfu The Times er því haldið fram að al-Libbi hafi fram að þessu verið aðeins þekktur fyrir tilræði við Pervez Musharraf, forseta Pakistans. Hins vegar er Anas al-Liby, sem eins og al-Libbi er frá Líbíu, eftirlýstur fyrir sprengjuárásir á bandarísku sendiráðin í Keníu og Tansaníu árið 1998 sem jafnan eru talin verk al-Kaída.

Greinarhöfundar segja að Bandaríkjastjórn hafi viljandi ruglað þeim saman til sýna fram á árangur í „stríðinu gegn hryðjuverkum". **- shg**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**EIGENDALAUS HROSS** Sautján hrossa, sem var bjargað af Skeiðavegi rétt austan við Selfoss, virðist ekki vera saknað mikið. Eigandi þeirra hefur ekki enn haft samband við lögregluna á Selfossi til þess að vitja þeirra. Þau eru nú í girðingu í landi Bitru í Hraungerðishreppi. Eigandinn er vinsamlegast beðinn um að gefa sig fram við lögregluna á Selfossi eða oddvitann í Hraungerðishreppi.


RÁÐGJAFAÞJÓNUSTA

Hef opnað ráðgjafaþjónustu á Laugavegi 43, 3. hæð.

Býð upp á almenna fjölskyldu- og hjónabandsráðgjöf.

Tímapantanir milli kl. 13 og 15 daglega í síma 843 0640 eða sendið tölvupóst á netfangið **kinchin@bellsouth.net** með ósk um viðtalstíma.



**Karen Kinchin MS LMFT**

AUGLÝSINGASÍMI

**550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ




Mál vegna Laxnessbóka Hannesar Hólmsteins:

# Málinu verði vísað frá dómi

**DÓMSMÁL** Hannes Hólmsteinn Gissurarson fer fram á að máli erfingja Halldórs Laxness gegn honum vegna brota á höfundarrétti verði vísað frá dómi.

Í greinargerð sem Hannes hefur sent frá sér segir að málinu beri að vísa frá dómi annars vegar sökum þess að málið sé vanreifað. Hins vegar sé réttum aðilum ekki stefnt þar sem útgefanda bókar Hannesar hafi ekki verið stefnt en atbeina hans þurfi til að brot á höfundarlögum verði fullframið.

Til vara krefst Hannes þess að hann verði sýknaður af tæknilegum ástæðum vegna þess að refsikrafa sé fyrnd, miskakrafa ranglega sett fram og skaðabóta krafist af röngum aðila.

Halldór Þorgeirsson, tengdasonur Halldórs Laxness, segir frávísunarkröfu Hannesar ekki koma á óvart, sú krafa komi upp í flestum dómsmálum á Íslandi. „En ég er persónulega þeirrar skoðunar að þetta mál hafi gengið of langt og maðurinn hefði átt að biðjast afsökunar og þá hefði málið verið dautt," segir Halldór. **- ssal**



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON** Gæsalappir koma við sögu í dómsmáli erfingja Laxness gegn Hannesi.

# MEIRI

## HRAÐI OG NIÐURHAL

## SAMA VERÐ.

SVONA GERUM VIÐ ÞAÐ HJÁ HIVE.

**Hive** Lite

Þráðlaust internet
4GB niðurhal
8Mb tenging

**3.990**
Á MÁNUÐI?*
*M.v. 12 mánaða samning.

Enn og aftur setur Hive ný viðmið með því að tvöfalda hraða og erlent niðurhal í Hive Lite án þess að hækka verðið.

Nú eru allar þjónustuleiðir Hive tilbúnar fyrir sjónvarp í gegnum ADSL. Kynntu þér nýjar þjónustuleiðir á hive.is eða í verslun okkar að Grensásvegi 16.

Hive.is  Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive



## VEISTU SVARIÐ?

**1** *Hvaða sveitarfélag launaði fólki fyrir að fjölga sér?*

**2** *Hvað heitir Íslendingurinn sem starfar við öryggisstörf í Írak og slasaðist í sprengingu á laugardag?*

**3** *Hvað heitir trillan sem sökk aðfaranótt sunnudags?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 34

Sameinuðu þjóðirnar:

# Vilja hindra vitnisburð

**BANDARÍKIN, AP** Bandarískur alríkisdómari samþykkti í gær kröfu lögmanna Sameinuðu þjóðanna um tímabundið bann við því að maður sem átti þátt í að rannsaka svonefnda olíu-fyrir-mat-áætlun samtakanna mætti leggja fram trúnaðargögn úr rannsókninni fyrir bandarískar þingnefndir.

Málið snýst um Robert Parton, fyrrverandi FBI-mann sem sat í rannsóknarnefnd á vegum SÞ sem vann að úttekt á áætluninni en hætti þátttöku í henni, að sögn vegna þess að hann taldi að aðrir nefndarmenn kusu að líta framhjá vísbendingum sem væru íþyngjandi fyrir Kofi Annan, framkvæmdastjóra SÞ. Lögmenn SÞ vildu hindra að Parton yrði heimilað að afhenda rannsóknarnefndum fulltrúadeildar Bandaríkjaþings trúnaðarskjöl sem hann tók með sér þegar hann hætti þátttöku í rannsókninni.

Sonur Kofi Annans, Kojo, var viðriðinn stjórn áætlunarinnar fyrir hönd SÞ en hann vann jafnframt fyrir svissneskt fyrirtæki sem fékk úthlutað stóru verkefni í tengslum við hana.

Í formlegri niðurstöðu rannsóknarnefndarinnar er Annan eldri ekki sakaður um alvarlega yfirsjón þótt hann hafi verið gagnrýndur fyrir að taka ekki fyrr í taumana en raunin varð, eftir að vísbendingar komu fram um misbresti í stjórnun áætlunarinnar. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/ AP



**KOFI ANNAN** Deilan snýst um trúnaðargögn úr rannsókn á framkvæmd olíu-fyrir-mat-áætlun SÞ í Írak, en hún var á ábyrgðarsviði framkvæmdastjóra samtakanna.




KOKOS-SISAL TEPPI
Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²
Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.simnet.is/strond
STRÖND EHF.



REIÐSKÓLINN ÞYRILL
Skráning er hafin í sumarnámskeiðin
Öll börn fædd ´99 og fyrr velkomin



Skráning í síma
896-1248 & 588-7887




**TÍFLISBÚAR FAGNA BUSH** Íbúar höfuðborgar Georgíu fjölmenntu í gær til að bjóða George W. Bush Bandaríkjaforseta velkominn.

MYND/AP

# Bush var fagnað sem boðbera frelsis

**Georgíumenn fögnuðu George W. Bush sem boðbera frelsis og lýðræðis er hann heimsótti landið í gær, ráðamönnum í Moskvu til lítillar ánægju.**

**GEORGÍA, AP** Við fagnaðarlæti tugþúsunda heimamanna hvatti George W. Bush Bandaríkjaforseti í ræðu í Tíflis, höfuðborg fyrrverandi Sovétlýðveldisins Georgíu, í gær til útbreiðslu lýðræðis um öll þau lönd sem á dögum kalda stríðsins lutu stjórn kommúnista. Lýsti hann því yfir að kúgaðar þjóðir krefðust frelsis, og það skyldu þær fá.

Bush sagði að þróunin í Georgíu, þar sem hin friðsamlega „Rósabylting" árið 2003 hrinti af stað keðjuverkun stjórnbreytinga í lýðræðisátt í þessum heimshluta, væri lýðræðisumbótasinnum víða um heim hvatning til dáða.

„Frelsi mun verða framtíð hverrar þjóðar á jörðinni," lýsti Bush yfir.

Víst er að þessi orð forsetans munu vekja litla gleði meðal ráðamanna í Moskvu, en þeir hafa þegar kvartað yfir því að Bandaríkjamenn séu óumbeðnir að skipta sér af málum á áhrifasvæði Rússa. Kremlverjar höfðu þannig gert athugasemdir við að Bush skyldi koma við bæði í Georgíu og Lettlandi, öðru litlu grannlandi Rússlands sem áður tilheyrði Sovétríkjunum. Bush flaug til Tíflis beint frá Moskvu, þar sem hann var viðstaddur hátíðarhöld í tilefni af því að sextíu ár eru frá lokasigri bandamanna yfir herjum Hitlers.

Bush lýsti yfir fullum skilningi á því að Georgíustjórn skyldi ekki vilja fallast á að tvö héruð sem hafa sagt sig úr lögum við landið fengju sjálfstæði. Forsvarsmenn aðskilnaðarhreyfinganna í héruðunum tveimur eru í góðum tengslum við rússnesk stjórnvöld og njóta herverndar rússneskra „friðargæsluhermanna". „Fullveldi og landhelgi Georgíu verða allir að virða," sagði Bush.

Mikhaíl Saakasvilí, forseti Georgíu, sagði mannfjöldann sem fagnaði Bush á Frelsistorginu í Tíflis vera stærri en komið hefði saman nokkru sinni áður í sögu landsins. Ágiskanir um fjöldann voru á bilinu 100.000 til 300.000 en víst er að þetta var ein fjölmennasta samkoma sem Bush hefur ávarpað.

„Við bjóðum þig velkominn sem baráttumann fyrir frelsi," sagði Saakasvilí við Bush, en hann er fyrsti Bandaríkjaforsetinn sem heimsækir landið. ■


ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.
Talstöðin
FM 90,9



Kúba
16. nóvember
frá kr. 69.990
Havana - Varadero



Verð kr. 69.990
Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Netverð.
Frá kr. 84.990
Flug, skattar, gisting í tvíbýli á Hotel Occidental Miramar ****með morgunverði og fararstjórn. Netverð.
Heimsferðir bjóða vikuferð til Kúbu í beinu flugi 16. nóvember. Kúba er ævintýri sem lætur engan ósnortinn. Ekki aðeins kynnist maður stórkostlegri náttúrufegurð eyjunnar, heldur einnig þjóð sem er einstök í mörgu tilliti. Þú velur hvort þú ert allan tímann í Havana eða ert þar í 4 daga og síðan 3 daga í strandparadísinni Varadero. Glæsileg gisting í boði.
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is


Félagsstofnun stúdenta:

# Byggir stúdentagarða við Lindargötu

**STÚDENTAR** Félagsstofnun stúdenta og Mótás undirrituðu í gær samning um byggingu nýrra stúdentagarða í miðborg Reykjavíkur. Garðarnir, sem hafa hlotið nafnið Skuggagarðar, munu rísa við Lindargötu þar sem Ríkið var áður til húsa. Húsin verða þrjú með samtals 98 einstaklingsíbúðum.

Heildarkostnaður er áætlaður 800 milljónir króna, þar af lánar Íbúðalánasjóður 90 prósent. Afgangurinn er fjármagnaður með eigin fé Félagsstofnunar stúdenta.

Gert er ráð fyrir að fyrstu íbúðirnar verði teknar í notkun í ágúst á næsta ári og þær síðustu í ágúst 2007. Þá er verið að undirbúa í samráði við borgaryfirvöld frekari fjölgun stúdentaíbúða í miðbænum. Stefnt er að því að taka 200-300 nýjar stúdentaíbúðir í notkun í miðbænum á næstu þremur árum.

Um svipað leyti og byggingu Skuggagarða lýkur munu höfuðstöðvar Félagsstofnunar stúdenta, Bóksala stúdenta, Stúdentamiðlun og skrifstofa Stúdentagarða flytja í nýtt Háskólatorg.

Félagsstofnun á og rekur í dag stúdentagarða sem hýsa um 1.000 íbúa.

**- ghs**




**SAMIÐ UM STÚDENTAGARÐA** Félagsstofnun stúdenta hefur samið við Mótás um að byggja þrjú hús með 98 einstaklingsíbúðum fyrir stúdenta á lóðinni þar sem áður var Ríkið við Lindargötu. Skrifað var undir samninganna í gær.



Bílastæði við Flugstöð Leifs Eiríkssonar

## Auðveldara aðgengi, aukin þjónusta, einfalt að greiða

**10.05.2005**

Frá og með 10. maí 2005 verða öll bílastæði við Flugstöð Leifs Eiríkssonar gjaldskyld.

Flugstöðin leggur áherslu á gott framboð af bílastæðum fyrir alla sem þangað koma og býður nú stórbætt aðgengi í öruggu og þægilegu umhverfi, allan sólarhringinn.

Liður í þessari bættu þjónustu er fjölgun bílastæða ásamt uppsetningu gjaldmæla og eftirlitsmyndavéla á almennum stæðum.

Ítarlegar leiðbeiningar um greiðslufyrirkomulag er að finna við bílastæðin. Einfalt að greiða hvort sem er með greiðslukorti eða reiðufé.

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

SECURITAS







Geðlæknir á LSH:

# Farið eftir vinnureglum

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það var farið eftir öllum vinnureglum hér í öllu tilliti,“ sagði Halldóra Ólafsdóttir, yfirlæknir á bráðamóttöku geðdeildar Landspítala - háskólasjúkrahúss vegna máls mannsins sem tók tvo bíla ófrjálsri hendi eftir að hafa verið útskrifaður af geðdeild og stofnaði eigin lífi og annarra í hættu. Hann fór aftur á geðdeild eftir atburðinn.



**HALLDÓRA ÓLAFSDÓTTIR** Strangar reglur gilda til að halda sjúklingi á geðdeild gegn eigin vilja.

„Við höfum ákveðnar reglur um mat á því hvort sjúklingi sé haldið hér gegn vilja sínum og það eru mjög strangar reglur, sem eru í samræmi við landslög,“ sagði Halldóra. „En það eru margir þættir sem geta spilað inn í andlegt ástand fólks sem við getum ekki séð fyrir. Við reynum alltaf að meta hvort sjúklingur sé hættulegur sjálfum sér eða öðrum.“

- jss

Samræmt próf í íslensku:

# Ótímabær gagnrýni á ritgerðarefni

**ÍSLENSKUPRÓF** Sverrir Þórisson, starfsmaður Námsmatsstofnunar, telur gagnrýni á ritgerðarefnið á samræmda prófinu í íslensku ótímabæra. Niðurstaða samræmdu prófanna hljóti að vera hinn eini sanni prófsteinn á það hvort efnið sé óviðeigandi eða ekki. Einnig telur hann það undarlegt ef nemendur í 10. bekk eru ekki búnir að hugsa um styttingu námstíma til stúdentsprófs, þar sem mikill meirihluti nemenda ætli sér að fara í framhaldsskóla og hljóti því að hafa leitt hugann að efninu.

Hvað varðar gagnrýni Margrétar Matthíasdóttur, íslenskukennara í Hagaskóla, sem sagði ritgerðarefnið notað á efri stigum framhaldsskóla og þar með valmöguleika, gaf Sverrir lítið fyrir hana. Hann sagði kröfurnar sem gerðar væru í 10. bekk alls ekki þær sömu og á framhaldsskólastiginu. Þannig væri ósanngjarnt að bera saman þessi atriði, þar sem kröfurnar væru í raun aðalatriði. Að auki telur Sverrir það hollt fyrir krakka á þessum aldri að velta fyrir sér efni sem þessu, sem sé til þess fallið að virkja þá til gagnrýninnar hugsunar. Hún sé aldrei of mikið notuð í kennslu.

- mh



**SVERRIR ÞÓRISSON** Telur holt fyrir krakka að velta fyrir sér efni sem hvetur til gagnrýninnar hugsunar.

200 ára afmæli H.C. Andersens:

# Verstu timburmenn í sögu Danmerkur

**DANMÖRK** Hátíðarhöldin vegna 200 ára fæðingarafmælis H.C. Andersen í Kaupmannahöfn á dögunum, eru á góðri leið með að verða eitt mesta menningarhneyksli Danmerkur fyrr og síðar.

Kostnaðaráætlun þessa mikla ævintýris til að heiðra minningu sagnaskáldsins hljóðaði upp á um 100 milljónir íslenskra króna en nú segja danskir fjölmiðlar að reikningurinn verði um 350 milljónir.



**TINA TURNER** Fékk um 60 milljónir fyrir að syngja tvö lög í tilefni af 200 ára afmæli H.C. Andersen.

Mikil gagnrýni hefur komið fram á framkvæmd hátíðarinnar og sérstaklega það að Tina Turner var kölluð til á síðustu stundu til að syngja tvö lög og fékk fyrir það um 60 milljónir króna. Stjórnendur hátíðarhaldanna afsaka sig með því að ekki hafi tekist að selja sjónvarpsútsendingu frá hátíðinni til eins margra landa og vonast var til en herlegheitin voru að sjálfsögðu send beint út.

Íslendingar þurfa þó ekki að hafa samviskubit vegna tapsins því þeir borguðu sinn skerf fyrir útsendinguna en upphæðin liggur ekki fyrir þar sem þátturinn fékkst í gegnum Evrópusamband sjónvarpsstöðva. ■






# SVEFN & HEILSA FYRIR ÞÍNAR BESTU STUNDIR

**Veldu það besta!**

## SOFÐU VEL Í SUMAR




## EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM

- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING




Svefn & heilsa
★★★★★

*Verið velkomin*

**www.svefn.is**

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA:** HELGA BRAGA JÓNSDÓTTIR LEIKKONA

# Fer með skvísur í ferðalög

„Það er allt frábært að frétta," segir Helga Braga Jónsdóttir leikkona og grínisti, sem leikur meðal annars í aukasýningu á Vodkakúrnum í Austurbæ á föstudag. „Það er allra síðasti séns fyrir Íslendinga að sjá sýninguna."

Aðalstarfið hjá Helgu þessa dagana er þó að undirbúa kvennaferðir.is ásamt Eddu Björgvins, en þær stöllur eru í samstarfi við Icelandair. „Við förum með skvísur í ferðalög víða um heim á næstunni," segir Helga, en ferðirnar sem farnar verða í sumar bera allar heitið „Hlæjum saman". Tvær óvissuferðir verða farnar nú í júní og segir Helga konur þegar bíða titrandi eftir að fá að skrá sig. „Þetta verður skemmtun frá a til ö. Unnið er að því að láta konur hlæja eins mikið og mögulegt er," segir Helga en heimasíðan kvennaferdir.is verður opnuð á næstunni. Edda og Helga verða fararstjórar og aðalhláturpúkar. Í för með þeim verður „Eva skvísa, master of fashion", sem leiðir konurnar í heima tískunnar.

Í júlí verða þær Edda með fimm daga námskeið á Heilsustofnuninni í Hveragerði. „Þetta verður spa, dekur, hlæjum saman námskeið," segir Helga, sem ætlar bæði að ferðast með konum og ferðast sjálf í sumar. ■



## SVONA ERUM VIÐ



**ÍSLENDINGAR EIGA 89.376 HROSS.**
Heimild: Bændasamtök Íslands




Sumarið í uppsiglingu:

# Pöddurnar vakna af dvala

**HLÝINDI** Þegar hlýnar í veðri fara pöddurnar á stjá. Köngulær spinna vefi, mýflugur suða í eyrum og járnsmiðir tölta um blómabeð. En hvar var allur þessi fjöldi í vetur? Hvert fór hann og hvaðan kom hann? Erling Ólafsson, skordýrafræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands, segir ekkert eitt svar til við þessum spurningum. Á landinu séu um 2.000 tegundir af pöddum sem hver hafi sinn háttinn á. Reglan sé hins vegar sú að þær liggi í dvala sem egg, lirfa, púpa eða fullorðið dýr. Meira að segja innan köngulóa er allur hátturinn á, sumar eru meira að segja á ferðinni um hávetur. Langalgengast er þó að kvikindin liggi í dvala í jarðvegi úti við. Ekki þarf því að hafa áhyggjur af því að þau liggi í dvala inni í sófum eða stólum enda kuldi þeim nauðsynlegur.

Mikið er talað um hlýnandi veðurfar á jörðinni. Erling telur það hafa áhrif á skordýralíf á Íslandi. „Skordýr eru miklir tækifærissinnar og eru fljót að bregðast við þegar færi gefst," segir Erling, spurningin sé bara hvort þau nái að berast til landsins. „Við erum nú dugleg við að bera ýmislegt með varningi," segir Erling.

Alltaf eru einhver skordýr að bætast við fánuna sem fyrir er, segir Erling. Einnig finnast tegundir sem ekki var vitað um að væru á Íslandi en hafa verið þar lengi, enda segir Erling að ýmislegt nýtt komi í ljós eftir því sem meira er rannsakað.

**solveig@frettabladid.is**



**SKORDÝRASÉRFRÆÐINGUR** Erling Ólafsson segir allan háttinn á hvernig skordýrin verji vetrinum.








Ræðuhæfni þingmanna:

# Össur talinn bestur ræðumanna

Össur Skarphéðinsson var metinn besti ræðumaður þingmanna í eldhúsdagsumræðum í gærkveldi. Sigurjón Þórðarson, sem þótti slakasti ræðumaðurinn í fyrra, varð nú í öðru sæti.

Reyndir ræðumenn innan JCI-samtakanna fjölmenntu á þingpalla í gær og fylgdust með eldhúsdagsumræðum til að meta hæfni alþingismanna við ræðuhöld. Tilefnið var að velja besta ræðumanninn. „Við lítum til tækninnar, hvernig þeir koma frá sér efninu, við viljum fá örlítinn húmor og horfum á hvernig hann kemur fyrir í púltinu," segir Ingimundur K. Guðmundsson, formaður JCI.

Þetta er í annað sinn sem félagið tekur að sér að meta frammistöðu þingmanna í pontu. Í fyrra var Steingrímur J. Sigfússon valinn besti ræðumaðurinn en frammistaða Sigurjóns Þórðarsonar þótti sú slakasta. Í kjölfarið var honum boðið að sækja námskeið hjá JCI, sem hann og gerði í janúar, og Ingimundur er sannfærður um að það hafi borið árangur. „Við höfum fylgst mikið með honum í framhaldinu og ég hef séð framfarir. Ég átti ekki von á því að hann yrði aftur neðstur." ■



**SIGURJÓN ÞÓRÐARSON** Frammistaða Sigurjóns þótti sú slakasta í eldhúsdagsumræðunum í fyrra. Formaður JCI taldi ekki líklegt að hann yrði valinn aftur í ár.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Var valinn besti ræðumaðurinn í fyrra. Hann gat ekki varið titilinn, þar sem hann var ekki meðal ræðumanna í eldhúsdagsumræðum í gær.


Maítilboð
63% AFSLÁTTUR!
Ég er alltaf ódýrastur!
Pappírinn sem tækni-menn mæla með!
109,- kr.stk.
275,- krónur pakkinn!
DVD-R diskar
10 DVD-R diskar með hulstrum
ÓDÝRT
1.395,-
Verð áður 1.995,-
30% AFSLÁTTUR!
Áherslutúss
Office 1 áherslutúss
Gulur, grænn, blár og bleikur
Vörunúmer: 110991000000.....
ÓTRÚLEGT VERÐ!
15,-
ÓDÝRT
Reiknivél
• 12 stafa gluggi
• 2,6 línur á sek.
• Rautt og svart letur
• Mjög góð fyrir heimili og skrifstofur
Vörunúmer: 707PR671-EGI
3.000 AFSLÁTTUR!
6.990,-
Verð áður 9.990,-
30% AFSLÁTTUR!
15%
afsláttur af öllum dufthylkjum
15% AFSLÁTTUR!
15%
afsláttur af bleki frá HP, EPSON og CANON!
Allt fyrir skrifstofuna á frábæru verði og nammi í kaupbæti!
Nammi í kaupbæti!
Öllum pöntunum hjá fyrirtækja-þjónustu Office 1 að upphæð 10.000 eða meira fylgir sælgæti.
30 fyrstu sem versla fyrir meira en 2.000,- í Office 1 Skeifunni í dag fá bíómiða á Star Wars EP3!
BÍÓMIÐI
Afgreiðslutímar verslana!
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17
Office 1 Akureyri
Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 11-18,
laugardaga frá 11-14
Office 1 Superstore
Pantanir 550 4111
Fax 550 4101
www.office1.is
pontun@office1.is

**NÝR FORD F-350 4x4**



## Ný sending af Ford til afgreiðslu strax

# Tryggðu þér Ford

**Verðdæmi: Nýr Ford F-350 4x4 á frábæru verði**

| | 6 gíra | Sjálfskiptur |
|---|---|---|
| Ford F-350 SUPERCAB V8 XLT dísil 325 hö. | **3.551.000 kr.** | **3.719.000 kr.** |
| Ford F-350 SUPERCAB V8 Lariat dísil 325 hö. | **3.736.000 kr.** | **3.904.000 kr.** |
| Ford F-350 CREW CAB V8 XLT dísil 325 hö. | **3.736.000 kr.** | **3.904.000 kr.** |
| Ford F-350 CREW CAB V8 Lariat dísil 325 hö. | **3.960.000 kr.** | **4.128.000 kr.** |

Verð er háð breytingum á gengi USD.

► Dollarinn hefur hækkað en ekki verðið á Ford* - ekki ennþá! Nýttu þér tækifærið og fáðu þér Ford* á gamla genginu. Komdu núna í Brimborg. Ford jeppar og pallbílar eru þeir mest seldu í heimi. Upplifðu þennan heim þar sem afl, styrkur og glæsileiki einkennir úrvalið. Veldu gæði. Komdu í Brimborg. Skoðaðu úrval vinsælustu jeppa og pallbíla heims. Tryggðu þér Ford* á gamla genginu. Allt innifalið: bíllinn kominn á götuna með fullum tanki af eldsneyti, ryðvörn og fullri 3ja ára ábyrgð Brimborgar. Komdu núna. Veldu Ford í dag - annað vinsælasta bílamerkið á Íslandi.

## Skoðaðu úrvalið í bílaverslun Brimborgar.

**Ný sending af Ford á gamla genginu er til afgreiðslu strax.**



■ Ford Ranger XL Crew Cab 4x4
4 dyra 2,5 turbo dísil 5 gíra:
Kaupverð ..........2.390.000 kr.
Bílasamningur.........24.780 kr.



■ Ford Explorer Sport Trac XLT 4x4
4 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur:
Kaupverð ..........2.960.000 kr.
Bílasamningur.........30.950 kr.



■ Ford F-350 Lariat Crew Cab 4x4
4 dyra 6,0 turbó dísil V8 sjálfskiptur:
Kaupverð ..........4.128.000 kr.
Bílasamningur.........43.160 kr.

Aukabúnaður á myndum af F-Series er:
Toppljós, sóllúga og krómað gangbretti.



*Gildir aðeins um Ford framleidda í BNA. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er verð háð breytingum á gengi erlendra mynta. Lán er bílasamningur með 30% útborgun og mánaðarlegum

BRIMBORG / GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



# á gamla genginu*




*Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (74,1% aukning 2004) og er Ford nú annað vinsælasta bílamerkið á Íslandi...og sækir stöðugt á! Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

**TILKYNNING TIL NEYTENDA. VIÐVÖRUN VEGNA ÁBYRGÐAR!** Brimborg er eina viðurkennda sölu- og þjónustufyrirtæki Ford á Íslandi. Vegna innflutnings aðila á vörumerkinu Ford til Íslands, sem ekki eru viðurkenndir sölu- og þjónustuaðilar Ford, vill Brimborg – að gefnu tilefni – benda neytendum á að fyrirtækið ber einungis ábyrgð á þeim vörum sem fyrirtækið selur. Veldu Ford hjá Brimborg; rétta ábyrgð, lengri ábyrgð til 3ja ára, rétta þjónustu og lægra verð (!) en aðrir bjóða. Brimborg - öruggur staður til að vera á.



- Ford Escape XLS 4x4
5 dyra 2,3i sjálfskiptur:
Kaupverð ..........2.810.000 kr.
Bílasamningur.........29.380 kr.



- Ford Freestyle SEL 4x4
5 dyra 3,0 V6 sjálfskiptur:
Kaupverð .........3.960.000 kr.
Bílasamningur ........38.990 kr.



- Ford Explorer XLT Sport 4x4
5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur:
Kaupverð ..........4.190.000 kr.
Bílasamningur.........43.810 kr.



- Ford Expedition Eddie Bauer 4x4
5 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur:
Kaupverð ..........5.160.000 kr.
Bílasamningur.........53.950 kr.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

iðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Litir í auglýsingu þurfa ekki að vera eins og þeir litir sem hægt er að panta frá verksmiðju á hverjum tíma.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Í Kópavogi búa nú um 26 þúsund manns og þar er blómlegt atvinnu- og menningarlíf.

## Kópavogur 50 ára

Kópavogur, næststærsta bæjarfélag landsins, er 50 ára í dag. Þennan dag fyrir 50 árum fékk bærinn kaupstaðarréttindi, en þá voru íbúarnir upp undir fjögur þúsund talsins. Þeir eru nú um 26 þúsund. Saga Kópavogs teygir sig þó enn lengra aftur og segja má að bærinn sé á leið til upprunans nú þegar byggðin er komin að Elliðavatni, þar sem á Þingnesi neðan við hina nýju byggð er talið að hið forna Kjalarnesþing hafi verið haldið.

Það er gömul saga og ný að þeir sem ekki hafa fundið sér húsnæði við hæfi í höfuðborginni Reykjavík hafa sest að í Kópavogi. Þetta var einkum áberandi á fyrstu dögum kaupstaðarins og svo núna á síðustu árum, eftir að Kópavogsbær eignaðist Smárahvamms- og Fífuhvammslandið. Þá hófst hin gífurlega útþensla Kópavogs, sem nú teygir sig vestan frá sjó og upp að Elliðavatni.

Marbakkahjónin Finnbogi Rútur Valdimarsson og Hulda Jakobsdóttir komu mjög við sögu á fyrstu árum Kópavogskaupstaðar og settu svip sinn á vöxt og viðgang bæjarins. Finnbogi Rútur var fyrsti bæjarstjórinn í Kópavogi, en hafði áður verið oddviti þar. Þegar hann fór til annarra starfa tók Hulda við starfi bæjarstjóra og varð þar með fyrsta konan til að gegna því starfi hér á landi. Bærinn óx hratt á fyrstu árunum og það var erfitt fyrir bæjaryfirvöld að halda í við íbúafjölgunina hvað varðar gatnagerð og skólabyggingar, en þeir tímar eru löngu að baki.

Samvinna þeirra Sigurðar Geirdal bæjarstjóra, sem lést fyrir aldur fram í vetur, og Gunnars Birgissonar og flokka þeirra, Framsóknarfloks og Sjálfstæðisflokks, í bæjarstjórn Kópavogs hefur borið ríkulegan ávöxt og sú mikla fjölgun íbúa sem orðið hefur á höfuðborgarsvæðinu á undanförnum árum hefur hlutfallslega verið langmest í Kópavogi.

Nú þegar byggðin er komin að austurmörkum bæjarins þurfa bæjaryfirvöld að fara að huga að frekari landvinningum. Þegar er ljóst að stórverkefni blasir við í uppbyggingu Lundarhverfisins, sem sátt náðist um eftir miklar deilur bæjaryfirvalda og íbúa í nágrenninu. Það var gott dæmi um hvernig íbúar geta með samstilltu átaki haft áhrif á umhverfi sitt.

0Segja má að í Kópavogi séu tvö miðsvæði og helgast það af legu bæjarins. Annars vegar er Hamraborgin, og svokölluð Torfa með Kópavogskirkju sem einkennistákn, og hins vegar Smáralindin og svæðið þar í kring. Á Torfunni hafa Kópavogsbúar nú reist hverja menningarbygginguna af annarri og verið þar í fararbroddi á margan hátt, eins og með tónlistarhúsinu Salnum. Ekki verður minnst á hann án þess að nefna nafn Jónasar Ingimundarsonar. Það er ómetanlegt fyrir bæjarfélög að hafa innan sinna raða menn eins og hann, sem með dugnaði sínum og áhuga marka stefnuna í ákveðnum málum svo eftir er tekið. Þarna á Torfunni þrífst nú margvísleg menningarstarfsemi og er skemmst að minnast alþjóðlegrar glerlistasýningar, sem haldin var í tilefni af afmæli bæjarins og teygði sig um menningarhúsin á svæðinu. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Viðkvæmni?**

Ýmsir þungavigtarmenn voru fjarri góðu gamni í eldhúsdagsumræðum á Alþingi í gærkvöldi. Formenn stjórnarflokkana tóku ekki til máls. Ráðherrarnir Sturla Böðvarsson og Guðni Ágústsson héldu uppi merkjum fyrir þá og voru einu ráðherrarnir sem til máls tóku.
Framsóknarflokkurinn hefur þótt fara halloka í umræðunni og ímyndarsköpuninni í vetur og hafa margir dyggir framsóknarmenn kveinkað sér undan harðýðgi fjölmiðlanna. Stjórnarandstæðingar á Alþingi hafa blásið á þetta og sagt þá fulla sjálfsvorkunnar. Guðni Ágústsson, varaformaður Framsóknarflokksins, tók upp þennan þráð í eldhúsdagsumræðunum í gærkvöldi. Hann kvað Framsóknarflokkinn hafa legið undir árásum og gagnrýni í blaðaskrifum og í þinginu. „Við erum auðvitað mannleg og gerum okkar mistök. Nú finnst mér aðalvopn andstæðinganna vera undirferli, sögusagnir og hálfsannleikur. Búa til ljóta mynd af annars ágætu fólki. Hinn nýi stíll í pólítískri umræðu er sá að kasta fýlubombu í andlit andstæðingsins og sverta hann persónulega.“ Guðni sagði að þetta hefði gerst áður og nefndi árásir á Ólaf heitinn Jóhannesson forsætisráðherra fyrir 30 árum. Sagan segir okkur að þetta er ekki í fyrsta skipti sem eiturgufur leggur upp af fjölmiðlunum í stjórnmálaumræðunni. Engar siðareglur geta komið í veg fyrir það.



**Þetta með utanríkisþjónustuna**

Sigurjón Þórðarson, Frjálslynda flokknum, sté í pontu í eldhúsdagsumræðunum í gærkvöldi. Hann kvaðst hafa gert ítrekaðar tilraunir til þess að spyrjast fyrir um fjölda sendiherra í utanríkisþjónustunni allar götur frá árinu 1995 en ekki fengið að taka slíka fyrirspurn á dagskrá. Kannski var það vegna þess að upphaflega vildi hann spyrja um flokksgæðinga og vildi vita hverjir hefðu fengið vinnu eftir framgangskerfi utanríkisþjónustunnar og hverjir hefðu bara gengið viðstöðulaust inn í stöðurnar.

**johannh@frettabladid.is**

# Að muna og gleyma

Woody Allen sagði í bíómynd að þegar hann hlustaði á Wagner fengi hann löngun til að gera innrás í Pólland. Sjálfur er ég í hópi þeirra manna sem vill heldur hafa vasaklút en landakort af Póllandi innan seilingar þegar ég hlusta á verk Wagners. Eitt þeirra var flutt í þýsku ríkisóperunni núna á sunnudaginn. Sætið sem ég fékk var eiginlega of gott því að sú hugsun varð áleitin að fyrir ótrúlega stuttu síðan sátu leiðtogar þriðja ríkisins á þessum sama stað, í þessu sama húsi og hlustuðu á þessa sömu tónlist. Margir neita sér enn um að hlusta á þessa himnesku tónlist vegna þess að mennirnir sem hófu mestu styrjöld allra tíma sóttu í hana innblástur.

Skelfileg saga er ekki aðeins óþægilega nálæg í tíma á þessum stað, heldur líka í rúmi. Ég lenti í vandræðum með að komast í óperuna því leiðin var lokuð frá Reichstag þar sem síðasti bardagi stríðsins í Evrópu var háður, suður með Brandenborgarhliðinu og meðfram hinu nýja risastóra minnismerki um helför gyðinga sem með sínum þúsundum stílfærðra legsteina þekur svæði á stærð við tvo fótboltavelli í hjarta Berlínar. Menn voru að minnast þess að þennan dag voru sextíu ár liðin frá falli Berlínar og sigri bandamanna í heimsstyrjöldinni. Ég ók því aðra leið og framhjá staðnum þar sem Hitler hafðist við í byrgi sínu þar til svæði aðeins litlu stærra en nýja minnismerkið um helförina var það eina sem eftir var af þriðja ríkinu, mesta heimsveldi sem orðið hefur til á meginlandi Evrópu. Leiðin lá líka framhjá minnismerki um fólk sem var drepið fyrir að reyna að flýja yfir Berlínarmúrinn fyrir aðeins fáum árum og að torginu þar sem Göbbels stjórnaði bókabrennum nasista. Aftur var leið lokuð því hundruð lögreglumanna biðu átekta vegna göngu nýnasista. Enginn óttaðist fáliðaða nýnasista, heldur óttuðust menn að venjulegt fólk færi að berja á þessum ógæfusömu, atvinnulausu og illa menntuðu ungmennum sem í angist sinni og niðurlægingu dýrka mannvonsku nasismans.



Í DAG
HEIMSSTYRJÖLDIN

JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

*Það eru yfirburðir Hollywood í kvikmyndaheiminum en ekki sögulegar staðreyndir sem hafa gefið kynslóðum fólks á Vesturlöndum þá mynd af stríðinu að það hafi fyrst og fremst verið Bandaríkjamenn sem sigruðu Þýskaland.*

Þjóðverjar hafa gert betur upp sögu sína en nokkur önnur þjóð í heimi. Fyrstu tuttugu árin eftir stríðið var villimennska nasista raunar lítið rædd í Þýskalandi. Þetta breyttist hins vegar gersamlega eftir uppreisn unga fólksins 1968. Stríðið hefur verið rætt með slíkum þunga að nánast hvert einasta kvöld ársins er á dagskrá á einhverri sjónvarpsstöðinni umræðuþáttur eða frásögn um helför gyðinga, glæpi nasista eða óhugnað stríðsins, auk þess sem skólanir sjá til þess að ný kynslóð veit jafnvel ennþá meira en þeir eldri um glæpi Þjóðverja í stríðinu.

Deilur um heimsstyrjöldina á þessu afmælisári hafa líka snúið að Sovétríkjunum en ekki Þýskalandi. Í huga Rússa frelsuðu Sovétmenn Evrópu undan oki nasismans. Það gerðu þeir vissulega en í hugum margra íbúa Austur- og Mið-Evrópu mörkuðu lok stríðsins hins vegar ekki aðeins lok eins hernáms heldur upphaf annars. Þetta var meginboðskapur forseta Bandaríkjanna í Evrópuferð hans. Þetta er líka rétt svo langt sem það nær.

Menn gleyma því hins vegar stundum að það voru fyrst og fremst hermenn Sovétríkjanna sem sigruðu þýska herinn. Sovétríkin misstu 27 milljónir manna í stríðinu en Bandaríkjamenn aðeins fjögurhundruð þúsund. Það voru Sovétmenn sem brutu þýska herinn á bak aftur. Nær 75% af öllum þýskum hermönnum sem féllu í stríðinu voru drepnir á austurvígstöðvunum. Svipað hlutfall af hergögnum Þjóðverja glataðist í stríðinu við Sovétríkin. Það eru yfirburðir Hollywood í kvikmyndaheiminum en ekki sögulegar staðreyndir sem hafa gefið kynslóðum fólks á Vesturlöndum þá mynd af stríðinu að það hafi fyrst og fremst verið Bandaríkjamenn sem sigruðu Þýskaland. Framlag þeirra skipti miklu en sýnist um leið lítið í samanburði við framlag og fórnir Rússa. Rússneska stjórnin notar minninguna um stríðið í pólitískum tilgangi og hvorug þjóðin umgengst þessa miklu sögu af raunverulegri virðingu við fórnarlömb stríðsins. Bretar virðast fastir í gömlum og oft ósönnum staðalmyndum af sjálfum sér og öðrum. Frakkar neita að horfast í augu við dapurlegar staðreyndir um þjóð sína í síðari heimsstyrjöldinni. Japanir hafa einangrað sig í Asíu með afneitun sinni á nýlegri sögu landsins. Í þessum efnum ættu menn að taka sér Þýskaland til fyrirmyndar. ■


Stökktu til
Rimini
26. maí frá kr. 29.990

Verð kr. 29.990 í viku / kr. 39.990 í 2 vikur
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í 1 eða 2 vikur. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Stökktu tilboð 26. maí.

Verð kr. 39.990 í viku / kr. 49.990 í 2 vikur
Netverð á mann, m.v. 2 í stúdíó/íbúð í 1 eða 2 vikur – ath. enginn barnaafsláttur. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Stökktu tilboð 26. maí.

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Rimini þann 26. maí. Nú getur þú notið fegursta tíma ársins á þessum vinsælasta sumarleyfisstað Ítalíu. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is






LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
vísir


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.960 **-0,62%**

**Fjöldi viðskipta:** 376
**Velta:** 1.542 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Þormóður Rammi** | 19,67% | **Vinnslustöðin** | -7,14% |
| **SS** | 13,21% | **Landsbankinn** | -1,86% |
| **Jarðboranir** | 3,11% | **Íslandsbanki** | -1,52% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,10 -0,50% ... Atorka 5,95 +0,85% ... Bakkavör 33,50 +1,82% ... Burðarás 13,55 -0,73% ... FL Group 14,30 – ... Flaga 5,15 -0,96% ... Íslandsbanki 13,00 -1,52% ... KB banki 524,00 -0,19% ... Kögun 62,40 -0,32% ... Landsbankinn 15,80 -1,86% ... Marel 55,30 – ... Og fjarskipti 4,15 +0,48% ... Samherji 12,10 – ... Straumur 11,45 -1,29% ... Össur 80,00 -0,62%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Gæti ýft hagsveiflur

## Áhrif Basel II sterkari á Íslandi.

Ásgeir Jónsson, hagfræðingur og lektor við Háskóla Íslands, segir að hagsveiflur muni í auknum mæli hafa áhrif á útlán banka með tilkomu nýrra reglna um starfsemi fjármálastofnana, sem kenndar séu við Basel II. Eiginfjárbinding bankastofnana muni í auknum mæli taka mið af metinni útlánahættu. Aukin gjaldþrotahætta sökum niðursveiflu í efnahagslífinu muni kalla eftir auknu eigin fé og auka kostnað við útlán.

Þetta kom fram í erindi sem Ásgeir hélt í málstofu Seðlabankans í gær.

„Hægt er að færa rök fyrir því að þessi áhrif séu enn sterkari í litlum opnum hagkerfum þar sem stór hluti af lánum bankakerfisins eru gengistryggð. En gengislækkun mun auka höfuðstól og greiðslubyrði slíkra lána og þar með gjaldþrotaáhættu og þannig auka eiginfjárkvaðir bankakerfisins þegar síst skyldi. Mjög erfitt er að afla nýs eigin fjár með hlutafjárútboðum á niðursveiflutímum auk þess sem útlánatöp eru líkleg til þess að lækka eiginfjárstöðuna. Af þeim sökum gætu nýju Basel II reglurnar ýft hagsveiflur á litlum opnum hagkerfum líkt og hérlendis," segir Ásgeir. **- bg**



**ÁSGEIR JÓNSSON** „Jafnvel gæti snöggt og mikið gengisfall lækkað eiginfjárstöðuna niður fyrir gefin mörk og stöðvað veitingu nýrra útlána í bankakerfinu."



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

**HÖRÐUR ARNARSSON, FORSTJÓRI MARELS** Þrátt fyrir óhagstæða gengisþróun eykur Marel sölu og hagnað á milli ára. Uppgjörið er rétt undir væntingum markaðsaðila.

# Marel á væntingum

Marel hagnaðist um 1,8 milljónir evra (145 milljónir króna) á fyrsta ársfjórðungi. Uppgjörið er aðeins undir væntingum greiningaraðila en félaginu hafði verið spáð að 1,89 milljónum evra (152 milljónir króna) að meðaltali í hagnað. Hagnaður fyrir sama árshluta árið 2004 var nítján prósentum minni. Hagnaður á hvern hlut var 0,77 evru cent og arðsemi eigin fjár um 21,7 prósent sem er svipuð tala og í fyrra. Salan jókst um nær fimmtung.

Rekstarskilyrði Marels eru að mörgu leyti erfið vegna sterkrar stöðu krónunnar og óhagstæðrar þróunar annarra gjaldmiðla. Tekjur félagsins eru að mestu í erlendri mynt en kostnaður í íslenskum krónum og gæti framlegð af vörusölu, sem er um 35 prósent, lækkað fyrir vikið. Afkoman af rekstri dótturfélagsins Carnitech í Danmörku er enn slök og nokkur tími mun líða þar til hann verði kominn í gott horf en mun betri gangur var hjá Marelfélögunum sem eru staðsett í tíu löndum. **- eþa**

**SPÁ UM AFKOMU MARELS**
**- í milljónum evra**

| | |
|---|---|
| Íslandsbanki | 1,80 |
| KB banki | 1,90 |
| Landsbanki | 1,95 |
| Hagnaður | 1,80 |

# Burðarás samkvæmt spám

Hagnaður Burðaráss nam ríflega 4,6 milljörðum króna á fyrstu þremur mánuðum ársins. Hagnaðurinn er nálægt spám greiningardeilda.

Fjárfestingartekjur voru litlu minni en á sama tímabili í fyrra eða 5,4 milljarðar samanborið við 5,9 milljarða í fyrra. Stærsta óskráða eign Burðaráss er Eimskipafélagið, en 70 milljón króna hagnaður varð af Eimskipafélaginu á móts við 49 milljón króna tapi á sama tíma í fyrra. Gjaldfærðar voru 200 milljónir króna á tímabilinu vegna tjóns á Dettifossi. **- hh**

**SPÁ UM AFKOMU BURÐARÁSS**
**– í milljónum króna**

| | |
|---|---|
| Íslandsbanki | 5.384 |
| KB banki | 4.297 |
| Landsbanki | 4.820 |
| Hagnaður | 4.619 |





**Reykjavíkurborg eykur þjónustu með IP lausn frá Nýherja**

**AVAYA IP ÞJÓNUSTUVER**

**Lægri kostnaður, aukin skilvirkni og bætt þjónusta**

Avaya MultiVantage er IP símstöð sem getur aðstoðað fyrirtæki og stofnanir við að lækka kostnað, auka skilvirkni og bæta þjónustu við viðskiptavini. Reykjavíkurborg valdi slíka símstöð ásamt þjónustuvershugbúnaði sem nýst getur öllum stofnunum borgarinnar þar sem markmiðið er að bæta þjónustu við borgarbúa. Avaya IP lausnin hentar flestum stærðum og gerðum fyrirtækja og stofnana.

**Samtenging við eldri kerfi – Enginn fórnarkostnaður**

Avaya IP lausnin býður upp á þá möguleika að samnýta þau kerfi sem eru til staðar og því þarf ekki að leggja niður símstöðvar og fórna þannig þeirri fjárfestingu sem búið er að leggja í eldri símkerfi.

**Auðveldari samskipti**

Avaya IP lausn hentar afar vel fyrir þjónustuver fyrirtækja og stofnana en þannig geta viðskiptavinir haft samband við starfsfólk þess í gegnum síma, tölvupóst og vefspjall, og er um að ræða fulla samþættun á milli sem auðveldar samskipti til muna.

**GSM, borðsími og tölva sem ein heild**

Á meðal eiginleika sem Avaya MultiVantage býður upp á er full samþættun á milli GSM- og borðsíma. Þannig hringir t.a.m. bæði í borðsíma og GSM síma starfsmanna og geta þeir valið hvorum símanum þeir svara. Þá er hægt að vera með „Softphone" í tölvunni sem hægt er að samþátta við símana og getur viðkomandi þá talað í gegnum tölvuna með heyrnartóli.

**Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Nýherja sem bjóða þér faglega ráðgjöf við val á réttu IP lausninni.**

Síminn er 569 7700 og netfangið er ver@nyherji.is

AVAYA

NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

**BOB MARLEY (1945-1981)**
lést þennan dag.



*„Ég stend ekki einungis fyrir svarta manninn, ég stend ekki heldur bara fyrir hvíta manninn. Ég stend fyrir mátt Guðs.“*

***Bob Marley, fæddur í St. Ann á Jamaíka, var gífurlega áhrifamikill tónlistarmaður. Hann hefur með tímanum orðið táknmynd sameiningar kynþátta og alþjóðlegrar menningar, í gegnum undurfagra tónlist sína.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Barbie dreginn fyrir rétt*

Á þessum degi árið 1987 voru þýska stríðsglæpamanninum Klaus Barbie birtar 177 kærur í Lyon fyrir stórfellda glæpi gegn mannkyni. Barbie, sem kallaður hefur verið slátrarinn í Lyon, var einn yfirmanna Gestapó-sveitar nasista í seinni heimsstyrjöldinni og sagður ábyrgur fyrir flutningi meira en 7.500 franskra gyðinga og uppreisnarseggja í útrýmingarbúðir.

Barbie starfaði í áratugi fyrir bandarísk yfirvöld sem leyniþjónustumaður og var á endanum fluttur til Suður-Ameríku, þar sem hann settist að í Bólivíu og varð kaupsýslumaður. Barbie hélt áfram leyniþjónustustörfum sínum fyrir Bandaríkjamenn þrátt fyrir sífellt vaxandi óánægju franskra gyðinga sem réttilega töldu Barbie komast allt of vel frá hrikalegri fortíð sinni. Eftir stjórnarskipti í Bólivíu í kringum 1980 samþykktu stjórnvöld þar í landi að framselja Barbie í skiptum fyrir frönsk hjálpargögn.

Barbie var dæmdur sekur eftir dramatísk réttarhöld og fékk fyrir vikið að sitja í fangelsi það sem hann átti eftir ólifað. Hann lést úr krabbameini 1991.



**KLAUS BARBIE**

## MERKISATBURÐIR

**1812** Spencer Perceval, þáverandi forsætisráðherra Bretlands, er myrtur í London af geðveikum kaupsýslumanni, John Bellingham að nafni.

**1969** Bandarískir og suður-víetnamskir hermenn berjast við norður-víetnamska hermenn í frægri orrustu um Ap Bia fjall, sem síðar var nefnt Hamburger Hill vegna gríðarlegs mannfalls bandaríska hermanna þar.

**1858** Minnesota er þennan dag formlega skráð sem ríki Bandaríkjanna, þá 32. ríkið.

**1947** Ferrari keppir í fyrsta sinn í kappakstri í Piacenza á Ítalíu. Bíllinn bilaði og þurfti að hætta keppni eftir að hafa verið fremstur í röðinni.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



1872 Einar Jónsson myndhöggvari .



1888 Irving Berlin tónskáld.



1904 Salvador Dali listmálari.



1932 Garavani Valentino tískuhönnuður.

## AFMÆLI



Jóhannes Nordal, fyrrverandi seðlabankastjóri, er 81 árs.

Árni Vilhjálmsson fiskifræðingur er 73 ára.



Sigurður Eyberg leikari er 34 ára.



Björgólfur Takefusa knattspyrnumaður er 25 ára.

## ANDLÁT

**Jóna M. Sigurjónsdóttir**, Skildinganesi 4, Reykjavík, lést föstudaginn 6. maí.

**Kristinn Guðlaugur Hermannsson**, Jörfalind 4, Kópavogi, áður til heimilis að Molastöðum, Fljótum, lést laugardaginn 7. maí.

**Bára Kristjánsdóttir**, þroskaþjálfi, Íragerði 12, Stokkseyri, lést laugardaginn 7. maí.

## JARÐARFARIR

13.00 **Kjartan Ólafsson**, bóndi, Sandhólum, Bitrufirði, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

14.00 **Agatha Þorleifsdóttir**, Dvalarheimilinu Höfða Akranesi, verður jarðsungin frá Akraneskirkju.



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA HELGADÓTTIR

**SJÓMINJASAFNIÐ** Verið er að steypa gólf undir útsýnispall.

Bætt við Bæjarútgerðina:

# Fær andlitslyftingu

„Endurreisn hafnarinnar er hafin,“ segir Sigrún Magnúsdóttir, forstöðumaður Sjóminjasafnsins, sem opnar sína fyrstu sýningu í Grandagarði 8 á sjómannadaginn eftir þrjár vikur. Nú standa yfir viðamiklar breytingar á húsinu og er verið að steypa gólf í viðbyggingu við gömlu bæjarútgerðina, sem hefur að sögn Sigrúnar staðið illa frá gengin og öllum til ama í sex ár.

„Þarna verður 80 fermetra verönd þar sem hægt verður að njóta útsýnis,“ segir Sigrún, sem telur safnið geta orðið menningarmiðstöð svæðisins. Að lokinni gönguferð í gegnum safnið geti menn gengið út á veröndina og séð hafnarstarfsemina og fjallahringinn en að sögn Sigrúnar er útsýnið „gullmoli safnsins“.

Sigrún var ráðin forstöðumaður í byrjun janúar og má telja galvaskt að klára framkvæmdir og setja upp sýningu á einungis fimm mánuðum. ■

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



**GREINDIR MENN** Dr. Yngvi Björnsson og dr. Kristinn R. Þórðarson eru doktorsmenntaðir í gervigreind. Þeir veita nýju Gervigreindarsetri Háskólans í Reykjavík forstöðu.

**TÍMAMÓT:** GERVIGREINDARSETUR HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK STOFNAÐ

# Hugsandi hugbúnaður

Tölvukerfi sem læra af reynslunni, bregðast við ófyrirséðum uppákomum og taka sjálfstæðar ákvarðanir eru hluti af því sem nýstofnað Gervigreindarsetur Háskólans í Reykjavík vinnur að. Yngvi Björnsson og Kristinn R. Þórisson, forstöðumenn setursins, eru báðir doktorsmenntaðir í gervigreind. Þeir hafa síðastliðið ár unnið að rannsóknum á þessu sviði fyrir HR en umfangið var orðið svo mikið að þeim fannst tími til kominn að stofna formlegt setur, sem var gert nú í apríl.

„Heimurinn er orðinn mjög tæknilega flókinn,“ segir Yngvi, sem segir stofnun setursins vera einn lið í því að stuðla að þróun hátækniiðnaðar hér á landi. Ætlunin sé að tengja starf stofnunarinnar við atvinnulífið en einnig verði unnin rannsóknarvinna í samstarfi við háskóla í Norður-Ameríku og Evrópu.

Kristinn telur stofnunina hafa töluverða þýðingu í alþjóðlegu samhengi. Breidd í námi aukist, sem geri Ísland samkeppnishæfara. „Með stofnuninni gefst okkur möguleiki á að hafa áhrif á sviðið sem er mikill munur frá því að fylgja öðrum eftir,“ segir Kristinn sem finnst mjög spennandi að fá að móta nýtt svið sem á eftir að hafa mikil áhrif eftir nokkur ár.

Sú mynd sem Hollywood hefur gefið okkur af gervigreind er af ofurgreindum vélmennum í leit að heimsyfirráðum. Yngvi telur töluvert í að sú mynd verði að raunveruleika. Í dag nýtist tæknin í iðnaði, viðskiptalífi og víðar, til dæmis í stýrikerfum heimilistækja og í kerfum sem spái fyrir um þróun á fjármálamarkaði. „Hugbúnaðurinn lærir á þig í stað þess að þú lærir á hann,“ segir Yngvi og nefnir sem dæmi gervihnéð sem Össur hefur nýlega fengið alþjóðleg verðlaun fyrir.

Gervigreindin hefur einnig verið notuð í tölvuleikjum. Þar eru búnar til sýndarverur gæddar mannlegum eiginleikum bæði til skemmtunar og rannsókna. Yngvi segir leikina hentuga þar sem þeir skapi rannsóknarstofuumhverfi þar sem tölvunarfræðingar geti stýrt umhverfinu eins og eðlisfræðingar á rannsóknarstofu.

**solveig@frettabladid.is**



†

*Ástkær dóttir okkar, systir, mágkona, barnabarn, frænka og vinkona,*

**Lovísa Rut Bjargmundsdóttir**

sem lést fimmtudaginn 5. maí, verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 12. maí kl. 15.00.

**Sólveig Guðlaugsdóttir** **Bjargmundur Grímsson**
**Guðmundur Bjargmundsson** **Hrafnhildur Guðmundsdóttir**
**Kolbrún Bjargmundsdóttir**
**Lovísa Rut Bjargmundsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

## FYRSTA STARFIÐ

# *Verðbólgan át upp fyrstu launin*

„Fyrsta starfið mitt var þegar ég fékk að afgreiða í búðinni hjá afa mínum tólf ára gömul,“ segir Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands. „Afi minn var Júlíus Guðmundsson matvörukaupmaður, sem rak verslunina Baldur á Framnesveginum. Þessi búð var algjört himnaríki fyrir litlar stelpur og þegar ég var tólf ára leyfði hann mér stundum að afgreiða.“

Sigríður fékk dálitla þóknun fyrir vinnuna en launin voru ekki greidd út í hönd. „Afi fór með mig í bankann og lagði launin inn og þar át verðbólgan þau upp. Á endanum fékk ég því lítið fyrir mitt fyrsta starf þó vel væri að grunni búið.“ Sigríður vann hjá afa sínum þangað til hún var sautján ára. Vinnan jókst með árunum og fimmtán ára fór hún að fá launin greidd beint út.

Sigríður segir að það hafi skipt sig miklu að vinna fyrir afa sinn. „Mér var treyst fyrir einhverju og falin ábyrgð. Ég efast ekki um að þetta hafi haft góð áhrif á mig til lengri tíma. Verslunarstörf fela í sér samskipti við fólk, það þarf að gefa rétt til baka og svo framvegis. Afi var líka vandur að virðingu sinn og það var ekki ónýtt að taka fyrstu skrefin á vinnumarkaði undir hans handleiðslu.“ ■



**SIGRÍÐUR DÚNA KRISTMUNDSDÓTTIR**

# allt

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 4.26 | 13.24 | 22.25 |
| AKUREYRI | 3.54 | 13.09 | 22.27 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

*Góðan dag!*

**Í dag er miðvikudagur 11. maí, 131. dagur ársins 2005.**

## nám o.fl.

Sungið og leikið í sumar

BLS. 2



KRÍLIN




**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar**

**Bílar & farartæki**
**Keypt & selt**
**Þjónusta**
**Heilsa**
**Skólar & námskeið**
**Heimilið**
**Tómstundir & ferðir**
**Húsnæði**
**Atvinna**
**Tilkynningar**

**SMÁAUGLÝSINGAR Á 995 KR.**

**ÞÚ GETUR PANTAÐ ÞÆR Á visir.is**

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

„Það var hluti af sjálfstæðisbaráttu Íslendinga að fá að sauma sínar stúdentshúfur sjálfir fyrir hundrað árum. Enn eru þær framleiddar á landinu og vandað til verka," segir Pétur J. Eyfeld.

# Handsaumar stúdentshúfur

***Á næstu vikum setja stúdentarnir upp sína hvítu kolla. Annríki er því þessa dagana í húfugerð Péturs J. Eyfeld sem sér alfarið um saumaskapinn á stúdentshúfunum.***

„Fjölskyldan sameinast um að leysa verkefni á álagstímum eins og þessum. Eiginkonur, frænkur, börn og systur hjálpast að. Þetta er eintóm handavinna og hún skellur á á nokkrum vikum, því þó við förum í flesta skólana að skrá niður pantanir og taka mál af höfðum stúdentsefna þá koma alltaf pantanir á síðustu stundu," segir Pétur Eyfeld yngri. Reyndar kveðst hann byrja að undirbúa vorið strax í ágúst með því að panta húfuefnið og reikna út fjöldann. „Svo þarf ekki nema eitt verkfall í skólunum til að rugla allt og það hefur líka áhrif á útskriftina næsta ár á eftir," segir hann brosandi. Alltaf eru svo einhverjir á móti því að setja upp húfur. „Á hippatímabilinu vildi fólk ekki einu sinni fara í sparifötin þegar það útskrifaðist, hvað þá setja upp húfu," rifjar Pétur upp. „En nú er komin meiri hefð fyrir þeim."

Pétur er sonur þess Péturs J. Eyfeld sem stofnaði fyrirtækið árið 1954. Hann telur stúdentshúfurnar hafa verið framleiddar hér á landi í yfir hundrað ár og með þessu sama lagi síðan 1914. Alls staðar á Norðurlöndunum eru þær svipaðar í útliti, að hans sögn, en okkar afbrigðilegar að því leyti að hvíti kollurinn er laus.

Ekki kveðst Pétur geta gefið upp nákvæma tölu á nýjum húfum þetta árið en segir þær ekki ná þúsundi. „Mikill hluti okkar vinnu felst í lagfæringum því margir fá lánaðar húfur hjá einhverjum í fjölskyldunni," segir hann. „Þá getur þurft að setja nýjan koll, stjörnu eða fánalitahring. Jafnvel stækka húfurnar. Hann segir einnig marga setja upp húfur í öðrum litum en þeim hvíta þegar þeir útskrifist því hinar ýmsu brautir skólanna hafi hver sinn lit.

Iðnneminn er svo alveg sér á báti með öðruvísi húfur. Þær eru líka saumaðar hjá P. Eyfeld.

*gun@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU
*í námi*

**Myndlistarskólinn í Reykjavík**
býður upp á ýmis námskeið fyrir börn og unglinga í sumar. Meðal annars er hægt að sækja námskeið í ljósmyndun, myndasögugerð, leirmótun og teikningu Námskeiðin eru fyrir þrjá aldurshópa, 6-9 ára, 10-12 ára og 13-16 ára. Upplýsingar um námskeiðin, verð og tímabil má finna á heimasíðu skólans http://odg.cc/myndlistaskoli.



**Miðaldabörn**
heitir greinasafn sem kom út hjá Hugvísindastofnun á dögunum og er þar fjallað um mynd þá sem íslenskar fornsögur draga upp af börnum. Fjallað er um Egil Skalla-Grímsson og Gretti Ásmundarson og mjög svo fullorðinslega óknytti þeirra og hegðan og er safnið eflaust hin besta skemmtilesning. Meðal greinarhöfunda eru Ármann Jakobsson, Brynhildur Þórarinsdóttir og Gunnar Karlsson.

**Frumgreinasvið Háskólans í Reykjavík**
sem áður var betur þekkt sem frumgreinadeild Tækniháskóla Íslands verður kynnt á fundi á Höfðabakka 9 á morgun, fimmtudag. Námið er kjörin leið fyrir iðnaðarmenn og aðra úr atvinnulífinu sem þurfa frekari undirbúning til áframhaldandi náms í tækni- og verkfræðideild. Fundurinn er öllum opinn og hefst klukkan 17.15.

*nam@frettabladid.is*

TempraKON®
Sængin sem breytir öllu!








Fyrsta sinnar tegundar!
- Hitajöfnun 37°C
- Hannað af NASA
- 600 gr af 100% hreinum hvítum gæsadún
- Asthma- og ofnæmisprófað
- Hægt að þvo á 60°

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY

www.design.is © 2005

Betra BAK
Faxafeni 5 • Sími 588 8477 • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

**Próflestur**
Gott ráð er að lesa í 50 mínútur, standa svo upp og sinna öðru í 10 mínútur. Hringdu í vin, fáðu þér að borða, teygðu úr þér eða labbaðu hring í kringum húsið og horfðu upp í himininn.



birta SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »




Viltu starfa erlendis?

**Skráning fyrir brottfarir í mars - júní**
**Austurríki - England - Frakkland - Ítalía**
**Portúgal - Spánn - Þýskaland**

Ef þú ert á aldrinum 18-30 ára er starfsþjálfun góð leið til þess að læra tungumál, kynnast ólíkri menningu og öðlast starfsreynslu. Um er að ræða störf á hótelum, veitingahúsum, hjúkrunarheimilum og hjá fyrirtækjum í öðrum greinum. Þeir sem sækja um starfsþjálfun í Evrópu eiga kost á Leonardo da Vinci styrk til greiðslu á hluta kostnaðar. Stúdentaferðir úthluta þessum styrkjum fyrir hönd Landsskrifstofu Leonardo á Íslandi.

KRAFTAVERK

*Færð þú MasterCard Ferðaávísun?*

STÚDENTAFERÐIR exit.is

Bankastræti 10 • Sími 562 23 62 • info@exit.is • www.exit.is



Ingveldur Ýr hefur kennt söng í mörg ár og nú ætlar hún að leyfa unglingum að njóta visku sinnar í sumar.

# Sungið og leikið í sumar

***Söngkonan Ingveldur Ýr kennir unglingum að syngja í sumar. Unglingarnir læra meðal annars raddbeitingu, úthald og öndun auk þess að fá þjálfun í leiklist.***

Söngur á æ meira upp á pallborðið hjá ungmennum landsins og er það vel. Ingveldur Ýr, söngkona og söngkennari, býður unglingum námskeið í söngtækni í sumar. „Þar ætla ég að leggja áherslu á rétta og heilbrigða raddbeitingu, úthald og öndun, stuðning og líkamsstöðu. Tóneyrað verður einnig þjálfað svo þau læra að syngja í röddum og rúsínan í pylsuendanum er leiklistarþjálfun hjá Sigríði Birnu Aðalsteinsdóttur sem meðal annars setti upp söngleikinn Súperstar með nemendum Hagaskóla.“

Námskeiðin standa í mánuð í senn og verða í gangi í allt sumar. Kennt verður tvisvar í viku og fyrsta námskeiðið byrjar 19. maí. „Þetta verður alls ekki klassísk raddþjálfun heldur vil ég kenna heilbrigða raddbeitingu. Það er mikilvægt að krakkar sem syngja mikið fái strax rétta tilsögn því að ósiðir festast fljótt og það er erfitt að laga skemmdir eftir á. Lokaútkoman verður vonandi meira sjálfstraust og betri rödd,“ segir Ingveldur og drífur sig svo beint í kennslu.

Nánari upplýsingar um skráningu og fleira má nálgast á heimasíðunni www.songstudio.ehf.is. ■

Hvað viltu verða?
Hvar viltu starfa?
Hagnýtt og skemmtilegt flugþjónustu- eða ferðafræðinám



**FLUGÞJÓNUSTUNÁM**
**nám fyrir verðandi flugfreyjur og flugþjóna**
Námið er undirbúningur fyrir þá sem vilja starfa sem flugfreyjur eða flugþjónar og er skipulagt í samstarfi við flugfélög á Íslandi. Markmið námsins er að undirbúa nemendur undir störf í farþegarými flugvéla.

Námið er ein önn, 14 vikur og hefst í september. Kennt er síðdegis virka daga og frá hádegi föstudaga og kostar 105.000 kr.
Helstu námsgreinar eru ábyrgð, reglur og skyldur áhafnar í farþegarými, ferðalandafræði, flugeðlisfræði, veðurfræði, flugsaga, lög og reglugerðir, þjónustusamskipti og öryggismál.

**Umsækjendur þurfa að hafa náð 21 árs aldri, vera með stúdentspróf eða annað sambærilegt nám og hafa gott vald á tveimur tungumálum.**




**STARFSTENGT FERÐAFRÆÐINÁM**
Hagnýtt nám í ferðafræði þar sem lögð er áhersla á að þjálfa og undirbúa nemendur til starfa í ferðaþjónustufyrirtækjum. Námið, sem er tvær bóklegar annir og þriggja mánaða starfsþjálfun hjá fyrirtæki, er skipulagt í samstarfi við fyrirtæki í ferðaþjónustu. Hægt er að taka áfanga í fjarnámi ef næg þátttaka næst.

Námið byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum þar sem áhersla er lögð á faggreinar ferðaþjónustu: Ferðalandafræði, markaðsfræði, tungumál, rekstur, þjónustusamskipti, skipulagning ráðstefna og funda, bókunarkerfi ferðaskrifstofa, flugfélaga og hótela. Sérstök áhersla er lögð á að kynna nemendum starfsemi fyrirtækja sem sinna móttöku erlendra ferðamanna og sölu og kynningu á Íslandi sem ferðamannalandi.

**Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri og vera með stúdentspróf eða annað sambærilegt nám.**

Námið er lánshæft hjá LÍN og kostar 176.000 kr. Kennt verður síðdegis frá mánudegi til fimmtudags.

HÉR & NÚ / SIA

**Skráning er hafin og stendur til 20. maí nk.**
Upplýsingar og umsóknareyðublöð fást á skrifstofu skólans og á heimasíðu **www.mk.is**
Umsóknum þarf að fylgja afrit af prófskírteinum og mynd.

FERÐAMÁLASKÓLINN
ICELAND SCHOOL OF TOURISM

Menntaskólinn í Kópavogi við Digranesveg • sími 594 4020 • fax 594 4001 • fsk@mk.is • www.mk.is



## Draugur í diktafóni

**Útskriftarsýning myndlistardeildar og hönnunar- og arkitektúrdeildar Listaháskólans er á Kjarvalsstöðum til 29. maí.**

Draugur í diktafóni, Mugimetall-þungarokk, bangsar sem bæta úr vandamálum eins og heimþrá og myrkfælni, fatahönnun og listaverk úr sykri, osti og vaxi eru meðal fjölmargra verka eftir nemendur Listaháskólans sem nú eru til sýnis á Kjarvalsstöðum. Þau eru afrakstur þriggja ára náms. Þetta er í fyrsta sinn sem nemendur í arkítektúr eiga verk á sýningunni því kennsla í arkitektúr hófst við Listaháskólann haustið 2002.
Boðið er upp á leiðsögn um sýninguna alla sunnudaga kl. 15 og þá munu nemendur veita gestum innsýn í verkin sín. Hægt er líka að panta leiðsögn fyrir hópa virka daga í síma 590 1200. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir. ■

## Alþýðulist í N-Dakóta og á Íslandi

SPENNANDI NÁMSKEIÐ Í VESTURFARASETRI.

Í samstarfi við North Dakota Council of the Arts og Vesturfarasetrið á Hofsósi verður efnt til námskeiðs á Hofsósi um samanburð á þjóðháttum í Norður-Dakota og á Íslandi. Námskeiðið er ætlað áhugafólki um þjóðfræði og alþýðulist, jafnt fræðimönnum sem leikmönnum. Á námskeiðinu, sem haldið er á Vesturfarasetrinu á Hofsósi, verður leitast við að draga fram andstæður og sameiginlega þætti í þjóðháttum og alþýðulist á Íslandi og í Norður-Dakóta. Á hverjum degi námskeiðsins kynna margir einstakir og þjóðþekktir alþýðulistamenn list sína og fræði með sýningum, kynningum og fyrirlestrum. Skráningarfrestur er í Endurmenntun Háskóla Íslands til 23. maí, en námskeiðið stendur frá 25. maí til 6. júní. ■

# Máttur kvenna kemur sér vel enda þörfin mikil

***Yfir eitt hundrað konur hafa útskrifast frá Bifröst úr ellefu vikna rekstrarnámi sem ber yfirskriftina Máttur kvenna.***

Nýlega luku 42 konur rekstrarnámi í Mætti kvenna við Viðskiptaháskólann á Bifröst og er það annar útskriftarhópurinn af slíku námskeiði. Námið er sett upp fyrir konur í atvinnurekstri á landsbyggðinni og styrkt af Byggðastofnun. Af fjöldanum sem sækir það má ráða að þörfin sé mikil og krafturinn eftir því. Að sögn Auðbjargar Agnesar Gunnarsdóttur, viðskiptafræðings sem heldur utan um símenntunarmálin á Bifröst, er námskeiðið að miklu leyti byggt á fjarnámi.

Í upphafi og lok námstímans hittast þó konurnar á Bifröst og hafa þar vinnuhelgar. Bókfærsla, tölvutækni, markaðs og sölumál, fjármál og vaxtaútreikningar ásamt áætlanagerð eru meðal námsgreina.

„Áherslan er á aðgengilegt nám og hagnýtt," segir Agnes. „Konurnar eru margar í vinnu og með heimili og börn en þær geta farið inn á vefinn, hlustað á fyrirlestrana og unnið verkefnin þegar þeim hentar. Þetta hefur mælst vel fyrir." ■



FRÉTTABLAÐIÐ/BIFRÖST

Hópurinn sem útskrifaðist á dögunum. Agnes Gunnarsdóttir lengst til hægri með dökkbleikt sjal.



Þessi skarpgreindarlegi köttur gæti eflaust hjálpað eiganda sínum að læra og hækkað einkunnina hans þannig.

## Látið gæludýr hækka einkunnir

BRESKIR PRÓFTAKAR GETA FENGIÐ ÝMISLEGT METIÐ SÉR Í HAG.

Þeir nemendur sem þreyta stúdentspróf í Bretlandi geta fengið ýmislegt metið til einkunna. Einkum eru áföll ýmiss konar líkleg til að hækka einkunnir örlítið, enda ekki sanngjarnt að þeir sem eru undir álagi vegna sjúkdóma eða óvæntra hremminga þurfi að skila sömu frammistöðu og þeir sem mæta í próf áhyggjulausir og úthvíldir. Breska samræmdupprófaráðið hefur sent frá sér mælikvarða þar sem ýmsir vankantar á lífi nemenda eru metnir til hækkunar prófeinkunna. Þannig að ef köttur nemandans deyr á sjálfan prófdaginn fær hann tveggja prósenta ívilnun í einkunnagjöf en ekki nema eitt prósent ef kisa mætir örlögum sínum daginn áður. Nýlega brotinn útlimur hækkar einkunnina um þrjú prósent, það sama og sjúkdómar í innri líffærum og frekar nýlegur fjölskylduharmleikur. Ofnæmi getur bætt tveimur prósentum við einkunnina og höfuðverkur einu. Stúdentsprófin í Bretlandi eru kölluð „Admission"-próf og eru inngöngupróf í háskóla og getur einkunnin skipt sköpum upp á framtíð nemandans. Því þótti nauðsyn að samræma ívilnanir af þessum toga. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fullorðið fólk sækir æ meir í endurmenntun.

## Ein námsgrein í einu

**Nám samhliða starfi er yfirskrift einstakra námsgreina hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Það tekur eina til þrjár annir.**

Sálgæslufræði er meðal námskeiða í Endurmenntunardeild Háskóla Íslands á næstu önn. Hún verður kennd í samstarfi við guðfræðideild Háskóla Íslands. Námskeiðin eru haldin fyrir guðfræðinema og aðra sem starfa t.d. í heilbrigðiskerfi, skólakerfi, félagsþjónustu og löggæslu. Sálgæslufræðin er meðal margra annarra námsgreina sem Endurmenntunardeildin býður uppá undir kjörorðinu Nám samhliða starfi og eru ætluð þeim sem vilja auka menntun sína án þess að láta tímabundið af störfum. Ein námsgrein er kennd í einu. Miðvikudaginn 18. maí verður kynning á námsleiðunum kl. 16.30 í húsnæði Endurmenntunar HÍ og umsóknarfrestur er til 1. júní. ■




MARKVISS UNDIRBÚNINGUR FYRIR HÁSKÓLANÁM

Á **FRUMGREINASVIÐI** HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

Kynningarfundur fimmtudaginn 12. maí kl. 17.15 að Höfðabakka 9

Frestur fyrir umsóknir er til 27. maí

Opið fyrir umsóknir núna á www.ru.is



Frumgreinasvið Háskólans í Reykjavík – áður frumgreinadeild Tækniháskóla Íslands – veitir framúrskarandi undirbúning fyrir nám á háskólastigi – sérstaklega í tæknifræði, tölvunarfræði og verkfræði. Námið er sérsniðið að þörfum, framtíðaráformum og bakgrunni hvers og eins nemanda.

**Námið hentar eftirfarandi einstaklingum:**

- Einstaklingum sem hafa lokið skilgreindu starfsnámi, þ.e. burtfararprófi úr iðnskóla, verkmenntaskóla, fjölbrautaskóla eða sambærilegu námi. Ekki er gerð krafa um sveinspróf.
- Einstaklingum sem hafa lokið stúdentsprófi en þurfa að styrkja sig í stærðfræði og eðlisfræði áður en þeir hefja háskólanám í Tækni- og verkfræðideild.
- Einstaklingum sem ekki hafa lokið stúdentsprófi eða skilgreindu starfsnámi en hafa umtalsverða starfsreynslu.

Námið fer að mestu fram í dagskóla en jafnframt eru í boði námskeið í fjarnámi.
**Engin skólagjöld eru í dagskóla á frumgreinasviði Háskólans í Reykjavík.**

Kynntu þér námið á vef Háskólans í Reykjavík og hafðu samband við Málfríði Þórarinsdóttur í síma 520 74 00

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is

brimborg Taktubíl

VW Golf, skrd. 06/1998 ek. 100.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 720.000 kr. Tilboð 599.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Hyundai Elantra station, skrd. 08/1996, ek. 130.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 450.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Opel Astra station, skrd. 06/1997, ek. 107.000 km, 1400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 470.000 kr. Tilboð 350.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Volvo XC90, skrd. 03/2003, ek. 47.000 km, 2500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.990.000 kr. Einn með öllu 100% lán. S. 515 7000.

BMW X5, skrd. 12/2003, ek. 29.000 km. 4600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 8.050.000 kr. Tilboð 7.290.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Toyota Land Cruiser, skrd. 07/2003, ek. 64.000 km, 3000cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 4.590.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

VW Passat 4Motion station, Skrd. 12/1997, ek. 108.000 km. 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 950.000 kr. Tilboð 850.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Mondeo, skrd. 05/1995, ek. 123.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 430.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

brimborg Taktubíl

Citroen Xsara SX, skrd. 11/2002, ek. 32.000 km. 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.190.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Subaru Legacy Outback H-6, skrd. 08/2002, ek. 37.000 km, 3000cc, sjálfskiptur m/öllu. Ásett verð 2.890.000 kr. Tilboð 2.690.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Focus station, skrd. 05/2000, ek. 100.000 km. 1400cc, beinskiptur, Ásett verð 830.000 kr. Tilboð 730.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

SsangYoung Rexton, skrd. 07/2002, ek. 45.000 km, 2874cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 2.950.000 kr. Tilboð 2.790.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Daewoo Musso Grand Lux, skrd. 10/1998, ek. 110.000 km, 2874cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 1.540.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Citroen Picasso, Xsara Exclusive, skrd. 06/2002, ek. 51.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.380.000 kr. Tilboð 1.150.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Honda Accord station, skrd. 04/2004, ek. 36.000 km, 2400cc, sjálfskiptur m/öllu. Ásett verð 2.930.000 kr. Tilboð 2.590.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Citroen Xsara SX station, skrd. 02/2003, ek. 30.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.230.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

brimborg Taktubíl

Kia Sorento, skrd. 07/2004, ek. 16.000 km, 2400cc, beinskiptur. Ásett verð 2.460.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Toyota Avensis Sol station, skrd. 11/2004 ek. 4.000 km, 1800 cc , sjálfskiptur. Ásett verð 2.770.000 Kr. 100% lán. S. 515 7000.

Lexus IS200, skrd. 07/2003 ek. 15.000 km, 2000 cc, 6-cyl, beinskiptur. Ásett verð 2.290.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Volvo S60 AWD 4x4 LPT-Turbo, skr. 9/2003 ek. 18.000 km, 2500 cc, sjálfskiptur, m/öllu. Ásett verð 3.790.000 kr. Tilboð 3.590.000 kr. 100 % lán. S. 515 7000.

Toyota 4Runner V6, skrd. 07/1991, ek. 177.000 km, 3000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 490.000 kr. S. 515 7000.

Ford Focus Trend station, skrd. 11/2002, ek. 90.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.180.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Peugeot 406 station, skrd. 10/1999, ek. 100.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 920.000 kr. Tilboð 699.000 kr. 100% lán S. 515 7000.

Suzuki Sidekick, skrd. 01/1992, ek. 222.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 350.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

brimborg Taktubíl

Ford Focus H/S station, skrd. 10/2000, ek. 71.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.050.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Renault Megane Sport T, skrd. 11/2004, ek. 10.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.850.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Citroen Xsara Advance, skrd. 11/2003, ek. 29.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.440.000 kr. Tilboð 1.290.000 kr. 100% lán S. 515 7000.

Toyota Avensis, skrd. 03/2003, ek. 43.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.810.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Focus Ghia, skrd. 12/2003, ek. 33.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.690.000 kr. Tilboð 1.590.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

VW Golf 4x4 station skrd. 08/1997, árgerð 1998, ek. 163.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 650.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Mazda Demio, skrd. 06/1999, ek. 131.000 km, 1300cc, beinskiptur. Ásett verð 550.000 kr. Tilboð 399.000 kr. 100% lán. S.515 7000.

Volvo V70 LPT-Turbo, skrd. 07/2004, ek. 15.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.690.000 kr. Tilboð 3.490.000 kr. 100% lán S. 515 7000.

brimborg Taktubíl

Volvo V70, skrd. 07/2004, ek. 15.000 km, 2000cc, LPT-Turbo, sjálfskiptur. Ásett verð 3.690.000 kr. Tilboð 3.490.000 kr. 100% lán S. 515 7000.

Kia Sorento V6, skrd. 02/2003, ek. 36.000 km, 3500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.140.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Citroen Picasso, Xsara Exclusive. skrd. 01/2003, ek. 55.000 km, beinskiptur. Ásett verð 1.450.000 kr. Tilboð 1.250.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Opel Vectra CD station skrd. 04/1998, ek. 126.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 830.000 kr. Tilboð 650.000 kr. 100% lán S. 515 7000.

Subaru Legacy station, skrd. 06/1996, ek. 164.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 650.000 kr. Tilboð 550.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Volvo S40, skrd. 01/2000, ek. 101.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.230.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Renault Megane, skrd. 11/1999 ek. 55.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 790.000 kr. Tilboð 650.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Daihatsu Gran Move CX, skrd. 06/2000, ek. 61.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 770.000 kr. Tilboð 650.000 kr. 100% lán S. 515 7000.

brimborg Taktubíl

Nissan Primera GX station, skrd. 05/1999, ek. 100.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 760.000 kr. 100% lán S. 515 7000.

Ford Explorer Executive, skrd. 02/1997, ek. 163.000 km, sjálfskiptur. Ásett verð 1.300.000 kr. 1.150.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

BMW 316I, skrd. 10/2001, ek. 58.000 km, 1900cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.860.000 kr. Tilboð 1.690.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Daewoo Lanos, skrd. 07/2000, ek. 102.000 km, 1500cc, beinskiptur. Ásett verð 440.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Volvo V70 XC "CrossCountry", skrd. 05/2004, ek. 23.000 km, 2521cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.590.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Suzuki Liana 4x4, skrd. 05/2004, ek. 13.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.670.000 kr. Tilboð 1.490.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

BMW 318i, skrd. 03/1999, ek. 76.000 km, 1900cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.530.000 kr. Tilboð 1.390.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Fiesta Trend, skrd. 07/2004, ek. 5.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.450.000 kr. 100% lán S. 515 7000.

**Brimborg**
**Bildshöfða 6, 110 Rvk.**
**Sími: 515 7000**
**www.brimborg.is**

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 11. maí 2005 – 6. tölublað – 1. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



MOMENTUM
greiðslu- og innheimtuþjónustan
sími: 510 7700 • www.momentum.is
settu þínar kröfur í réttar hendur


**Disney:**
Deilt um forstjóra



4



**Auglýsingastofur:**
Sundur og saman

12 og 13

**Michael Jackson:**
Stjarna í skuldafeni



6

Moody's með óbreytt mat á KB banka:

## Lækkar Íslandsbanka

Alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's hefur staðfest einkunn KB banka fyrir skuldbindingar til langs tíma en hún er óbreytt A-1. Einkunn fyrir skuldbindingar til skemmri tíma er P-1 og breytist ekkert. Einkunn á fjárhagslegan styrk bankans er C+ og er því einnig óbreytt.

Moody's hefur hins vegar lækkað einkunn Íslandsbanka fyrir fjárhagslegan styrk úr B- í C+. Einkunnir fyrir langtíma og skammtíma skuldbindingar eru óbreyttar, A1 og P-1. **- eþa**



**HÁSTÖKKVARI VIKUNNAR** Kári Stefánsson forstjóri deCode.

Útrásarvísitalan hækkar:

## DeCode hækkar mest í vísitölunni

Útrásarvísitala Markaðarins hækkaði um sex prósent milli vikna og hækkaði deCode mest eða um 27 prósent. Bæði hefur gengi félagsins hækkað töluvert og svo hefur gengi dollarans styrkst. Næst á eftir kemur 24 prósenta hækkun á NWF en Atorka er stærsti hluthafi félagsins.

Í vikunni hefur krónan styrkst og verður það til þess að Útrásarvísitalan hækkar meira en ella.

Aðeins tvö félög lækka milli vikna, Low & Bonar, sem Atorka á í, og Scribona sem Burðarás á í. Spennandi verður að fylgjast með þróun Útrásarvísitölunnar, sérstaklega í ljósi þess að innlend hlutabréf hafa verið að lækka undanförnu. **- dh**

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**DeCode hækkar** | DeCode genetics hefur hækkað hressilega að undanförnu. Félagið hækkar meira en fimmtán prósent á einni viku. Netverjar fá bréf þar sem mælt er með kaupum í félaginu.

**Flagganir í Og** | Norðurljós hafa selt tíu prósent í Og fjarskiptum. Kaupendur eru meðal annars Baugur, Fengur og félög í eigu Árna Haukssonar og Gunnars Smára Egilssonar.

**Fleiri uppgjör** | Uppgjör Fjárfestingarfélagsins Atorku, Vinnslustöðvarinnar og Þormóðs ramma - Sæbergs birtust í síðustu viku. Þormóður rammi tapaði 27 milljónum króna en Vinnslustöðin hagnaðist um 459 milljónir og Atorka um 659 milljónir.



**Þormóður rammi** | Þormóður rammi - Sæberg verður tekinn af markaði eftir að eigendur 65 prósenta hlutafjár sammæltust um taka yfir stjórn þess. Aðeins tvö sjávarútvegsfélög verða eftir í Kauphöllinni þegar Þormóður rammi og Samherji hafa verið afskráð.

**Mikil lækkun** | Hlutabréf hafa lækkað samfellt undanfarna sjö viðskiptadaga. Lækkun Úrvalsvísitölunnar er um fjögur prósent frá því að hún náði hæstu hæðum. Allir bankarnir hafa lækkað en Íslandsbanki þó sýnu mest.

**Nýtt dagblað** | Blaðið hóf að koma út í síðustu viku. Því er dreift frítt í öll hús á höfuðborgarsvæðinu. Að því standa meðal annars Sigurður G. Guðjónsson lögmaður og Karl Garðarsson, fyrrum fréttastjóri.

**Pólska farsímaleyfið** | Netia Mobile hefur verið úthlutað fjarskiptaleyfi fyrir þriðju kynslóð farsíma í Póllandi. Félagið er að mestu leyti í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar.

# Vilja reisa eitt álver til viðbótar

**Sex heimsþekkt álfyrirtæki íhuga byggingu álvers á Íslandi. Viðskiptaumhverfið og umhverfisvænir orkugjafar laða að.**

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

„Við höfum áhuga á að reisa eitt álver á Íslandi í viðbót," segir Ragnar Guðmundsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs Norðuráls. Hann segir þó margt óljóst ennþá. Ekki sé vitað hvar næsta álver eigi að vera, hve stórt það verði og hvaðan orkan verði fengin. Málið sé á hugmyndastigi.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra sagði á iðnþingi í mars að svigrúm væri til að reisa eitt álver til viðbótar hér á landi. Síðan hefur hún farið í fundarherferð um Norðurland til að kanna jarðveginn fyrir byggingu nýs álvers. Í því samhengi skiptir samstaða sveitarfélaga máli.

Michael Dildine, yfirmaður fjárfestingatengsla Century Aluminum, móðurfélags Norðuráls, segir þeim finnast mikið til viðskiptaumhverfisins á Íslandi koma. Það eigi við fjármálakerfið, tæknistig og vinnuafl. Því sé landið áhugaverður kostur og hægt að notast við innlent vinnuafl við verkfræðivinnu og uppbyggingu.



**YFIRMENN CENTURY ALUMINUM** Craig Davis forstjóri og Gerald Kitchen framkvæmdastjóri, skoða framkvæmdir við stækkun Norðuráls á Grundartanga.

Century Aluminum keypti Norðurál í apríl á síðasta ári.

Í sama streng tekur Mark Lidiard, sem sér um fjárfestingatengsl BHP Billiton frá Ástralíu, fjórða stærsta álframleiðenda á vesturlöndum. Rekstrarumhverfið hér sé hagstætt, nálægðin við meginland Evrópu mikilvæg og möguleikar á umhverfisvænum orkugjöfum. Hann segir helstu stjórnendur fyrirtækisins hafa heimsótt landið og haldi umræðum um byggingu álvers opnum. Málið sé á byrjunarstigi.

Samkvæmt upplýsingum frá öðru áströlsku álfyrirtækinu, Rio Tinto, er verið að skoða fjárfestingatækifæri á Íslandi. Hefur Rio Tinto aflað sér upplýsinga um rekstrarskilyrði hér á landi. Rusal frá Rússlandi hefur aflað svipaðra upplýsinga frá íslenskum stjórnvöldum.

Alcan og Alcoa, sem þegar eiga hér álver ásamt Century Aluminum, ætla ekki að sitja hjá í þessum hræringum. Er því ljóst að sex heimsþekkt álfyrirtæki munu keppa um byggingu álvers náist sátt um málið.

# Bakkavör fær lyklana að Geest

**Veltumesta félagið í Kauphöllinni við sameiningu.**

**Dögg Hjaltalín**
skrifar

Bakkavör tekur formlega yfir Geest föstudaginn 13. maí. Stjórnendur Bakkavarar fá afhenta lykla að Geest og öllum formsatriðum verður lokið. Ágúst Guðmundsson, stjórnarformaður Bakkavarar, segir fyrirtækið munu eignast Geest á föstudaginn en engar breytingar verði við afhendingu. Nánari fyrirætlanir Bakkavarar hvað varðar framtíðarhorfur og stefnu verða kynntar á fundi þann 27. maí.

Heildarkaupverð Geest var 580 milljónir punda, um 70 milljarðar íslenskra króna.

Samanlögð velta félaganna var 122 milljarðar króna á síðasta ári og verður velta sameinaðs félags sú mesta í Kauphöllinni. Markaðsvirði þess er um 55 milljarðar.

Á fimmtudaginn verður síðasti viðskiptadagurinn með hlutabréf í Geest og viðmiðunardagur arðgreiðslu. Á föstudaginn verður hlutafé Geest fært niður en í lok maí greiðir Bakkavör fyrir bréfin í félaginu.



Markaðurinn/Hari

**LÝÐUR OG ÁGÚST GUÐMUNDSSYNIR** Verða stoltir eigendur Geest á föstudaginn.




7,6%*

Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta.
Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

* Nafnávöxtun frá 01.04.2005–30.04.2005 á ársgrundvelli.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans www.li.is

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | -1% | 4% |
| Atorka | -3% | 1% |
| Bakkavör | 0% | 36% |
| Burðarás | -5% | 14% |
| Flaga Group | -5% | -15% |
| FL Group | 0% | 45% |
| Íslandsbanki | -4% | 18% |
| Kaupþing Bank | -4% | 19% |
| Kögun | 0% | 35% |
| Landsbankinn | -2% | 33% |
| Marel | -1% | 12% |
| Og fjarskipti | 4% | 29% |
| Samherji | 0% | 9% |
| Straumur | -5% | 21% |
| Össur | -4% | 6% |

*Miðað við gengi í Kauphöll í gær

# Krónan hefur náð hámarki

Krónan hefur náð hámarki og mun halda áfram að veikjast eftir því sem líður fram á árið að mati greiningardeildar KB banka. Þrátt fyrir hægfara veikingu er gert ráð fyrir að krónan haldist tiltölulega sterk allt fram til næsta hausts. Veiking krónunnar verður hraðari eftir það. Spáin byggir á ákveðnum forsendum um vaxtamun við útlönd. Í efnahagsfregnum KB banka kemur fram að þróun vaxtamunar við útlönd sýni hagkvæmni þess að taka erlend lán. Ísland sé því næmt fyrir þróun vaxta hérlendis og erlendis. **- dh**

Sparisjóður Reykjavíkur:

# Skúli Þorvaldsson stærstur

Stærsta stofnfjárútboð frá upphafi hófst á mánudaginn þegar SPRON hóf að selja 28.960 stofnfjárhluti. Heildarvirði bréfanna er um 1.280 milljónir króna og eykst því eigið fé sem því nemur ef allt stofnféð selst. Núverandi stofnfjáreigendur hafa forgang að aukningunni.

Holt Holding, félag í eigu Skúla Þorvaldssonar kaupsýslumanns, er stærsti stofnfjáreigandinn með um tíu prósenta hlut. Tuttugu stærstu eigendurnir eiga yfir 60 prósent stofnfjár í SPRON. **- eþa**

**Stærstu stofnfjáreigendur í SPRON 15. apríl**

| Stofnfjáreigandi | Eignarhlutur |
|---|---|
| 1. Holt Holding S.A. | 9,90% |
| 2. VÍS | 4,99% |
| 3. Meiður ehf. | 4,99% |
| 4. Föroya Sparikassi | 4,90% |
| 5. Kaupþing banki hf. | 4,90% |
| 6. Sundagarðar hf. | 4,89% |
| 7. Fiskiðja Sauðárkróks | 3,90% |
| 8. Bakkabræður sf. | 2,69% |
| 9. Guðmundur Hauksson | 2,63% |
| 10. Svellhamar ehf. | 2,42% |

# Pólskt farsímaleyfi

Netia Mobile, sem er í meirihlutaeigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, hefur verið úthlutað fjarskiptaleyfi fyrir þriðju kynslóð farsíma í Póllandi.

Er þetta fjórða leyfið fyrir þriðju kynslóð farsíma sem veitt er í Póllandi. Samhliða var útboð GSM 1800 farsímaleyfa, en enginn umsækjenda var talinn uppfylla öll skilyrði fyrir slíku leyfi.

Björgólfur Thor hefur verið fyrirferðarmikill í kaupum á símafyrirtækjum í Austur-Evrópu og á einnig í slíkum fyrirtækjum í Búlgaríu og Tékklandi.

Sænsku félögin í eigu Burðaráss:

# Vegnar misvel

Sænsku félögin sem Burðarás hefur verið að fjárfesta í undanfarna mánuði hafa birt árshlutauppgjör sín. Carnegie hagnaðist um níu hundruð milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi en Burðarás er stærsti hluthafinn í félaginu með fimmtungshlut. Afkoma bankans var í takt við væntingar markaðarins að því er kemur fram í Vegvísi Landsbankans.

Afkoma hugbúnaðarfyrirtækisins Scribona var í járnum á fyrsta ársfjórðungi. Eftir skatta var hagnaður á núlli. Gengi hlutabréfa í Scribona hefur lækkað eftir uppgjörið. Burðarás á einnig í Intrum Justitia sem skilaði 600 milljóna króna hagnaði eftir skatta.



**UPPGJÖRSTÖLUR FRÁ SVÍÞJÓÐ** Forsvarsmenn Burðaráss hafa horft mikið til sænska markaðarins og fjárfesta einkum í fyrirtækjum í fjármálageiranum og upplýsingatækni.

Fjármálafyrirtækið Skandia, sem Burðarás og KB banki eiga um 4 prósent í, á enn eftir að birta afkomutölur fyrir fyrsta fjórðung ársins. **- eþa**



Fréttablaðið/AP

**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** Í opinberri heimsókn á Indlandi.

# Áhrifamesta fólkið með til Kína

## Viðskiptalífið sækir á nýja markaði.

Stærsta viðskiptasendinefnd sem farið hefur frá Íslandi heldur til Kína næsta sunnudag. Sendinefndin fer í fylgd með forseta Íslands, herra Ólafi Ragnari Grímssyni, sem verður í opinberri heimsókn í Kína.

Til Kína fara meðal annars forsvarsmenn fyrirtækja úr sjávarútvegi, ferðaiðnaði, orkuiðnaðinum og fjárfestar, svo eitthvað sé nefnt. Yfir 200 manns fara til Kína og verða þar fulltrúar yfir 100 fyrirtækja. Útflutningsráð heldur utan um ferðina og hefur þátttakan verið langt umfram væntingar þeirra.

Frammámenn úr viðskiptalífinu á borð við Björgólf Thor Björgólfsson, Jón Ásgeir Jóhannesson og Jón Helga Guðmundsson halda til Kína.

Ráðstefna, móttökur og ýmsar uppákomur eru skipulagðar fyrir Íslendingana og hafa þeir tök á að bjóða kínverskum viðskiptavinum sínum á ýmsar skipulagðar uppákomur.

Gert er ráð fyrir að margir nýti tækifærið og hitti núverandi og væntanlega viðskiptafélaga sína í Kína. Án efa verða því fréttir af frekari útrás með í farteskinu frá Kína. **- dh**

# HB Grandi ræður yfir mestum kvóta

## Stærstu útgerðarfélögin auka hlutdeild sína í heildarkvóta.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

HB Grandi ræður yfir mestum aflaheimildum á Íslandsmiðum samkvæmt nýjustu tölum frá Fiskistofu Íslands. Hlutdeild félagsins í heildarkvótanum er 11,26 prósent talið í þorskígildum og er útgerðarfélagið alveg við tólf prósenta kvótaþakið. Félagið sameinaðist Tanga snemma á árinu og jók því hludeild sína. Samherji er í öðru sæti (7,81%), FISK-Seafood í því þriðja (4,02%), Brim í fjórða (4,00%) og Þorbjörn-Fiskanes í því fimmta (3,94%). Síldarvinnslan (3,92%), Þormóður rammi – Sæberg (3,88%), Ísfélag Vestmannaeyja (3,81%), Vinnslustöðin (3,15%) og Eskja (3,11) koma svo í næstu sætum.

Litlar breytingar verða á röð efstu útgerða frá síðasta ári og kvótastöðu þeirra nema hjá HB Granda sem bætir sig um eitt prósent sem og Ísfélag Vestmannaeyja. FISK-Seafood kemur nýtt inn á listann en félagið samanstendur af Fiskiðjunni Skagfirðingi og Skagstrendingi sem voru í 12. og 14. sæti í fyrra. Útgerðarfélagið Vísir í Grindavík dettur út af topp tíu listanum.



Fréttablaðið/Valli

**HB GRANDI** HB Grandi er langsamlega stærsta útgerðarfélagið talið í kvótastöðu á Íslandsmiðum. Hlutdeild tíu stærstu útgerðanna í heildarkvóta hefur vaxið mjög á síðustu árum og ráða þær nú um helming heildarkvótans.

**Hvaða útgerð veiðir mest af hverri tegund?**

| Tegund | Útgerð | Hlutdeild af kvóta |
|---|---|---|
| Þorskur | **Samherji** | 7,26% |
| Ýsa | **HB Grandi** | 6,95% |
| Ufsi | **HB Grandi** | 18,02% |
| Karfi | **HB Grandi** | 31,95% |
| Grálúða | **Samherji** | 13,39% |
| Síld | **Skinney-Þinganes** | 13,31% |
| Loðna | **HB Grandi** | 18,68% |
| Úthafsrækja | **Íshaf** | 18,50% |

Greining Íslandsbanka bendir á að hlutdeild tíu stærstu útgerðanna sé orðin um 50 prósent af heildarkvótanum. Árið 1999 var hlutfallið hins vegar um 32 prósent en 24 prósent árið 1992. Sameiningar og uppkaup fyrirtækja innan sjávarútvegs bera keim af samþjöppun kvótans. Vekur það athygli að aðeins fjögur fyrirtæki á topp tíu eru skráð á hlutabréfamarkað og stefnir allt í það að bæði Samherji og Þormóður rammi – Sæberg fari af markaði innan skamms. Þá verða aðeins eftir HB Grandi og Vinnslustöðin.

HB Grandi hefur mestar aflaheimildir af fjórum fisktegundum af átta, í ýsu, ufsa, karfa og loðnu. Samherji ræður yfir mestum kvóta í þorski og grálúðu. Íshaf, sem er í 36. sæti þeirra félaga sem ráða mestu af heildarkvótanum, hefur yfir að ráða langmestum kvóta af úthafsrækju.

# Erlend hlutabréf gefa litla sem enga ávöxtun

Í Morgunkorni Íslandsbanka í síðustu viku er fjallað um að ávöxtun á erlendum hlutabréfamörkuðum hafi verið heldur rýr frá áramótum. Bandarísku hlutabréfavísitölurnar hafa allar lækkað á árinu, Nasdaq um tæp tíu prósent, Dow Jones um fjögur prósent og S&P 500 um rúm þrjú prósent. Markaðir í Japan og Hong Kong hafa einnig lækkað. Evrópsku vísitölurnar CAC (+ 5,2 prósent) og FTSE 100 (+1,8 prósent) hafa gert betri hluti þótt ávöxtun þeirra sé ekkert í líkingu við íslensku Úrvalsvísitöluna sem hefur hækkað um rúm 20 prósent frá áramótum. **- eþa**



**ERLEND HLUTABRÉF** Bandarísku hlutabréfavísitölurnar hafa lækkað frá áramótum. Evrópsku vísitölurnar hafa hækkað örlítið en sú íslenska er með vinninginn.





Má bjóða þér einn?
"Hröð og fagleg þjónusta eru einkunnarorð okkar hjá Lýsingu. Ef þig vantar fjármögnun á atvinnutæki þá ábyrgjumst við svar á innan við sólarhring frá því að öll gögn liggja fyrir. Einfaldara getur það ekki verið."
Elvar Daði Eiríksson
Ráðgjafi, Fjármögnun atvinnutækja
LÝSING
Fjármögnun í takt við þínar þarfir
Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is
Hinrik Pétursson I www.mmedia.is/hip

# Deilt um forstjóra



**Fyrrverandi yfirmenn í Walt Disney-fyrirtækinu í Bandaríkjunum eru meðal þeirra sem hafa lagt fram kæru á hendur framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Stjórnin er sökuð um að gefa hluthöfum villandi upplýsingar er vörðuðu leit að arftaka fyrrverandi forstjóra fyrirtækisins, Michael Eisner. Hlutaðeigandi vilja að kosning nýs forstjóra verði ógild, kosið verði aftur og allar upplýsingar varðandi ráðningarferlið verði gerðar opinberar.**

**Æðstu menn Disney eru sakaðir um að hafa notað stöðu sína til að tala fyrir ráðningu nýja forstjórans án þess að hafa íhugað í alvöru aðra kosti í stöðunni. – bg**

# Krónan hreyfist vegna nýrra frétta

## Hegðun fólks stjórnast af genginu.

Gengi krónunnar getur hreyfst töluvert í kjölfar nýrra frétta á næstunni. Þetta kemur fram í efnahagsfréttum KB banka. Töluverðar sviptingar hafa verið á gengi krónunnar innan dags síðustu vikur. Þetta bendir til þess að töluvert skiptar skoðanir séu nú á meðal markaðsaðila um eðlilegt gengi krónunnar að mati greiningardeildar KB banka.

Ásgeir Jónsson, greiningardeild KB banka, bendir á að Ísland sé lítið hagkerfi þar sem hegðun fólks stjórnist mikið af gengi krónunnar. Viðskiptahallinn slái til að mynda öll met um þessar mundir.



**VIÐSKIPTAHALLINN SLÆR ÖLL MET** Ásgeir Jónsson sérfræðingur KB banka.

Velta á gjaldeyrismarkaði jókst mikið seinni hluta síðasta árs. Á síðastliðnum þremur mánuðum hefur dregið úr veltu á gjaldeyrismarkaði þótt hún sé um milljarði meiri en á sama tíma í fyrra. - dh

# Stofnfé í SPV 3,5 milljarða virði

## Hlutur hvers stofnfjáreiganda um fimm milljónir.

Stofnfjáreigandi í Sparisjóði vélstjóra (SPV) gæti fengið um fimm milljónir króna að jafnaði fyrir stofnfjárhluti sína ef markaður með bréf í sjóðnum myndaðist. Það verður þó ekki í bráð, þar sem að aðalfundur SPV hafnaði tillögu stjórnar um að rýmka heimildir til kaupa á stofnfjárbréfum á aðalfundi sjóðsins í lok mars. Þó er vitað að margir stofnfjáreigendur í SPV, sem eru rúmlega 700 að tölu, hafa lýst yfir áhuga sínum á að kaupa eða selja á markaði með stofnbréf. Meðaleign stofnfjáreigenda í SPV er um 188.000 kr. að nafnverði.

Markaður með stofnfjárbréf í SPRON var mjög virkur fyrir síðustu áramót en lítið sem ekkert framboð er með bréf í sjóðnum þar sem 60 prósent stofnfjár hafa skipt um hendur eftir að viðskipti hófust. Verð á stofnfjármarkaði SPRON bendir til þess að fjárfestar meti stofnfjárbréf á 70 prósent af eigin fé sjóðsins og hefur Markaðurinn heimildir fyrir því að þessi viðmiðun eigi við um aðra sparisjóði. - eþa



Fréttablaðið/Stefán

**VERÐMÆTIR STOFNFJÁRHLUTIR** Ekki er ólíklegt að meðalhlutur hvers stofnfjáreiganda í SPV sé um fimm milljóna króna virði.



**RANNVEIG RIST** Rannveig Rist er eina konan sem gegnir stöðu stjórnarformanns félags í Kauphöllinni. Konum hefur fjölgað um helming í stjórnum Kauphallarfélaga á milli ára, en þær sitja samt aðeins í 7,5 prósentum stjórnarsæta.

Fréttablaðið/Hari

# Karlar þaulsetnir í stjórnum Kauphallarfélaga

## Tólf stjórnarsæti af 161 falla í hlut kvenna.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Þegar lotu aðalfunda þeirra félaga sem skráð eru í Kauphöll Íslands er lokið, er ljóst að konur sitja í tólf stjórnarsætum. Sætunum hefur fjölgað um helming á milli ára en eftir að aðalfundum ársins 2004 lauk sátu aðeins átta konur í stjórnum þessara félaga. 149 stjórnarsæti falla körlum í vil. Hlutfall stjórnarmanna er því körlum yfirgnæfandi í vil því hlutfall kvenna í stjórnum Kauphallarfélaga er aðeins 7,5 prósent.

Sex konur skipa þau 87 stjórnarsæti sem í boði eru í þeim fimmtán félögum sem mynda Úrvalsvísitöluna. Hlutfallið er því 6,9 prósent en var til samanburðar aðeins 2,3 prósent í fyrra og 5,3 prósent árið 2003. Hlutfallið hefur sennilega aldrei verið hærra.

Af þeim fyrirtækjum sem eru í Úrvalsvísitölunni sitja flestar konur sitja í stjórnum Burðaráss og Símans; Kristín Jóhannesdóttir og Þórunn Guðmundsdóttir hjá fyrrnefnda félaginu en þær Rannveig Rist og Sigríður Finsen hjá því síðarnefnda. Í varastjórn Símans sitja svo tvær konur af fimm varastjórnarmönnum. Brynja Halldórsdóttir situr ein kvenna í níu manna stjórn KB banka, Steinunn Jónsdóttir á sæti í bankaráði Íslandsbanka, Inga Jóna Þórðardóttir situr í stjórn FL Group og Guðbjörg Matthíasdóttir á sæti í bankastjórn Landsbankans. Allt eru þetta Úrvalsvísitölufélög.

Guðbjörg er eina konan sem situr í stjórnum tveggja eða fleiri félaga en hún á sæti í stjórn TM. Margrét Guðmundsdóttir, hjá Austurbakka, Sigurlaug Jónsdóttir, Sláturfélagi Suðurlands, og Nadine Deswasiere, hjá SÍF, eru þær konur sem að auki eiga sæti í stjórnum skráðu félaganna. Nadine er líklega fyrsta erlenda konan sem tekur sæti í stjórn Kauphallarfélags.

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sendi í febrúar bréf til stærstu félaga landsins og hvatti stjórnendur þeirra til að auka vægi kvenna í stjórnum félaganna.


SKJALASKÁPAR
SKJALAPOKAR OG MILLIMÖPPUR
-og allt á sínum stað!



ÓLAFUR GÍSLASON & CO HF
Sundaborg 3 • sími 568 4800
www.olafurgislason.is


# Hluthöfum fækkar í Mogganum

## Markaðsvirði blaðsins gæti verið nálægt fjórum milljörðum.

Talsverðar breytingar hafa orðið á eignarhaldi eins stærsta útgáfufélags landsins, Árvakurs, sem gefur út Morgunblaðið. Hluthafar í Morgunblaðinu nýttu sér á dögunum forkaupsrétt á tæplega sextán prósenta hlut í félaginu sem var í eigu Haraldar Sveinssonar. Er talið að hluturinn hafi selst fyrir að minnsta kosti sex hundruð milljónir króna sem þýðir að markaðsverð Árvakurs gæti verið 3,8 milljarðar króna.

Tveir hluthafahópar fara með yfir 70 prósent eignarhlut í Morgunblaðinu. Stærsti hluthafi Morgunblaðsins er eftir sem áður Útgáfufélagið Valtýr, sem er í eigu Huldu Valtýsdóttur og fjölskyldu hennar.

Hinn hópurinn er frændgarður Kristins Björnssonar, stjórnarformanns Straums, sem fer með um 35 prósenta hlut í Árvakri. MGM eignarhaldsfélag er í eigu Kristins Björnssonar, stjórnarformanns Straums, og fjölskyldu hans en félagið komst nýverið í hóp eigenda blaðsins þegar það festi kaup á Johnson ehf. Eignarhaldsfélögin Björn Hallgrímsson, Erna og Lynghagi eru í eigu þriggja barna Hallgríms Benediktssonar. Félögin eignuðust þessa hluti fyrir fimm árum þegar eignum H. Benediktsson hf. var skipt upp.

Kristinn Björnsson sagði við Markaðinn á dögunum að hann vildi sjá fjölgun í hluthafahópi Árvakurs. - eþa

**Hluthafar Árvakurs**

| | Hluthafi | Eignarhlutur |
|---|---|---|
| 1. | Útgáfufélagið Valtýr | 36,52% |
| 2.-3. | Garðar Gíslason | 12,06% |
| 2.-3. | MGM ehf. | 12,06% |
| 4. | Leifur Sveinsson | 9,13% |
| 5.-7. | Björn Hallgrímsson ehf. | 7,62% |
| 5.-7. | Erna ehf. | 7,62% |
| 5.-7. | Lynghagi ehf. | 7,62% |
| 8. | Árvakur hf. | 4,34% |
| 9. | Björn B. Thors | 3,00% |




Fréttablaðið/Hari

**MORGUNBLAÐIÐ** Eftir að hlutur Haraldar Sveinssonar var seldur eru aðeins níu hluthafar eftir í félaginu. Tveir hópar fara með yfir 70 prósent atkvæða í félaginu.




*Ertu í stellingum fyrir stór verkefni?*

*Við erum sérfræðingar í fjármögnun atvinnutækja, skrifstofubúnaðar og atvinnuhúsnæðis.*
*Hafðu samband í síma 440 4400 eða kynntu þér málið á glitnir.is.*

*Breytum hugmyndum í veruleika*

Glitnir

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 2374

Kirkjusandi • 155 Reykjavík • glitnir.is • sími 440 4400

invent
20 ÁR Á ÍSLANDI
+++1985-2005+++
OPIN KERFI
www.ok.is

Samvinna = árangur

**Velkomin á afmælisráðstefnu Opinna kerfa**

Hátíðarsal Öskju í Háskóla Íslands,
fimmtudaginn 12. maí 2005, kl. 13.00.

**Dagskrá:**



**Halldór Ásgrímsson**
Forsætisráðherra Íslands
ávarpar gesti



**Frosti Bergsson**
Einn stofnenda Opinna kerfa:
Saga Opinna kerfa sl. 20 ár



**Bernard Meric**
Forstjóri HP í Evrópu,
Mið-Austurlöndum og Afríku (EMEA):
HP – fyrirtækið og stefna þess í Evrópu



**Andy Lockhart**
Framkvæmdastjóri Cisco Systems í
Norður-Evrópu:
Áherslur Cisco til framtíðar



**Andrew Butler**
Framkvæmdastjóri rannsóknarsviðs
Gartner Group:
Upplýsingatækni til framtíðar



**Ráðstefnustjóri**
**Gylfi Árnason**
Forstjóri Opin Kerfi Group hf.

**kl. 16.30-18.00**
**Léttar veitingar**

***Verð 20.000 kr. skráning fer fram á www.ok.is/20ara**

OPIN KERFI
www.ok.is / Sími 570 1000

*Fjöldi sæta takmarkaður

Kauphöllin í New York:

# Dýrt að komast á gólfið

Myndir af sveittum og þreyttum verðbréfamiðlurum á gólfi kauphallarinnar í New York eru í hugum flestra ein af táknmyndum verðbréfaheimsins. Það komast hins vegar ekki allir inn á gólfið og ef menn vilja taka þátt í slagnum þarf að borga myndarlega summu fyrir.

Aðeins 1.366 manns hafa leyfi til að stunda viðskipti á gólfi kauphallarinnar og stöðugt eru viðskipti með þessi sæti. Í síðustu viku seldist sæti á 2,6 milljónir Bandaríkjadala – sem samsvarar tæplega 170 milljónum króna. Þetta er hæsta verð sem fengist hefur síðan árið 1999, þegar met var slegið og sæti selt á 2,65 milljónir dala. Í niðursveiflunni á mörkuðum síðustu ára hefur verðið lækkað og fór niður fyrir milljón dali í upphafi þessa árs. - þk



**HAMAGANGUR Á HÓLI** Það er slegist um að fá tækifæri til að taka þátt í viðskiptum í kauphöllinni í New York.

# Michael Jackson skuldugur upp fyrir haus

## Eyðir hátt í tveimur milljörðum á ári og skuldir hans eru um 20 milljarðar.

**Dögg Hjaltalín**
skrifar

Michael Jackson er mikil eyðslukló og eyðir hann hátt í tveimur milljörðum á ári. Þetta kom fram í vitnaleiðslum í réttarhöldunum yfir Michael Jackson þar sem hann er sakaður um kynferðisafbrot gagnvart börnum. Eyðsla hans gæti kostað hann höfundarréttinn að sínum eigin lögum og hluta af lagasafni Bítlanna.

Jackson hefur eytt 20 til 30 milljónum dollurum meira á ári en hann þénar og því breikkar alltaf bilið milli eigna hans og skulda.

Skuldir hans eru metnar á 285 milljónir dollara eða 17 milljarða króna. Sérfræðingar telja þó að eignir hans sé vanmetnar og að virði þeirra sé meira en kom fram í málaferlunum því að þar var stuðst við skattskýrslur. Reikningarnir sem lagðir voru fram voru frá miðju ári 2002. Þar kom fram að eignir hans væru 130 dollarar og skuldir næmu 415 milljónum dollara.

Michael Jackson var á tímabili með efnuðustu skemmtikröfum heims en nú virðist öldin önnur. Hann hefur sólundað öllum auðæfum sínum og vel það í ýmsa neyslu sem engin glóra virðist í. Heimili hans, Neverland, sem frekar líkist skemmtigarði en heimili, kostar skildinginn og var virði þess áætlað um þrír milljarðar fyrir nokkrum árum.

Markaðurinn hafði samband við Ingólf H. Ingólfsson, ráðgjafa í fjármálum einstaklinga, og óskaði eftir ráðum fyrir Jackson. Hann lagði áherslu á að einstaklingar stýrðu útgjöldum sínum. „Það skiptir engu máli hver innkoman er, það skiptir máli hvað þú gerir við peningana.“

Jackson eyðir fimm milljónum dollara á ári í lögfræðinga og aðra sérfræðiþjónustu, fimm milljónum dollara eyðir hann í öryggisgæslu og viðhald á heimili sínu Neverland, 7,5 milljónum dollara í persónuleg útgjöld og 2,5 milljónum í annan kostnað, sem er tilkominn að stórum hluta vegna trygginga. Til viðbótar þarf hann að borga 11 milljónir dollara í vexti af lánum sem hann tók til að geta keypt lagasöfn. Þar á meðal höfundarréttinn að Bítlalögunum. Jackson eyðir því samtals 31 milljón dollara á ári eða rúmlega 1.800 milljónum króna. Líklega neyðist hann fljótlega til að selja eitthvað af eignum sínum til að greiða niður skuldir.



**MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI** Michael Jackson kann réttu sporin.

**„Það skiptir engu máli hver innkoman er, það skiptir máli hvað þú gerir við peningana,“ segir Ingólfur H. Ingólfsson ráðgjafi í fjármálum einstaklinga.**

SÖGUHORNIÐ

# Tölva lagði heimsmeistarann



Þann 11. maí 1997 átti sá sögulegi atburður sér stað að tölva sigraði heimsmeistarann í skák í sex skáka einvígi. Garrí Kasparov fékk 2,5 vinninga gegn 3,5 vinningum Deep Blue-tölvunnar sem IBM hannaði.

Um ári áður hafði Deep Blue unnið eina skák gegn heimsmeistaranum í einvígi sem Kasparov vann með fjórum vinningum gegn tveimur. Í kjölfarið hófust verkfræðingar IBM handa við að endurhanna vélina, með þeim árangri að rúmu ári síðar lagði nýja útgáfan af Deep Blue Kasparov að velli.

Kasparov var ekki sáttur við ósigurinn og hélt því fram að hann hefði orðið var við bæði frumleika og sköpunargáfu í leik tölvunnar, en slíkt væri tölvum ekki eðlislægt. Hönnuðirnir höfnuðu öllum slíkum tilgátum og þegar Kasparov heimtaði nýtt einvígi neitaði IBM að veita honum það tækifæri.

Sumar af ásökunum Kasparov áttu við rök að styðjast. Til dæmis unnu verkfræðingarnir streitulaust að því að endurbæta kerfið á milli viðureigna til þess að verja tölvuna betur fyrir veikleikum sem hún sýndi í fyrstu skákunum.

Þrír stórmeistarar í skák unnu að forritun Deep Blue og bjuggu hana undir öll þekkt afbrigði af byrjunum en styrkur Deep Blue fólst fyrst og fremst í gríðarlegri getu til að bera saman nánast óendanlega marga möguleika úr hverri stöðu sem upp kom á skákborðinu. Forritarar létu tölvuna komast að niðurstöðu um hvaða markmiðum best væri að ná – til dæmis hvort mikilvægara væri að verja kónginn eða sækja fram – og tölvan vann svo úr þessum markmiðum með því að stúdera mörg þúsund skákir stórmeistara. - þk

Heimild: Wikipedia

# Óveðursskýin hrannast upp

## Vandi Ford og General Motors heldur áfram að vaxa.

Horfurnar hjá stóru bílafyrirtækjunum í Bandaríkjunum versnuðu enn í síðustu viku þegar matsfyrirtækið Standard & Poor's breytti ráðleggingum sínum varðandi skuldabréf fyrirtækjanna.

Ráðgjafafyrirtæki meta hversu líklegt sé að fyrirtæki endurgreiði lán sem þau taka með skuldabréfaútgáfu. Ef matsfyrirtækjum líst illa á framtíðarhorfur fyrirtækjanna hefur það þau áhrif að lánveitendur heimta hærri vexti á lánum til fyrirtækjanna.

Í síðustu viku gaf Standard & Poor's það út að fjárfestar ættu að líta á skuldabréf frá General Motors og Ford sem „rusl", en slík skuldabréf eru talin áhættusöm en fjárfestar fá í stað áhættunnar hærri vexti á lánin.

Tíðindin urðu til þess að bréf í General Motors féllu hraustlega en áhrifin á Ford voru minni. Breytt áhættumat á skuldir bílafyrirtækjanna er enn eitt áfallið fyrir bandarískan bílaiðnað en sala hjá bæði Ford og General Motors hefur farið lækkandi á fyrstu mánuðum ársins.

Bæði Ford og General Motors skulda háar fjárhæðir. Skuldir General Motors nema 292 milljörðum dala – sem samsvarar um nítján þúsund milljörðum íslenskra króna. Skuldir Ford nema ríflega tíu þúsund milljörðum króna. Hærri vextir á þessi lán munu því vega þungt í rekstri fyrirtækjanna. **- þk**

| ÚTRÁSARVÍSITALA | | | 105,96 | +5,96% | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fyrirtæki** | **Land** | **Gengi** | **Gjald-miðill** | **(Gengi gjaldmiðils)** | **Breyting** |
| **BTC** | Búlgaría | 393,16 | Lev | 42,3 | 7,2% |
| **Carnegie** | Svíþjóð | 74 | SEK | 9,04 | 1,0% |
| **deCode** | Bandaríkin | 7,05 | USD | 64,6 | 26,8% |
| **EasyJet** | Bretland | 2,3925 | Pund | 121,69 | 11,8% |
| **Finnair** | Finnland | 6,4 | EUR | 82,92 | 3,7% |
| **French Connection** | Bretland | 2,5 | Pund | 121,69 | 5,2% |
| **Intrum Justitia** | Svíþjóð | 50,75 | SEK | 9,04 | 4,1% |
| **Low & Bonar** | Bretland | 1,15 | Pund | 121,69 | -1,7% |
| **NWF** | Bretland | 5,45 | Pund | 121,69 | 24,0% |
| **Scribona** | Svíþjóð | 13,65 | SEK | 9,04 | -1,6% |
| **Singer & Friedlander** | Bretland | 3,1125 | Pund | 121,69 | 1,6% |
| **Skandia** | Svíþjóð | 35,3 | SEK | 9,04 | 5,9% |
| **Somerfield** | Bretland | 2,0075 | Pund | 121,69 | 2,9% |

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiða 9. maí 2005



**OLÍU DÆLT ÚR JÖRÐU** Hin olíuríku lönd við Persaflóa íhuga nánara samstarf í efnahagsmálum og taka hugsanlega upp sameiginlega mynt.

### Sex ríki við Arabíuskaga:

## Búa sig undir myntbandalag

Nokkur helstu stórveldi í olíuframleiðslu í heiminum stefna að því að nota sameiginlegan gjaldmiðil fyrir árið 2010. Þessi ríki vilja einnig koma á fríverslunarsamningi við Bandaríkin.

Ráðherrar frá Sádi-Arabíu, Kúvæt, Barein, Katar, Óman og Sameinuðu arabísku furstadæmunum hittust á fundi í síðustu viku til að ræða áframhaldandi samvinnu í efnahagsmálum. Fyrir fjórum árum samþykktu ríkin að stefna að því að taka upp sameiginlega mynt á svipaðan hátt og varð í Evrópu með tilkomu evrunnar.



**VARNAÐARORÐ FRÁ GREENSPAN** Seðlabankastjórinn bandaríski fylgist grannt með húsnæðismarkaði, eins og þeir íslensku.

### Bandarísku íbúðalánasjóðirnir:

## Fari varlegar í fjárfestingum

Alan Greenspan, bankastjóri bandaríska seðlabankans, varaði enn og aftur við umsvifum tveggja stórra íbúðalánasjóða í Bandaríkjunum í ræðu á Bandaríkjaþingi í síðustu viku.

Greenspan hefur gagnrýnt umsvif Freddie Mac og Fannie Mae sjóðanna að undanförnu og lýst áhyggjum af mikilli áhættu sem sjóðirnir búa við vegna fjárfestinga sinna í hlutabréfum og þátttöku í áhættusömum fjárfestingum og afleiðuviðskiptum.

Báðir íbúðalánasjóðirnir bandarísku voru settir á fót af stjórnvöldum en Greenspan telur að umsvif þeirra séu meiri en nauðsynlegt sé þar sem bankar og aðrar fjármálastofnanir geti tekið að sér stærri hlut á íbúðalánamarkaði. **- þk**


AKRALAND

Akraland ehf, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík

sími 599 4000, fax 599 4001

BORGIR

EIGNAMIÐLUN




www.akraland.is

GULLMOLINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Komnar eru í sölu frábærar eignarlóðir í Akrahverfi, hverfið er vel staðsett á grónu svæði á besta stað í Garðabæ.

Þetta eru góðar byggingarlóðir á frjósömu svæði mjög miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu með fljótfarnar umferðaræðar til allra átta.

Um er að ræða 49 lóðir sem seldar verða í tveimur hlutum og gert er ráð fyrir að þær verði byggingarhæfar í október á þessu ári.

Tilboðum í 26 lóðir sem eru í fyrrihlutanum skal skila eigi síðar en **föstudaginn 20. maí 2005 kl. 15:00** og í lóðir í seinnihlutann eigi síðar en föstudaginn **3. júní kl. 15:00.**

Tilboðum skal skila á skrifstofu Akralands þar sem allar nánari upplýsingar eru veittar um lóðirnar. Fasteignasölurnar Borgir og Eignamiðlun munu einnig annast milligöngu um sölu lóðanna og geta þeir sem hafa áhuga snúið sér þangað.

Nánari upplýsingar um lóðirnar, stærðir þeirra og nýtingu, einnig upplýsingar um hvernig væntanlegir kaupendur bera sig að við tilboðsgerð er að finna á vefsíðu Akralands www.akraland.is

Þar er einnig að finna nauðsynleg gögn sem tilboðsgjafar þurfa að kynna sér, s.s. tilboðsskilmála, tilboðsskrá og sölu- og skipulagsskilmála.

hæta



# Google datt út

Ekki var hægt að komast inn á vinsælustu leitarsíðuna á netinu, Google, í um stundarfjórðung síðasta laugardag. Forsvarsmenn Google segja að ástæðan hafi ekki verið netárás og að öryggismál séu í góðu lagi.

Grunur leikur hins vegar á að hvarf Google tengist veikleikum í grundvallarkerfinu sem internetið byggist á. Netið byggist á svokölluðu DNS-nafnakerfi og margir hafa áhyggjur af því að núverandi kerfi muni ekki anna aukinni umferð á netinu.

Aðeins þrettán tölvur í heiminum hafa það grundvallarhlutverk að leysa úr því hvaða síður verið er að sækja þegar veffföng eru stimpluð inn. Þessar þrettán tölvur gegna lykilhlutverki á internetinu og bilanir í þessum grunnstoðum kerfisins kynnu að valda stórfelldum vandræðum fyrir netnotendur.

# Fleiri símar en fólk

**Sérfræðingar á fjarskiptamarkaði spá því að árið 2007 verði fleiri en hundrað GSM-símar í notkun fyrir hverja hundrað íbúa í Vestur Evrópu. Miðað er við síma sem hafa verið notaðir eitthvað síðustu þrjá mánuði þegar tölur um útbreiðslu GSM síma eru teknar saman.**

**Nú þegar eru farsímar orðnir fleiri en fólk í nokkrum ríkjum Evrópu, meðal annars á Bretlandi, Ítalíu og í Svíþjóð. Meðal þess sem drífur þessa þróun er aukin notkun á fyrirframgreiddum símakortum sem gera notendum kleift að skipta á milli kerfa eftir því hvar ódýrast er að hringja. Símafyrirtækin vilja þó frekar eiga tryggari viðskiptavini og leggja áherslu á að binda þá í lengri tíma. Þetta er talið draga úr fjölgun farsíma á næstu árum.** - þk



# Gore heiðraður fyrir internetið

Í gegnum árin hefur mikið gaman verið hent að þeirri fullyrðingu Al Gore, fyrrum varaforseta Bandaríkjanna, að hann hafi skipt sköpum um tilurð internetsins.



Nú ætla skipuleggjendur Webby-verðlaunanna að gera tilraun til að gefa Gore þann sess sem þeir telja hann eiga skilið og vilja veita honum sérstök heiðursverðlaun. Rökstuðningurinn er sá að Gore hafi verið lykilmaður í að gera Internetið að tæki sem allur almenningur gæti notið. Hann átti frumkvæðið að því í öldungadeild Bandaríkjaþings að internetið var gert aðgengilegt fyrir almenning en lengi vel var netið aðeins notað af bandaríska hernum og útvöldum rannsóknarstofnunum.

Það var frumvarp frá Al Gore sem varð til þess að farið var að líta á internetið sem tækifæri fyrir almenning en áður höfðu vísindamenn talið að engir aðrir en þeir sjálfir gæti haft minnsta áhuga eða gagn af tækninni.

# Apple með yfirburði

Apple-fyrirtækið hefur gengið í endurnýjun lífdaga eftir að hafa slegið gjörsamlega í gegn með iPod-spilurunum á síðustu árum. Spilarinn er talinn vera einhver best heppnaða tækninýjungin síðan Sony kynnti kassettuspilarann Walkman til sögunnar undir lok áttunda áratugarins.



Nýjasta viðbótin hjá Apple er iPod Shuffle sem ólíkt fyrri iPod-tækjum er ekki með harðdisk heldur svipar honum meira til eldri gerða af mp3-spilurum. Shuffle var settur á markað fyrir um hálfu ári og hefur nú þegar náð 58 prósent markaðshlutdeild.

Yfirburðir Apple í stærri spilurum eru ennþá meiri en markaðshlutdeild iPod í spilurum með hörðum diski er nær níutíu prósent. - þk

# Ríflega sextíu prósent Íslendinga með ADSL

## Ný könnun Póst- og fjarskiptastofnunar og Gallup leiðir í ljós að Íslendingar juku hraðann á netinu verulega á síðasta ári. Nú eru um 75 prósent netverja með ADSL.

**Þórlindur Kjartansson**
skrifar

Fimm af hverjum sex heimilum á Íslandi eru nettengd og stærsti hlutinn er með háhraðatengingu í gegnum ADSL. Þetta kemur fram í könnun sem Póst- og fjarskiptastofnun lét Gallup gera. Íslendingar hafa því margfaldað hraða sinn á netinu á síðustu misserum.

Mikil fjölgun hefur orðið á ADSL-tengingum frá því að sambærileg könnun var gerð fyrir ári síðan. Þá voru tæplega sextíu prósent með ADSL-tengingu en nú er hltufallið 75,4 prósent. Að sama skapi fækkar þeim sem nota hefðbundið upphringisamband verulega. Í fyrra notaðist tæplega þriðjungur netverja við þá aðferð en í könnuninni í ár sögðust aðeins tæplega fimmtán prósent tengjast netinu í gegnum módem. Gera má ráð fyrir að stærstur hluti aukningar í ADSL-tengingum skýrist af því að fólk hafi skipt úr upphringisambandi í ADSL.

Þá fjölgar mjög þeim sem notast við þráðlausa senda til að fá netsamband. Tvö fyrirtæki bjóða upp á svokölluð loftnet, eMax og Skýrr, en notendum þeirrar þjónustu fjölgaði úr um einu prósenti í ríflega fimm prósent á milli ára.

ADSL-tengingar eru mun algengari á höfuðborgarsvæðinu en landsbyggðinni; í Reykjavík eru 85 prósent nettengdra heimila með ADSL-tengingu en utan höfuðborgarsvæðisins er hlutfallið 67 prósent. Stærstur hluti er með áskrift hjá Símanum, um 63 prósent, en 22 prósent eru í áskrift hjá Og Vodafone. Bæði hlutföllin hækka milli ára en hlutur annarra þjónustuaðila lækkar. Það skýrist að líkindum af yfirtöku Og Vodafone á Margmiðlun sem hafði þó nokkra hlutdeild á markaðnum.

Könnunin leiddi einnig í ljós að stór hluti viðskiptavina fjarskiptafyrirtækja hefur litla hugmynd um hvað þjónustan kostar. Aðeins ríflega tíundi hver viðskiptavinur segist í könnuninni vita hvað það kostar að hringja á milli GSM-síma sem ekki eru innan sama kerfis. Næstum þrír af hverjum fjórum segjast fylgjast illa eða ekkert með nýjum tilboðum frá símafyrirtækjum og tæpur helmingur telur upplýsingar frá fjarskiptafyrirtækjum vera frekar flóknar eða mjög flóknar. Aðeins rúm fimm prósent telja hins vegar að upplýsingarnar séu mjög einfaldar.



**HÁMARKSRHAÐINN Á UPPLÝSINGAHRAÐBRAUTINNI EYKST** Nú eru næstum tveir af hverjum þremur Íslendingum með ADSL-tengingu.

# Andoxunarefni sigra öldrun

Sú kenning að svokölluð sindurefni séu helsta orsök öldrunar hefur fengið enn meiri byr undir vængi en ný rannsókn á músum leiddi í ljós að mýs sem framleiða meira af andoxunarefnum lifa allt að fimmtungi lengur en aðrar.

Sindurefni eru rafhlaðnar efniseindir sem geta skemmt DNA í frumum líkamans. Líkaminn vinnur gegn þessum árásum en eftir því sem aldur færist yfir reynist líkamanum erfiðara að halda uppi vörnum.



**GÓÐLEGIR GAMLINGJAR** Með nægu magni andoxunarefnis í líkamanum verða þeir líkari laglegum unglingum.

Andoxunarefni gagnast í þessari baráttu þar sem þau geta breytt hleðslu sindurefnanna þannig að þau verði hlutlaus, þ.e. hafi hvorki jákvæða né neikvæða hleðslu.

Í tilraunum á músunum hafði þeim verið erfðabreytt til þess að framleiða aukið magn andoxunarefnis. Andoxunarefni er hins vegar einnig að finna í ýmsum matvælum og vítamínum. - þk


**Frjáls í fjölskylduferðum með AVIS í útlöndum**



**AVIS bílar í 170 löndum og 5000 stöðum um víða veröld**

Kynntu þér AVIS tilboðin á fjölskyldubílaleigubílum, stórum eða litlum áður en þú ferð í sólarlandaferðina með alla fjölskylduna. Pantaðu AVIS bílinn sjálfur á netinu www.avis.is og sjáðu kostnaðinn strax.
Þú getur líka pantað bíl með einu símtal í síma 591 4000.

**AVIS Knarrarvogi 2 • 104 Reykjavík • sími 591 4000**

AVIS
Við gerum betur

# Uppskrift fundin að draumaliðinu

## Lykilatriði að hafa bæði nýgræðinga og reynslubolta.

Hópur vísindamanna hefur komist að þeirri niðurstöðu að besta leiðin til að byggja gott lið sé að blanda saman reynsluboltum og nýgræðingum. Með slíkri blöndu er líklegast að bæði nýjar hugmyndir og reynsla fái að njóta sín.

Vísindamennirnir rannsökuðu annars vegar aðra hópa vísindamanna og hins vegar hópa sem unnið hafa að uppsetningu söngleikja. Árangur var metinn eftir því hvort vísindamennirnir næðu að birta niðurstöður í virtum fræðiritum og hvort leikhúsfólkið kæmist með sýningu á Broadway.

Með því að taka saman gögn um Broadway frá 1877 til 1990 og um vísindarannsóknir frá 1955 til 2004 fengust niðurstöðurnar sem notaðar voru til að útbúa stærðfræðimódel sem spáir fyrir um hvort hópar muni ná árangri. Langmikilvægustu breyturnar voru hvort nýir menn væru með í hópnum eða ekki og hvort hópurinn yrði líklegur til að starfa saman á ný.

Fram kemur í umfjöllun um rannsóknina í tímaritinu New Scientist að hópar sem starfa saman að vísindarannsóknum og listviðburðum hafi farið stækkandi á síðustu áratugum. Að meðaltali stóðu tveir að baki hverri leiksýningu á Broadway árið 1877 en fimmtíu árum síðar var meðaltalið komið í sjö og hefur haldist óbreytt síðan. **- þk**



**LYKILMAÐUR Í DRAUMALIÐINU** Frægasta draumaliðið er ólympíulið Bandaríkjanna í körfubolta sem lék í Barcelona árið 1992 en með því léku meðal annars Magic Johnson, Michael Jordan og Larry Bird.



Fréttablaðið/NordicPhotos/GettyImages

**NETTENGD Í GARÐINUM** Með nýrri tækni verður hugsanlega hægt að tengjast internetinu nánast hvar sem er.

# Þráðlaus net um allar grundir

## Intel og Sprint vinna saman að nýjum staðli.

Örgjörvafyrirtækið Intel og símafyrirtækið Sprint í Bandaríkjunum hafa tekið upp samstarf um að vinna að þróun nýs staðals í þráðlausum netum. Nýi staðallinn mun öflugri en sá sem nú er í notkun og getur meðal annars boðið upp á að hægt verði að komast á internetið hvar sem er innan þéttbýlissvæða.

Intel var brautryðjandi í gerð þeirra staðla sem nú eru notaðir um þráðlaus net en drægni þeirra er ekki nægilega mikil til að hægt sé að tryggja netaðgang á stórum svæðum. Nýi staðallinn heitir WiMax og mun senda út boð á öðru tíðnisviði en núverandi þráðlausir sendar.

Eftir því sem stærri svæði bjóða upp á þráðlaus net verður auðveldara að nota til dæmis netsíma en með þeim er hægt að hringja gjaldfrjálst í gegnum Internetið. Þá má búast við því að framleiðendur fartölva og lófatölva fagni þessari þróun. Hins vegar er talið að símafyrirtæki sem fjárfest hafa stórfé í þriðju kynslóðar farsímaleyfum séu ókát þar sem þráðlaus net um heilu borgirnar gætu dregið mjög úr áhuga fólks á því að nota farsíma sína til að sækja gögn og heimasíður. **- þk**



# Háhraði í Kínaveldi

Þótt umferð um internetið í Kína sé ritskoðuð virðist sem áhugi Kínverja á að nýta sér tæknina sé engu minni en ella. Nýleg rannsókn leiðir í ljós að fjöldi heimila með breiðbandstengingum verði álíka mikill í Kína og Bandaríkjunum fyrir lok þessa árs.

Það hefur vitaskuld mikil áhrif að íbúafjöldi í Kína er um fjórum sinnum meiri en í Bandaríkjunum en fjölgun nettenginga í Kína vekur engu að síður athygli. Búist er við því að 57 milljón heimili í Kína verði með breiðbandstengingu árið 2007 samanborið við 54 milljónir í Bandaríkjunum. **- þk**

# Sérbúnir diskar hjá Wal-Mart



Verslunarkeðjan Wal-Mart býður viðskiptavinum sínum nú upp á að velja lög á geisladisk og fá hann sendan heim. Wal-Mart rekur netverslun með tónlist þar sem hvert lag kostar 88 bandarísk sent (um 55 krónur).

Viðskiptavinurinn getur valið um nokkrar gerðir af plötuumslögum og fær diskinn sinn sendan heim innan þriggja daga frá því að pöntunin er send. Stjórnendur Wal-Mart segja að þjónustan sé fyrir þá sem ekki eiga geisladiskabrennara eða búa ekki yfir háhraðanettengingu. **- þk**




ANZA
Öruggur rekstur tölvukerfa

Þú þarft ekki tölvudeild

Þú færð fulla þjónustu hjá ANZA

ANZA sér um öll tölvumál fyrir fjölda íslenskra fyrirtækja. Það er sérgrein okkar.

ANZA sér um tölvukerfið þitt, allan sólarhringinn, alla daga ársins. ANZA fer aldrei í sumarfrí og er aldrei fjarverandi vegna veikinda.

Kynntu þér málið með því að hafa samband við ANZA í síma 522 5000 eða anza@anza.is

ARGUS - 05-0322

ANZA · Ármúla 31 · 108 Reykjavík · Sími 522 5000 · Fax 522 5099 · www.anza.is

Rekstur ANZA er í samræmi við vottað öryggiskerfi sem byggist á staðlinum ISO 17799 um stjórnun upplýsingaöryggis.
Hornsteinn ANZA er starfsfólk með framúrskarandi þekkingu og hæfni.




Fréttablaðið/GVA

**GUNNAR ÞORLÁKSSON OG GYLFI HÉÐINSSON VIÐ HÖFUÐSTÖÐVARNAR Í BORGARTÚNI** Félagarnir hafa á tuttugu árum byggt upp gríðarstórt verktakafyrirtæki sem selur um 200 íbúðir á hverju ári. Þeir félagar þykja duglegir, stórhuga og hrífandi. Bygg hefur lykilhlutverki að gegna í íslensku viðskiptalífi vegna fjárfestinga í FL Group og Og Vodafone.

# Byggingarfélag á flugi

**Bygg hefur fært út kvíarnar og beinir sjónum sínum að fjárfestingum auk kjarnastarfseminnar. Félagið er stórtækur framleiðandi íbúðarhúsnæðis en jafnframt stór fjárfestir í samgangna-, fjármála- og fjarskiptastarfsemi. *Eggert Þór Aðalsteinsson* dregur upp mynd af Bygg og frumkvöðlunum Gylfa og Gunnari.**

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars (Bygg) hefur verið að hasla sér völl á sviði fjárfestinga á undanförnum árum. Líkt og í verktakabransanum hefur fjárfestingarstarfsemin tekist vel til en Bygg hefur unnið náið með fjárfestingarfélaginu Saxhóli, sem er í eigu Nóatúnsfjölskyldunnar. Bygg og Saxhóll hafa tekið höndum saman við Hannes Smárason, stjórnarformann FL Group, og mynda þau saman eitt kraftmesta bandalag í íslensku viðskiptalífi.

### FASTEIGNIR ERU HORNSTEINNINN

Bygg var stofnað af Gylfa Héðinssyni múrarameistara og Gunnari Þorlákssyni byggingameistara árið 1984. Margir starfsmanna Bygg komu til liðs við þá félaga í árdaga Byggs og hafa séð fyrirtækið stækka og dafna. Félagið velti um 1.800 milljónum króna árið 2003 en óhætt er að fullyrða að sú tala hafi hækkað nokkuð á síðasta ári vegna aukinna umsvifa. Það hefur byggt yfir 1.500 íbúðir um dagana, bæði félagslegar íbúðir og íbúðir fyrir almenna markaðinn. Stærstu framkvæmdir félagsins þessa dagana eru í hinu svokallaða Sjálandshverfi, bryggjuhverfi Garðbæinga, en það hefur einnig verið virkur þátttakandi við uppbyggingu nýju hverfanna í Kópavogi, Grafarholti og Bryggjuhverfisins í Reykjavík. Ætla má að Bygg framleiði um 200 íbúðir á hverju ári og hafi tvöfaldað framleiðsluna á tveimur árum.

Í viðskiptaheimi þar sem verktakafyrirtæki koma og fara fer gott orðspor af fyrirtækinu en það er mál margra fasteignasala að íbúðarhúsnæði sem Bygg reisir gangi vel í endursölu. Hönnun íbúða og gæði hafa eflaust verið fordæmi fyrir aðra í þeim efnum.

Fasteignaverð hefur hækkað um 32 prósent á einu ári á Reykjavíkursvæðinu og er umhverfið afar hagstætt byggingarverktökum sem Bygg. Verkefnin framundan eru næg en auk Sjálandshverfis og verkefna í nýjustu hverfum Kópavogs stefnir félagið að því að byggja nokkur háhýsi í Lundi á næstunni. Þá eru áform uppi um að byggja 450 íbúðir í nýju bryggjuhverfi í Kársnesinu í Kópavogi í samvinnu við Björgun. Bygg áætlar einnig að byggja margra hæða atvinnuhúsnæði við Bíldshöfða.

### Stærstu eignir Byggs

| | Virði* |
|---|---|
| 1. Saxbygg (50%) | 4.600 |
| 2. Landsbankinn | 660 |
| 3. Smáralind | 600 ** |
| 4. Runnur (u.þ.b. 20%) | 540 |
| 5. Jarðboranir | 305 |

* Áætlað markaðsverð í milljónum.
** Áætlun. Fasteignafélag Íslands á 98% í Smáralind. Það er í eigu Baugs Group, Saxhóls og Byggs og er gert ráð fyrir jafnri eignaraðild.

### ÍSLENSKI DRAUMURINN

Uppgangur Bygg er eins konar íslensk útgáfa af ameríska draumnum, hvernig menn geta brotist til ríkidæmis og áhrifa með dugnaðinum. Þeir sem til Gylfa og Gunnars þekkja eru sammála um að ótrúlegur kraftur einkenni þá félaga. Þeir eru stórhuga og eiga auðvelt með að hrífa aðra með sér. Ekkert verkefni er of stórt að ekki sé hægt að leysa það.

Félagarnir þykja vera ekta bisnessmenn, sanngjarnir gagnvart þeim sem vilja eiga viðskipti við þá en eru harðari við þá aðila sem þeir eiga viðskipti við af fyrra bragði. Það orð fer af tvímenningunum að þeir treysti fáum nema sjálfum sér og til marks um það þá mætir Gylfi sjálfur í alla samninga sem tengjast sölu á íbúðarhúsnæði.

Þeir félagar, Gylfi og Gunnar, eru ekki gefnir fyrir sviðsljósið og eru hálfgerðir huldumenn í viðskiptalífinu. Einn viðmælanda Markaðarins orðaði það þannig að þeir láti lítið uppi og lifi þannig. Þeir séu því jarðbundnir og láti lítið á sér berast. Um þá hefur verið sagt að þeir telji ekki peningana sína og líti á fyrirtæki sitt sömu augum og skógrækt, það er að þétta skóginn og stækka.

### SMÁRALIND VAR UPPHAFIÐ

Bygg hefur í seinni tíð eytt púðri í fjárfestingastarfsemi og verður ekki annað sagt en að árangurinn hafi verið góður. Stærstu eignarhlutir félagsins liggja í FL Group (áður Flugleiðir) í gegnum eignarhaldsfélagið Saxbygg, sem Bygg og Saxhóll eiga til samans. Saxbygg er næststærsti eigandinn í FL Group með um fjórðungshlut en stærst er Eignarhaldsfélagið Oddaflug í eigu Hannesar Smárasonar. Bréfin voru keypt á genginu níu fyrir um ári síðan og hafa hækkað um 60 prósent. Um viðskiptin sagði Gunnar Þorláksson við Morgunblaðið að félagið hefði aldrei farið út í jafn stór viðskipti sem þessi. Áhættan af viðskiptunum hefur skilað sér með myndarlegum hætti en óinnleystur gengishagnaður Saxbyggs af kaupunum er yfir þrír milljarðar króna.

Samstarf Byggs, Saxhóls og Hannesar Smárasonar á sviði fjárfestinga hófst fyrir um tíu árum þegar Smáralindarverkefnið fór af stað. Gylfi og Gunnar fengu 90 þúsund fermetra lóð í Smáranum úthlutað árið 1994 en upphaflega hafði henni verið úthlutað til Sambandsins sáluga. Þeir fengu Pálma Kristinsson, verkfræðing og núverandi framkvæmdastjóra Smáralindar, til að gera arðsemis- og markaðsútreikninga. „Til álita kom hjá mér að taka verkefnið í Kópavogi að mér sem hliðarverkefni ... [e]n málin þróuðust hratt og mér varð fljótt ljóst að þeir félagarnir bjuggu yfir ótrúlegum krafti og hæfni til að leysa verkefni af þessu tagi," sagði Pálmi í viðtali við Morgunblaðið.

Fleiri fjárfestar voru kallaðir til þegar ljóst var að byggingin yrði mun stærri en upphaflega var gert ráð fyrir. BYKO, Olíufélagið, Steypustöðin og Saxhóll komu til sögunnar og síðar Baugur. Í fyrstu höfðu menn stefnt á að byggja 10 þúsund fermetra verslunarhúsnæði en enduðu í 63 þúsund fermetrum! Hannes Smárason varð stjórnarformaður Smáralindar fyrir hönd BYKO.



**SJÁLANDSHVERFI** Bygg hefur að mestu séð um uppbyggingu Sjálandshverfis í Garðabæ þar sem gert er ráð fyrir um 1.800 íbúðum. Þetta er eitt dýrasta hverfi borgarinnar. Bygg hefur komið nálægt uppbyggingu í Lindum, Sölum og Vatnsendahverfi í Kópavogi auk Grafarholts og Grafarvogs.

### FREKARI EIGNATENGSL

Leiðir Bygg, Saxhóls og Hannesar liggja einnig í gegnum Runn ehf. sem á fimmtán prósent í Og fjarskiptum. Runnur er einnig í eigu eignarhaldsfélags í eigu Mogs ehf. og Vífilfells. Bygg kemur við sögu í Húsasmiðjunni eins og Saxhóll og Hannes. Tengsl þessara þriggja fjárfesta eru ekki síður sterk við Baug Group í gegnum Og fjarskipti og Húsasmiðjuna þar sem Baugur er stærsti hluthafinn í báðum félögum. Bygg á hlut í Landsbankanum, Smáralind, Jarðborunum og Öryggismiðstöð Íslands. Þá rekur félagið fasteignasöluna Fjárfestingu. Sterk eiginfjárstaða þeirra Gylfa og Gunnars gefur þeim svigrúm til enn frekari vaxtar, ýmist á eigin vegum eða í samfloti með bandamönnum.






**Hjónarúm**
180x200 cm
**Verð frá kr.**
**74.100,-**
án fylgihluta



**Hjónarúm**
160x200cm
**Verð frá kr.**
**69.100,-**
án fylgihluta







**Íslensku springdýnurnar frá Ragnari Björnssyni endast lengur.**
Fjórir stífleikar eru í boði; mjúk, medium, stíf og extra stíf, allt eftir þörfum hvers og eins. Framleiðum og hönnum rúm og springdýnur í öllum stærðum og gerðum ásamt því að sérsmíða fyrir hótel og gististaði.

BETRI STOFAN

*Rúm og springdýnur eru framleidd í öllum stærðum*

**Opið laugardaga kl. 10-14**



***Sælurúm***
Stærðir 80, 90, 120, 130
Lyftibúnaður fyrir höfuð og fætur ásamt nuddi
Þráðlaus fjarstýring. Springdýna
**Verð frá kr. 160.000**

**RAGNAR BJÖRNSSON ehf.**

Sérhæfing í framleiðslu og hönnun springdýna. | Stofnað 1943

Dalshrauni 8 | 220 Hafnarfirði | Sími: 555 03 97 | Fax: 565 17 40 | www.rbrum.is

# Auglýsingafólk sundrast og

Velta stærstu auglýsingastofanna jókst um helming í fyrra. Þær eru nú stærri og bjóða víðtækari þjónustu voru oft ekki sársaukalausar og einkenndust annars vegar af sameiningum og hins vegar af sundrung. B að afkoma auglýsingastofa muni stórbatna á þessu ári.

Ótrúlega mörg gjaldþrot hafa einkennt starfsemi auglýsingastofa undanfarin ár. Þeir sem til þekkja segja þetta samt ekkert nýtt þegar kemur að auglýsingastarfsemi; menn hafi verið duglegir við að skilja við rekstur í skuldum og stofna nýjar stofur. Fyrirtækin Mekkanó og ABX eru nefnd í þessu samhengi og síðustu vikurnar hefur auglýsingastofan Gott fólk McCann róið lífróður. Sú stofa var ein sú stærsta upp úr aldamótunum og unnu þar um sjötíu manns þegar mest var.

**Fjörutíu prósent markaðsstjóra búast við að auglýsingakostnaður þeirra verði meiri á þessu ári en því síðasta. Það er hæsta hlutfall sem mælst hefur frá því að IMG Gallup hóf að mæla væntingar þeirra árið 1999.**

Gunnlaugur Þráinsson, framkvæmdastjóri Góðs fólks, segir nú búið að tryggja áframhaldandi rekstur. Stofan standi vel að vígi faglega og áætluð velta á þessu ári sé um 650 milljónir. Lykillinn var að fá inn nýtt hlutafé og skuldir niðurfelldar að hluta. Er Karl Wernersson nú orðinn meirihlutaeigandi í Góðu fólki eftir að hafa lagt stofunni til hlutafé.

Þó einhverjar auglýsingastofur hafi ekki farið á hausinn leiddi erfiður rekstur til þess að þær sameinuðust öðrum. Er það eitt aðaleinkenni þessa markaðar, sé þróun síðustu tuttugu ára skoðuð. Það er ekki ósvipað og í öðrum atvinnugreinum, segja stjórnendur þessara stofa, enda finni þessi bransi fyrst fyrir samdrætti í atvinnulífinu þótt uppgangurinn skili sér einnig fljótt í sjóði fyrirtækjanna.

Eins og sjá má á mynd neðst á opnunni hafa hræringar í starfsemi auglýsingastofa verið miklar. Allar stofurnar byggja á gömlum grunni eftir að hafa sameinast öðrum eða yfirtekið erfiðan rekstur. Annað sem einkennir þessa starfsemi er flótti lykilstarfsmanna frá fyrirtækjum vegna ágreinings eða vonar um betri tíð í sjálfstæðum rekstri. Er það meðal annars grunnurinn að rekstri Íslensku auglýsingastofunnar, Fítons og ENNEMM.




Heimild: Hagstofa Íslands. Velta án virðisaukaskatts. Uppl. fengnar úr virðisaukaskattsskýrslum

**ÆTLA AÐ EYÐA MEIRU**

Framkvæmdastjórar auglýsingastofa eru bjartsýnir á árið fram undan. Veltan á síðasta ári var helmingi hærri en árið áður, samkvæmt virðisaukaskýrslum sem Hagstofan vinnur upplýsingar upp úr. Fyrirtæki leggja meiri áherslu á markaðsmál og vilja eyða meiri peningum í þennan þátt starfseminnar. Fjörutíu prósent markaðsstjóra búast við að auglýsingakostnaður þeirra verði meiri á þessu ári en því síðasta. Er það hæsta hlutfall sem mælst hefur frá því að IMG Gallup hóf að mæla væntingar þeirra síðan árið 1999.

Þrátt fyrir útlit um meiri veltu á auglýsingamarkaði hefur stofum frekar fækkað en fjölgað. Aðeins sjö auglýsingastofur eru skráðar í Samtök íslenskra auglýsingastofa, en þær voru fleiri fyrir um fimmtán árum. Ingólfur Hjörleifsson, framkvæmdastjóri SÍA, segir markaðinn ekki bjóða upp á fleiri stórar stofur sem veiti heildarþjónustu við markaðssókn. Fjöldi sameininga síðustu ár hafi líka áhrif í þessa átt. Þetta sé því ekki áhyggjuefni.

Halldór Guðmundsson, framkvæmdastjóri Hvíta hússins, segir rekstur auglýsingastofa á hverjum tíma endurspegla efnahagsástandið. Þegar vel ári sé mikið að gera en umfangið minnki hratt í niðursveiflu. Sveigjanleiki verði að vera í þessum rekstri. Baráttan um viðskiptavinina sé samt alltaf hin sama, og stofurnar reyni að ná betur til þeirra með því að bjóða víðtækari þjónustu.

## Stærstu stofurnar

Innan Samtaka íslenskra auglýsingastofa (SÍA) eru sjö stofur. Þurfa þær að uppfylla viss skilyrði sem stjórn samtakanna setur. Oft hafa stofur innan SÍA verið fleiri en þeim fækkaði nokkuð upp úr síðustu aldamótum þegar margar hættu starfsemi eða sameinuðust öðrum.

Ingólfur Hjörleifsson, framkvæmdastjóri SÍA, segir að gróft á litið megi skipta auglýsingastofum í þrennt. Fyrst beri að nefna sjálfstæða verktaka sem taki að sér ýmis verkefni og vinni einfalda hönnunarvinnu. Þar á eftir komi minni auglýsingastofur með tvo til fimm starfsmenn. Þær hanni auglýsingar og bjóði upp á einhverja viðbótarþjónustu. Stærri stofur, sem bæði séu innan SÍA og utan, leggi sig fram um að bjóða heildarþjónustu við auglýsingar og markaðsstarf. Innan þeirra fari fram rannsóknarvinna og greining á markaðnum til að ná betur til markhópsins.

Ingólfur segir ekki óeðlilegt að sjö stofur séu innan SÍA miðað við stærð markaðarins. Um fimmtán stofur hafi stærð og getu til að vera innan samtakanna. Stundum hefur rætt um að stofna regnhlífasamtök fyrirtækja í samskiptaiðnaði. Ekkert sé hins vegar ákveðið í þeim efnum.

| Stofur innan SÍA | velta (millj. kr.) |
|---|---|
| Íslenska auglýsingastofan | 1.463 |
| Fíton ehf. | 1.062 |
| Hvíta húsið | 953 |
| ENNEMM | 813 |
| Himinn og haf | 300 |
| Hér & nú | 260 |
| Hausverk | 120 |

**Aðrar stofur**

| | |
|---|---|
| Argus | Jónsson & Le'mack |
| Gott fólk McCann | Augl.st. Guðrúnar Önnu |

**LÍTIÐ EIGIÐ FÉ**

Jónas Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslensku auglýsingastofunnar, segir rekstrarlegar forsendur oft óraunhæfar hjá fyrirtækjum í þessum bransa. Aðalástæðan fyrir erfiðleikunum sé að lítið eigið fé fái að byggjast upp. Menn hugsi of mikið um vöxtinn og gefi sér ekki tíma til að vinna hægt og rólega upp eigið fé. Þessi fyrirtæki beri ekki miklar vaxtagreiðslur og því þurfi eigið fé að vera viðunandi. Eins hafi ótímabærar sameiningar leitt menn í ógöngur.

Jónas bendir á að í flestum tilvikum séu það eigendurnir sjálfir sem vinni á auglýsingastofum og byggi þær upp. Ekki sé mikið af utanaðkomandi fjárfestum í þessari atvinnugrein eins og kannski í mörgum öðrum. Lykillinn sé að hafa marga góða kúnna til að þola sveiflur í efnahagslífinu. Minni stofur hafi ekki slíka viðskiptavini og þoli sveiflur verr.

Eiríkur Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Himins og hafs, segir að þeir sem ekki hafi brugðist rétt við í niðursveiflunni 2000 hafi farið á hausinn. Lítið hafi verið eftir af rekstrinum. Það hafi verið síðasta höggið sem markaðurinn hafi fengið og menn séu við öllu búnir núna.

Hann segir eigendur ekki bera neinar gríðarlegar upphæðir úr býtum í þessum bransa. Mun minna sé greitt fyrir þjónustu auglýsingastofa hér á landi en fyrir sambærileg










## Rek
## frá Góð

Ólafur Stephensen rak augl
hann stofnaði Gott fólk. Þega
fólks, þeir Kristján Friðrikss
óskuðu eftir að gerast meðeige
ur þeim uppsagnarbréf með þ
þeir þá á fund helsta viðskipt
sonar, þá forstjóra Skeljungs,
lýsingastofuna Svona gerun
síðar Oktavó og hefur e
auglýsingastofan. Er
ingastofa lands
velt

## BAKGRUNNUR STARFANDI AUGLÝSINGASTOFA



# g sameinast

en áður. Fæðingar þeirra
örgvin Guðmundsson segir

verk erlendis. Einyrkjar á markaðnum, sem komi og fari, jafni líka sveiflur út. Ekki sé erfitt að koma inn á markaðinn fyrir góðan einstakling og tækjabúnaður sé tiltölulega ódýr.

Jónas tekur undir með Eiríki og segir margan annan atvinnurekstur skila meiri hagnaði. Afkoman sé þó í mörgum tilfellum viðunandi. Mestu máli skipti hversu skemmtilegt sé að vinna við auglýsingamennsku. Það sé drifkraftur margra í greininni.

## …ir
## …fólki

…singastofuna ÓSA þegar
…tveir af stjórnendum Góðs
… og Ólafur Ingi Ólafsson,
…lur að stofunni afhenti Ólaf-
…ggja mánaða launum. Fóru
…inar síns, Kristins Björns-
…g stofnuðu í kjölfarið aug-
…við. Sú stofa sameinaðist
…r það heitið Íslenska
…að stærsta auglýs-
…s sé horft til

**VÍÐTÆKARI ÞJÓNUSTA**

Hallur Baldursson, framkvæmdastjóri EMMENN, segir að hræringar á fjölmiðlamarkaði undanfarin ár hafi ekki haft neinar grundvallarbreytingar á auglýsingamarkaði í för með sér. Helst hafi auglýsingastofur stækkað og nú veiti fleiri sérhæfðari þjónustu. Mikil þróun hafi verið í greiningu á markaðnum fyrir viðskiptavini svo hægt væri að nýta peninga þeirra betur í markaðssókninni.









Jónas hjá Íslensku auglýsingastofunni segir sitt fólk leggja gríðarlega áherslu á ráðgjöf. Það hafi breyst mikið síðustu sex til sjö árin. Nú sé hugsað um vörumerki og hugtök við markaðsráðgjöf. Enn sem komið er bjóði ekki ýkja margar stofur upp á slíka heildstæða þjónustu.

Ásmundur Þórðarson, rannsóknastjóri Auglýsingamiðlunar, segir markaðinn nú miklu flóknari en áður. Til að hámarka árangur við auglýsingar þurfi að tryggja að rétta fólkið sjái auglýsingarnar. Þetta sé breytt frá því að Morgunblaðið og Ríkissjónvarpið voru einu miðlarnir. Þá hafi verið nóg að panta blaðsíðu þrjú í Mogganum til að ná til stærsta hluta þjóðarinnar. Nú sé rétt tíðni auglýsinga og dekkun lykilatriði.

Ingólfur Hjörleifsson hjá SÍA tekur í svipaðan streng. Auglýsingastarfið sé orðið flóknara eftir því sem boðleiðir hafi orðið fleiri. Rannsóknir sýni jafnframt að það gefi betri árangur að draga ekki saman markaðsstarfið í niðursveiflum. Það skili sér betur þegar vel ári aftur. Fyrirtæki séu almennt séð að átta sig á þessu.



**STANSLAUST AUGLÝSINGAÁREITI** Samkvæmt rannsóknum dynja um tvö þúsund auglýsingaskilaboð á venjulegum Bandaríkjamanni á hverjum degi. Ásmundur Þórðarson hjá Auglýsingamiðlun segir áreitið á Íslandi nálgast þetta hlutfall. Má því segja að starf auglýsingafólks hafi áhrif á Íslendinga mörg þúsund sinnum dag hvern í formi hvers kyns auglýsinga.

**SÉRHÆFÐAR MARKAÐSRANNSÓKNIR**

Samhliða þessum breytingum á fjölmiðlamarkaði hafa svokölluð birtingarfyrirtæki, sem sérhæfa sig í markaðsrannsóknum, sprottið upp. Þau helstu eru ABS fjölmiðlahús í eigu Íslensku auglýsingastofunnar og Hvíta hússins, Auglýsingamiðlun í eigu Fíton og Birtingahúsið, sem er í eigu stærstu auglýsenda landsins og segist vera óháð auglýsingastofum. ENNEMM og Himin og haf eru sjálfar með birtingarstofur innan sinna fyrirtækja en aðrar stofur versla mikið við þær tvær fyrstnefndu.



Ásmundur Þórðarson segir vinnuna byggja á því að meta hlutlæga og huglæga hluti við greiningu á markaðnum. Upplýsingar sé að finna í dagbókarkönnunum Gallup um notkun fjölmiðla, sem unnið sé frekar með til að draga upp ákveðna mynd. Einnig séu viðhorf lífsstílshópa rannsökuð og efni greint eftir aldri, kyni, búsetu og tekjum, svo dæmi séu tekin.

Þegar litið er á veltu auglýsingastofa innan SÍA sést að Íslenska auglýsingastofan er þar efst á blaði. Næst kemur Fíton. Ein ástæðan fyrir mikilli veltu er að tekið er tillit til hlutdeildar í veltu birtingarstofanna í þessum tölum. Mestur hluti hennar er aðkeypt þjónusta vegna birtinga auglýsinga í fjölmiðlum, sem birtingarhúsin rukka síðan viðskiptavini sína um. Ekki er óalgengt að fyrir þetta taki stofurnar fimmtán prósenta þóknun af verði auglýsinga. Í samningum við 365 prentmiðla hefur þetta hlutfall verið lækkað í tólf prósent. Eru veltutölur því ekki eingöngu byggðar á útseldri vinnu.



## Mest auglýst í blöðum

Samkvæmt heimildum Markaðarins er mun meira fjármagni varið í auglýsingar í sjónvarp en í dagblöð í löndum sem við berum okkur saman við. Þessu er heldur betur öfugt farið hér eins og sjá með í meðfylgjandi töflu. Skýringin er sögð helst sú að kostnaður við gerð sjónvarpsauglýsinga er mikill hér á landi þótt birtingarkostnaður sé í samræmi við ávinning. Markaðurinn sé lítill og enn sé hlutfallslega litlum peningum varið í þessi mál ef undan eru skilin stærstu fyrirtæki landsins.

Mestur auglýsingakostnaður fer í dagblöð á Íslandi. Þær eru taldar einfaldar í framleiðslu og auðvelt að bregðast fljótt við ef einhverjum upplýsingum þarf að koma á framfæri við neytendur. Eins er sagt að það henti ekki að auglýsa verð í sjónvarpi og því séu dagblöð frekar notuð þegar vörur á góðu verði eru auglýstar. Miðillinn henti einfaldlega betur. Sjónvarp sé áhrifameira þegar byggja þarf upp ímynd fyrirtækis.

**Auglýsingamarkaðurinn 2004**
- Áætluð skipting milli miðla í millj. kr. -

| | |
|---|---|
| Dagblöð | 3.168 |
| Sjónvarp | 1.865 |
| Útvarp | 720 |
| Aðrir | 960 |
| **Samtals** | **6.713.** |



## Frumkvöðlar í bransanum

Starfsemi auglýsingastofa á sér ekki langa sögu á Íslandi. Segja má að fyrstu stofurnar opnuðu í upphafi sjöunda áratugarins. Samstarfið fyrir þann tíma einkenndist af einyrkjum sem unnu saman að einstökum verkefnum.

Þegar spurt var um frumkvöðla í stéttinni voru Gísli B. Björnsson sem stofnaði Auglýsingastofu GBB, Kristín Þorkelsdóttir á Auglýsingastofu Kristínar og Hilmar Sigurðsson og Þröstur Magnússon á Argusi oftast nefnd.

Kristín er meðal annars þekkt fyrir að hanna íslensku peningaseðlana. Þröstur Magnússon er frægur mynthönnuður og er höfundur myntanna sem komu til eftir myntbreytinguna 1980. Hann hefur einnig hannað viðhafnarmyntir; til dæmis á fimmtíu ára afmæli lýðveldisins, fimmtíu ára afmælis fullveldisins og þegar fagnað var þúsund ára afmæli kristni á Íslandi. Hann hefur einnig hannað mörg fallegustu frímerki Íslands.

Hilmar Sigurðsson segir að mesta þróunin í auglýsingabransanum hafi falist í breyttri tækni. Nú sé öll hönnun komin inn í tölvur en áður fyrr var efnið meira og minna handunnið. Ekki hafi einu sinni verið til faxtæki þegar hann hóf störf.

Ólafur Stephensen er líka sagður hafa verið frumkvöðull á sínu sviði. Hann innleiddi markaðsfræðina í auglýsingabransann. Áður fyrr voru það aðallega hönnuðir sem voru að búa til auglýsingar. Hann bætti aðferðafræði við markaðssetningu. Er það starf í líkingu við starfsemi allra auglýsingastofa á Íslandi í dag, sem bjóða heildstæða þjónustu við markaðssetningu vara og fyrirtækja.



## FÓLK Á FERLI

**JOSTEIN SÆTRENES** hefur verið ráðinn forstjóri KredittBanken í Álasundi.

Sætrenes er í dag forstjóri skipafélagsins Bourbon Offshore Norway AS. Áður var hann fjármálastjóri Havila Supply, vann hjá Fokus Bank og gegndi ýmsum störfum í skipaiðnaðinum. Sætrenes tekur við stöðu forstjóra KredittBanken í ágúst og mun kom í stað Frank O. Reite, sem nýverið var gerður að framkvæmdastjóra yfir starfsemi Íslandsbanka í Noregi og á sæti í framkvæmdastjórn Íslandsbanka.

**ALMAR ÖRN HILMARSSON** hefur verið ráðinn forstjóri Sterling. Almar hefur



verið framkvæmdastjóri Iceland Express síðan í byrjun nóvember á síðasta ári. Almar er lögfræðingur og er fæddur 1973. Hann varð framkvæmdastjóri Ágætis árið 1999 og eftir að Ágæti og Bananar sameinuðust árið 2001 stýrði Almar hinu sameinaða fyrirtæki. Í árslok 2002 tók hann svo við starfi framkvæmdastjóra Tæknivals.

**MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR** hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Austurbakka.



Margrét, sem er fædd 1954, hefur víðtæka stjórnunarreynslu bæði á Íslandi og í Danmörku. Síðustu 10 ár hefur hún starfað sem framkvæmdastjóri Neytendasviðs Skeljungs hf. Þar á undan starfaði Margrét í níu ár sem framkvæmdastjóri hjá olíufélaginu Q8 í Kaupmannahöfn. Margrét lauk Cand. Oecon prófi frá HÍ 1978 og Cand Merc prófi frá Copenhagen Business School 1981. Eiginmaður Margrétar er Lúðvíg Lárusson sálfræðingur og eiga þau tvö börn.



**FRÁ AÐALFUNDI SA** Hrund Rudolfsdóttir og Brynjólfur Bjarnason.

## Ný stjórn Samtaka atvinnulífsins

Nýja stjórn Samtaka atvinnulífsins skipa: Ingimundur Sigurpálsson, formaður, forstjóri Íslandspóst, Arnar Sigurmundsson, Samtökum fiskvinnslustöðva, Björgólfur Jóhannsson, Síldarvinnslunni, Brynjólfur Bjarnason, Landssíma Íslands, Eiríkur Tómasson, Þorbjörn-Fiskanes, Friðrik Jón Arngrímsson, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Gunnar Sverrisson, Íslenskum aðalverktökum, Grímur Sæmundsen, Bláa lóninu, Guðmundur Ásgeirsson, Nesskipi, Hreiðar Már Sigurðsson, KB banka, Hjörleifur Jakobsson, Olíufélaginu, Hrund Rudolfsdóttir, Lyf og heilsu, Jens Pétur Jóhannsson, Rafmagnsverkstæði Jens Péturs, Kristín Jóhannesdóttir, Baugi Group, Loftur Árnason, Ístaki, Óskar Magnússon, Tryggingamiðstöðinni ,Ragnhildur Geirsdóttir, FL Group, Rannveig Rist, Alcan á Íslandi, Sveinn Hannesson, Samtökum iðnaðarins, Þorgeir Baldursson, Prentsmiðjunni Odda og Vilmundur Jósefsson, Gæðafæði. - dh

# Val sælkerans á góðu verði

**Margur er knár þótt hann sé smár gæti verið mottó Melabúðarinnar. Vöruúrvalið er mikið og oftar en ekki er búðin þétt skipuð en fermetrarnir eru ekki margir. *Dögg Hjaltalín* heimsótti búðina og náði tali af Friðriki Guðmundssyni verslunarstjóra þar sem hann var önnum kafin við að afgreiða.**

Í hjarta Vesturbæjarins stendur Melabúðin og sækja Vesturbæingar og nærsveitungar þangað að sögn Friðriks Ármanns Guðmundssonar. Verslunin er fjölskyldufyrirtæki og Friðrik sér um reksturinn ásamt Pétri Alan, bróður sínum. Þeir tóku við af föður sínum, Guðmundi Júlíussyni, sem hafði stjórnað búðinni um langt árabil. Melabúðin var stofnuð 4. júlí 1956 í sinni upprunalegu mynd og heldur hún því upp á fimmtugsafmæli sitt næsta sumar.

> **Melabúðin**
> Mottó: Að eiga allt fyrir alla
> Stofnuð: 4. júlí 1956

Búðin er ekki stór í fermetrum talið en vöruúrvalið er með því besta sem gerist. Friðrik segir mikilvægt að bjóða upp á það sem viðskiptavininn vantar og að þeir þurfi ekki að leita annað.

Friðrik segir búðina ekki hafa verið stóra í sniðum í upphafi. Í húsnæðinu sem Melabúðin er í núna var einnig mjólkurbúð á vegum Mjólkursamsölunnar en búðin stækkaði svo sem því nemur þegar mjólkurbúðin lagði upp laupana. Búðin var í þeirri mynd þangað til síðasta sumar en þá stækkaði hún lítillega í viðbót til að bæta aðgengi viðskiptavinanna en þeir eru um þúsund á dag. „Okkur er þröngt stakkur skorinn á þessum fermetrum hérna þannig að það munaði um stækkunina. Ég fullyrði að engin verslun sé með jafnmikla sölu á fermetra eins og þessi verslun,“ segir Friðrik.

**SÆLKERAVERSLUN**

Mikið vöruúrval einkennir Melabúðina og segir Friðrik þá alltaf passa að fylgjast vel með nýrri vöru á markaði. „Við erum oftar en ekki fyrstir til að taka inn nýjungar.“ Hann segir viðskiptavini búðarinnar ánægða með úrvalið. „Við erum vel vakandi og það endurspeglast í ánægju viðskiptavinanna.“

En það fylgja því bæði kostir og gallar að vera með mikið vöruúrval. Friðrik segir mikla vinnu fylgja breiðu vöruúrvali en þeir bræður geri allt til þess að hafa viðskiptavininn ánægðan. „Það hefur verið okkar lífsmottó að eiga allt fyrir alla. Það gefur auga leið að það er ekki hægt að hafa allt, við verðum að velja og hafna. Það má segja að við séum allt frá því að vera nauðsynjavöruverslun upp í að vera sælkeraverslun. Kjötborðið er okkar stolt, val sælkerans á góðu verði.“

**ALDREI VERIÐ ÓDÝRARI**

Friðrik segir meira vöruúrval ekki endilega þýða hærra verð. „Með aukinni samkeppni hefur verðið farið lækkandi hjá okkur á undanförnum árum og hefur aldrei verið lægra en það er í dag.“ Hann segist trúa því að meðalálagningin í Melabúðinni sé með því lægsta sem gerist. Ef verðið í Melabúðinni er borið saman við aðrar matvöruverslanir er verðið á svipuðu róli og Hagkaup, ef ekki ódýrari í ákveðnum vöruliðum.

Friðrik leggur mikið upp úr því að skapa ákveðna umgjörð sem viðskiptavinir sæki í. „Það sem gerir búðina spennandi er sambland af vöruúrvali, skemmtilegu umhverfi og samhentu starfsfólki.“

Oftast er annar hvor þeirra bræðra á staðnum og eru þeir oftast tilbúnir til skrafs og ráðagerða ef svo ber undir. „Það er þessi persónulegi þáttur sem vill oft gleymast þegar fólk fer í stærri búðir.“ Hann segir Melabúðina vera verslun Vesturbæinga og nágrannasveitarfélaganna. „Hingað kemur fólk og hittir vini og kunningja. Fólk kemur ótrúlega víða að til þess að sækja hingað vöru og þjónustu.“

Kaupmannsbúðirnar hafa verið að týna tölunni smátt og smátt og Friðrik segir hverfisverslanir ekki vera margar eftir. Velta Melabúðarinnar hefur aftur á móti verið að aukast síðustu ár. „Að öðrum ólöstuðum held ég að við séum svo heppin að geta með þessari umgjörð okkar boðið fólki þá vöru og þjónustu sem virðist vera vinsæl því að veltan er mikil.“

**MELABÚÐIN EKKI FÖL**

Melabúðin er í samtökum Þinnar verslunar sem eru samtök kaupmanna á horninu. Friðrik segir að þegar lagt hafi verið af stað í upphafi hafi verið góður hugur í mönnum. Síðan hafi þessar verslanir týnt tölunni. „Verslanir hafa selt sig stóru keðjunum og eftir stendur góður kjarni fimm verslana, tvær í Reykjavík og þrjár úti á landi.“

Friðrik segir að líkt og hjá smærri verslununum hafi oft gengið á ýmsu hjá þeim stærri. „Til dæmis nefni ég tilraunina með Nýkaup þannig að þetta gengur upp og ofan á öllum vígstöðvum.“

En liggur þá ekki beinast við að Melabúðin verði einnig keypt af stærri samkeppnisaðilum? Friðrik segir að oftar en einu sinni og oftar en tvisvar hafi verið falast eftir Melabúðinni en þeir haldi sínu striki. „Við bræðurnir höfum tekið meira og minna við rekstrinum af föður okkar Guðmundi, sem bregður sér enn bak við búðarborðið. Ég kom að rekstrinum fyrir tveimur árum til að taka slaginn og ekki hefur veitt af. Það hefur verið brjálað að gera,“ segir hann og snýr sér aftur að því að afgreiða úr kjötborðinu.



Fréttablaðið/Heiða

**STENDUR VAKTINA Í KJÖTBORÐINU** Friðrik Guðmundsson, verslunarstjóri Melabúðarinnar.

## BESTA RÁÐIÐ

## Mótlæti getur verið dulbúinn vinur

Páll Bragi Kristjónsson, forstjóri Eddu, segir að í gegnum tíðina hafi hann fundið ýmsa speki og gáfulega mola í bókum. „Maður las Spámanninn og Lao Tse og allt þetta og fann sér ýmis haldreipi og kennisetningar,“ segir hann. Hann segir að eftir því sem árin hafi liðið hafi hann hætt að sjá einhvern algildan sannleika í slíkri speki. Lífið sé flóknara en svo.

„Þegar maður er kominn á þennan aldur þá gerir maður þetta allt á einhverjum reynslubrunni sem þarf ekki að skilgreina frá degi til dags,“ segir hann.

Páll Bragi segist ekki hallast að neinum einföldum sannindum og að ekki sé að hægt að gera mikinn greinarmun á því sem gagnist mönnum sem stjórnendum í fyrirtækjum eða í lífinu almennt. „Maður er náttúrlega fyrst og fremst manneskja,“ segir hann.



**PÁLL BRAGI KRISTJÓNSSON**

„Í ólgusjó hversdagsins finnst mér ágætt að hafa í huga það sem Shakespeare sagði að enn hafi ekki fæðst sá heimspekingur sem tekið hefur tannpínu með rósemd. Ég hef líka gjarnan í huga að mótlætið er oft dulbúinn vinur og ég hef í huga að sigurmáttur manns sjálfs grundvallast á bjargfastri trú – og svo hef ég það sem algjöran grundvöll að bænin er brú til æðri máttar,“ segir Páll Bragi. - þk

# Tvöfaldað í Kína

Breski fjárfestingarbankinn HSBC tvöfaldaði eignarhlut sinn í kínverska tryggingafélaginu Ping An í fyrradag. Kaupverð hlutanna var 1,1 milljarður dollara eða í kringum sjötíu milljarðar króna. Notaði bankinn tækifærið til kaupanna eftir að hlutabréfaverð hafði náð sex ára lágmarki. Það voru Morgan Stanley og Goldman Sachs sem seldu. Eftir kaupin mun bankinn eiga tæp tuttugu prósent í Ping An, sem er annað stærsta tryggingafélag landsins.

HSBC er stærsti vestræni fjárfestirinn í kínverskum fjármálafyrirtækjum. **– bg**



**SLÁTRUN HJÁ SS** Markaðsvirði rúmar 200 milljónir.

# Enn fækkar á Aðallista

## SS á Tilboðsmarkaðinn vegna lítilla viðskipta og aukinna krafna.

Sláturfélag Suðurlands verður fært af Aðallista yfir á Tilboðsmarkaðinn í byrjun júní. „Vegna lítilla viðskipta, síaukinna krafna sem gilda um skráningu og kostnaðinn sem af því leiðir höfum við valið þá leið að færa félagið yfir á Tilboðsmarkaðinn,“ segir Steinþór Skúlason, forstjóri SS. Hann bætir við að auk þess hafi stjórnendum félagsins verið skylt að færa það vegna lágmarkskröfu um markaðsvirði félaga á Aðallista.

Markaðsvirði SS miðað við síðustu viðskipti er 214 milljónir en skráningarskilyrði á Aðallistanum miða við að markaðsvirði félaga sé yfir 600 milljónir. Um helmingur af eiginfé félagsins er skráð í Kauphöllina. **- dh**



Fréttablaðið/Stefán

**TANNTÆKNI** Ómar B. Hansson, tannsmiður og framkvæmdastjóri tannsmiðjunnar Krónu, bauð viðskiptavinum sínum í heimsókn til að kíkja á nýjasta tæki tannsmiðjunnar. Tækið gerir kleift að skanna staka tennur eða fleiri til að hanna undirlag fyrir krónur og brýr. Hönnunin fer fram á tölvuskjá með hjálp þrívíddarhugbúnaðar. Upplýsingarnar eru síðan sendar til Svíþjóðar þar sem undirlagið er smíðað úr Zircon keramiki og sent til baka í pósti. Ómar segir marga kosti við efnið og tæknina. Undirlagið sé hvítt og ekki komi grár skuggi eins og þegar notast er við gullefni, auk þess sem mikil vinna og tími sparast miðað við hefðbundnar aðferðir.

# Ofurhetjurnar græða fyrir Pixar

## Hagnaður þrefaldast á milli ára.

Miðaldra ofurhetjurnar í bíómyndinni The Incredibles láta sér ekki nægja að vinna sigurorð á hinum illa Syndrome heldur hefur þeim tekist að skila Pixar kvikmyndaframleiðandanum methagnaði.

Kvikmyndaframleiðandinn Pixar, sem getið hefur af sér margar af þekktustu teiknimyndum síðustu ára, þrefaldaði hagnað sinn á fyrstu þremur mánuðum ársins miðað við sama tíma í fyrra. Það er fyrst og fremst mikil sala á DVD-diskum með kvikmyndinni The Incredibles sem hefur gert gæfumuninn.

Hlutabréf í Pixar hækkuðu snarlega á markaði í kjölfar tíðindanna. Þá vekur það bjartsýni að Steve Jobs, stjórnarformaður Pixar og forstjóri Apple, lýsti yfir að hann hefði hug á því að ræða við nýjan forstjóra Disney-fyrirtækisins um samvinnu, en upp úr samvinnu fyrirtækjanna slitnaði vegna ágreinings milli Jobs og Michael Eisner fyrrum forstjóra Disney.

Disney gerði samning um dreifingu á myndum Pixar en aðeins ein mynd er eftir á þeim samningi, myndin Cars sem kemur út síðar á árinu.

Sala DVD-diska með kvikmyndum hefur bætt miklu við tekjumöguleika kvikmyndavera en sérstaklega er vinsælt að kaupa teiknimyndir á DVD-spólum. Fyrir vikið hafa fyrirtæki á borð við Pixar lagt sig fram um að framleiða myndir sem höfða bæði til barna og fullorðinna svo allir á heimilinu vilji kaupa diskinn. Alls hafa selst tæplega tuttugu milljónir DVD-diskar með myndinni. **- þk**



**BOB PARR OG FJÖLSKYLDA Í OFURHETJUBÚNINGUNUM** Hin ótrúlega Parr-fjölskylda hefur skilað Pixar dágóðri summu eftir að bíómyndin The Incredibles sló í gegn um heim allan.

Mustad®
BEITNINGARVÉLAKERFI
30 ára þróun og reynsla tryggir
100% virkni á beitningarvélum
frá Mustad®



UPPSTOKKARI
30-40 krókar á mín.
REKKAKERFI
Endalausir möguleikar
BEITNINGARVÉL
Allt að 180 krókar á mín
9 smábátakerfi seld
Sendum áhugasömum
DVD myndband
SJÓVÉLAR
Skútuvogi 6 - 104 Reykjavík
Sími 553 3311 - Fax 553 3336
www.sjo.is - sjo@sjo.is
3 ára ábyrgð
Fiskifréttir/Gutenberg

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Íslensk sendinefnd er á leið til Kína.

# Land tækifæranna á þessari öld

**Hafliði Helgason**

Um næstu helgi fer frá Íslandi, á vegum Útflutningsráðs Íslands, fjölmennasta viðskiptasendinefnd sem héðan hefur farið. Áfangastaðurinn er Kína sem er sá markaður sem margir telja að muni leiða hagvöxt heimsins á þessari öld.

Með í þessari ferð verða allir þeir helstu sem leitt hafa sókn íslenskra fyrirtækja á alþjóðamarkaði. Kína er risastór markaður og eflaust mörg spennandi tækifæri að finna í þeirri gerjun sem er í viðskiptalífi landsins. Kínverjar keppa líka við íslensk fyrirtæki á mörgum sviðum og sókn þeirra í sjávarútvegi hefur verið höfuðverkur íslenskrar fiskvinnslu.

Margir bjuggust við því að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki myndu leiða sókn Íslendinga á alþjóðlegan markað. Svo fór ekki og lyfjafyrirtæki, fjármálafyrirtæki, matvælaframleiðsla, smásala og flutningastarfsemi hafa verið í forystusveit íslenskrar útrásar. Sjávarútvegurinn hefur gert sínar tilraunir og hafa þær gengið misjafnlega eins og gengur. Kannski finnur sú mikla þekking sem býr í íslenskum sjávarútvegi sér farveg í Kína.

**Augu kaupsýslumanna heimsins beinast að Kína. Þar verða margir um hituna og ekkert gefið í því að árangur náist. Sá sóknarhugur sem einkennt hefur íslenskt viðskiptalíf gefur hins vegar góð fyrirheit um að allar forsendur séu fyrir hendi að íslensk fyrirtæki geti náð árangri í Kína.**

Íslensk fyrirtæki hafa náð góðum árangri í kaupum á fyrirtækjum erlendis. Enn á eftir að sjá hvernig til tekst með rekstur þessara fyrirtækja til lengri tíma. Ekki er við því að búast að öll fjárfestingarævintýri Íslendinga heppnist. Sagan sýnir að svo er ekki. Hins vegar er engin ástæða til þess að gera of mikið úr því þótt eitthvað kunni að fara illa. Það er einfaldlega gangur viðskiptalífsins. Líklegt er þó að betur hafi verið af stað farið en heima setið. Sá sem ekki tekur áhættu í viðskiptum gerir ekki neitt.

Íslendingar hafa reynt fyrir sér í Kína og er frægasta dæmið tilraun til þess að framleiða lakkrís í landinu. Íslenskur lakkrís er eitt þeirra fyrirbæra sem Íslendingar trúa að sé hvergi betra í heiminum en hér á landi. Smekkur og menning er hins vegar mismunandi á milli landa og ekki víst að kínverskt sælkerafæði falli Íslendingum í geð. Þar fyrir utan eru ýmsar hindranir í menningarmun þegar menn reyna að koma á fót starfsemi í ólíkum menningarheimi.

Heimsókn Íslendinga til Kína er vel til þess fallin að íslenskir kaupsýslumenn kynnist grunnþáttum samfélagsins og efnahagsþróunar í landinu. Sú þekking er forsenda þess að einhverjum árangri verði náð í framtíðarviðskiptum og fjárfestingum íslenskra fyrirtækja í landinu. Augu kaupsýslumanna heimsins beinast að Kína. Þar verða margir um hituna og ekkert gefið í því að árangur náist. Sá sóknarhugur sem einkennt hefur íslenskt viðskiptalíf gefur hins vegar góð fyrirheit um að allar forsendur séu fyrir hendi að íslensk fyrirtæki geti náð árangri í Kína.

Ferð Útflutningsráðs til Kína er kærkomið tækifæri fyrir íslenskt viðskiptalíf að kanna jarðveginn í því landi tækifæra sem Kína mun verða á þessari öld.

bjorgvin@markadurinn.is | dogg@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
haflidi@markadurinn.is | thkjart@markadurinn.is

# Markaðir sem þig vantar (þótt þú vitir ekki af því)

ORÐ Í BELG



**Gylfi Magnússon**
Hagfræðingur og dósent við Háskóla Íslands skrifar.

Eitt mikilvægasta hlutverk fjármálamarkaða er að gera það kleift að færa áhættu á milli aðila, dreifa henni og jafnvel eyða. Ýmis tæki sem þróuð hafa verið vegna þessa hafa reynst afar vel. Það tæki sem mestu skiptir er sennilega hlutafélagaformið. Raunar má færa sterk rök fyrir því að hlutafélög séu ein merkasta uppfinning mannkynssögunnar. Þau hafa a.m.k. haft meiri og betri áhrif á lífskjör manna en flestar aðrar.

Það leiðir reyndar hugann að því að einhverra hluta vegna horfa menn oftast til verkfræði, líf- eða raunvísinda þegar rætt er um uppfinningar þótt margar af uppfinningum á sviði félags- og hugvísinda skipti þegar grannt er skoðað mannkynið miklu meira máli. En það er ekki umfjöllunarefni þessa pistils.

Þótt hugvitsemi fjármálasérfræðinga hafi verið og sé mikil fer því fjarri að fundnar hafi verið lausnir við öllum vanda á þessu sviði. Fjármálamarkaðir bjóða ekki enn upp á góðar lausnir sem gera fólki kleift að eiga viðskipti með ýmiss konar fjárhagslega áhættu sem skiptir það miklu máli.

Ásamt makavali og ákvörðun um barneignir þá eru þær ákvarðanir sem mest áhrif hafa á fjárhag flestra annars vegar ákvörðun um starf og hins vegar um kaup á húsnæði. Starfið ræður miklu um tekjurnar og stór hluti ævisparnaðarins er hjá flestum bundinn í húsnæði þegar starfsævinni lýkur. Í báðum tilfellum er það verulegri óvissu háð hve vel valið reynist þegar upp er staðið.

Sumir velja sér starfsvettvang sem virðist vænlegur og kosta miklu til að búa sig undir starf á honum, t.d. með sérhæfðri menntun, en verða síðan fyrir verulegum vonbrigðum. Heilu atvinnugreinarnar eða starfsviðin geta jafnvel lagst af, t.d. vegna tæknibreytinga, og þekking á þeim orðið einskis virði á vinnumarkaði. Aðrir kaupa dýrt húsnæði en þurfa síðan að horfa upp á það lækka í verði. Húsnæði getur jafnvel orðið óseljanlegt vegna búsetuþróunar eða annarra þátta sem íbúarnir fá engu um ráðið. Enn aðrir eru meiri spámenn eða kannski bara heppnari. Þeir veðja á atvinnugreinar sem blómstra eða kaupa húsnæði sem rýkur upp í verði.

Það er hægt að ná ágætri áhættudreifingu á fjárhagslegan sparnað til elliáranna. Raunar er lífeyrissjóðum uppálagt að sjá til þess. Það er hins vegar nánast ókleift fyrir flesta að verja sig gegn sveiflum í fasteignaverði nema helst með því að leigja húsnæði frekar en eiga. Leigunni fylgja yfirleitt ýmsir ókostir, þ.á m. annars konar áhætta, t.d. á því að leigan hækki eða samningnum sé sagt upp og erfitt reynist að finna aðra íbúð við hæfi. Tilraunir hafa verið gerðar með nokkurs konar millistig á milli leigu og eigu, t.d. íbúðir þar sem ekki er hægt að segja leigjanda upp en hann getur ekki selt íbúðina eða framselt leigusamninginn. Það leysir sum vandamál en býr til önnur í staðinn.

Ef hægt væri að veðja á meðalverð húsnæðis, t.d. með því að eiga viðskipti með afleiður sem byggja á vísitölu húsnæðisverðs gætu einstaklingar skilið að verulegu leyti á milli þess í hve dýru húsnæði þeir vilja búa og þess hve mikið þeir vilja eiga undir sveiflum í húsnæðisverði. Sá sem vildi búa í dýru húsnæði en ekki eiga mikið undir húsnæðisverði sem slíku myndi kaupa húsið en selja um leið skuldabréf sem væri verðtryggt með húsnæðisvísitölunni. Það sama ætti raunar við um þann sem vill losa fé sem hann á bundið í eigin húsnæði án þess að selja það. Annar, sem væri að leggja til hliðar vegna húsnæðiskaupa í framtíðinni, gæti séð sér hag í því að kaupa slík skuldabréf eða jafnvel kauprétt á húsnæðisvísitöluna. Með því gæti hann tryggt sig að einhverju marki gegn því að húsnæði hækki í verði áður en hann nær að kaupa. Þeir sem vilja setjast að á svæðum þar sem blikur eru á lofti með íbúðaverð gætu síðan séð sér hag í því að kaupa sölurétt á svæðisbundinni húsnæðisvísitölu um leið og þeir kaupa húsnæði á staðnum.

Það er flóknara að gera fólki kleift að tryggja sig gegn því að það festi of mikið af mannauði sínum í þekkingu sem nýtist einkum í atvinnugrein sem á erfitt uppdráttar. Ýmsir hafa þó leikið sér að því að reyna að útfæra hugmyndina. Þeirra fremstur er bandaríski hagfræðingurinn Robert J. Shiller sem fjallar m.a. um þetta, húsnæðisafleiðurnar og fleira í ágætri bók sinni, The New Financial Order: Risk in the 21st Century. Þeim sem vilja lesa meira er bent á hana.



Fréttablaðið/E.Ól

**Ef hægt væri að veðja á meðalverð húsnæðis, t.d. með því að eiga viðskipti með afleiður sem byggja á vísitölu húsnæðisverðs gætu einstaklingar skilið að verulegu leyti á milli þess í hve dýru húsnæði þeir vilja búa og þess hve mikið þeir vilja eiga undir sveiflum í húsnæðisverði.**



Ertu í starfsmannaleit?

Viltu aðstoð?

Höfum mikinn fjölda af hæfu starfsfólki á skrá hjá okkur.

Veitum persónulega og góða þjónustu framkvæmda af fagfólki.

www.radning.is

RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN
...framtíðin er ráðin

Háaleitisbraut 58-60 • Sími: 588-3309 • Fax: 588-3659
www.radning.is • radning@radning.is

UM VÍÐA VERÖLD

## *Sérmeðferð ef kötturinn deyr*

**The Times** | Á forsíðu Sunday Times um helgina er fjallað um reglur sem yfirvöld menntamála í Bretlandi hafa sett til þess að koma til móts við nemendur sem eru illa fyrir kallaðir þegar þeir taka samræmd próf í grunnskóla og menntaskóla, GCSE og A-level próf. Þróaðir hafa verið staðlar þannig að nemandi sem missir gæludýr á prófdegi fær tvö aukastig á prófi en sá sem missir köttinn sinn daginn fyrir próf fær aðeins eitt stig. Ef foreldri eða nákominn ættingi er lífshættulega veikur fást fimm aukastig en aðeins fjögur ef um fjarskyldan ættingja er að ræða. Ef börnin eru í gifsi eftir beinbrot fá þau tvö aukastig en þrjú ef mjög stutt er síðan óhappið átti sér stað. Þá geta nemendur fengið eitt aukastig ef þeir segjast vera með hausverk þegar prófið stendur yfir. Þessar reglur sæta nú töluverði gagnrýni frá hópum sem telja að pólitísk rétthugsun sé farin að hafa of mikil áhrif á skólastarf en í fyrra sóttu um þrjú hundruð þúsund nemendur um hærri einkunnir á grundvelli þess að þeir hafi átt slæman dag þegar prófin voru tekin.

## *Orðljótur Þjóðverji*

**The Economist** | Þýski stjórnmálamaðurinn Franz Muntefering, einn af helstu ráðamönnum Sósíaldemókrata, er tekinn til bæna fyrir harðorða gagnrýni sína á viðskiptalífið. The Economist segir að málflutningur stjórnmálamannsins kunni að valda miklum skaða á umhverfi viðskiptalífs í Þýskalandi en Munterfering líkti bönkum við engisprettufaraldur sem legðist á fyrirtæki og hefði af þeim allar eigur áður en þeir yfirgæfu þau. Economist heldur því fram að um ódýra kosningabrellu sé að ræða þar sem reiði almennings yfir lélegum efnahagsaðstæðum er beint í átt að hálaunuðum stjórnendum fyrirtækja og gráðugum fjármagnseigendum.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Dögg Hjaltalín, Eggert Þór Aðalsteinsson, Þórlindur Kjartansson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Neysla og meiri neysla

**Katrín Ólafsdóttir**
skrifar

Gert er ráð fyrir að einkaneysla aukist um sex prósent á ári á mann að meðaltali árin 2004-2006, eða um 25 prósent í allt. Þetta þýðir neysla hvers manns verði að meðaltali 25 prósent meiri á árinu 2006 en hún var á árinu 2003, og það þegar búið er að taka út áhrif verðbólgunnar. Á sama tíma er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um tæplega þrjú prósent á ári, eða um tólf prósent í allt. Þessar tölur eru fengnar úr

**ÞJÓÐARBÚSKAPURINN**

þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins.

Munurinn þarna er gífurlegur. Til lengdar er eðlilegt að neysla og kaupmáttur haldist í hendur, þ.e. aukning í neyslu sé svipuð og aukningin í þeim tekjum sem við förum með heim í vasanum þegar búið er að borga tekjuskattinn og við getum notað til að borga fyrir neysluna. Það að neyslan aukist hraðar þýðir að við þurfum að taka lán fyrir mismuninum og höldum því áfram að safna skuldum.

Skuldir heimilanna eru þegar miklar og með þeim hæstu í heimi. Að vísu verður að taka tillit til þess að ólíkt mörgum öðrum þjóðum eru eignir heimilanna hér á landi einnig miklar vegna sparnaðar í gegnum lífeyriskerfið. Engu að síður er skuldsetning heimilanna mikil þar sem áætlað er að þær hafi numið 186 prósent af ráðstöfunartekjum á árinu 2004. Ef svo fer sem horfir líður ekki á löngu þar til hlutfallið verður komið í tvö hundruð prósent. Það þýðir að miðað við þær tekjur sem við höfum til ráðstöfunar á einu ári, þá skuldum við tvöfalda þá upphæð. Fyrir hverja milljón sem við fáum greidda inn á launareikning, þá skuldum við tvær.

Þessi vöxtur í neyslu sést skýrt í auknum innflutningi. Þannig jókst innflutningur í heild fyrstu þrjá mánuði þessa árs um fimmtán prósent að raunvirði. Hluti þessa innflutnings er innflutningur á neysluvörum, en hann jókst um 22 prósent á þessum tíma. Mestu munar um bílana, en innflutningur á þeim jókst um hvorki meira né minna en sextíu prósent mánuðina janúar til mars miðað við sama tíma í fyrra. Innflutningur á heimilistækjum jókst um 36 prósent.

Fjármálaráðuneytið gerir ekki ráð fyrir að dragi úr einkaneyslu, allavega ekki fram til ársins 2010. Því veltir maður fyrir sér hvað sé hægt að kaupa marga bíla, sjónvörp og hljómtæki? Ætli það séu engin takmörk?

**Til lengdar er eðlilegt að neysla og kaupmáttur haldist í hendur, ... Það að neyslan aukist hraðar þýðir að við þurfum að taka lán fyrir mismuninum og höldum því áfram að safna skuldum.**

**SPÁKAUPMAÐURINN**

## Bankabarátta og taugakerfi

Kjúklingarnir hafa verið að stökkva út af markaðnum í vikunni. Þar sannast eins og oft áður að gott taugakerfi er mikilvægasta eign hvers spákaupmanns.

Ég hef ekki tekið það saman hvað ég græddi á því að kaupa eins og vitleysingur í október þegar markaðurinn lækkaði ellefu daga í röð. Þegar magasjúklingarnir panikkera í lækkunarferlinu, þá er veisla hjá okkur sem erum í þessu af einhverri alvöru. Við hliðina á Porche jeppanum stendur nú þessi fíni pallbíll sem nýtist vel í laxinum og er skrifaður á sveifluna sem varð á hlutabréfamarkaðnum í haust. Ég pantaði hann frá USA í febrúar og keypti dollana strax til að verja mig fyrir lækkun. Græddi líka á því.

Nú eftir lækkun síðustu viku er ég að spá hvar sé best að taka stöður. KB banki eltir alltaf markaðinn niður, en hann er fínn kostur þegar krónan lækkar. Tekjurnar meira og minna að koma að utan og innlenda hagsveiflan og gengisþróunin segir lítið í bankanum. Ef krónan fer að veikjast, þá er fínt að vera með smá stöður í útflutningsfyrirtækjunum og fjármálafyrirtækjum sem eru með miklar erlendar eignir. Íslandsbanki hefur verið að auka erlendar eignir og þar við bætist að Straumur hlýtur að gera tilraun með Landsbankanum að kaupa bankann. Straumur tryggði sér hátt í þrjá milljarða í Íslandsbanka rétt fyrir uppgjörið, en á markaðnum eru menn á því að FL Group eigi bréfin í bili, þangað til Straumur þarf á þeim að halda. Hannes Smárason hefur alltaf verið seigur í að nýta sér svona tækifæri og grætt vel á því að taka stöður í fyrirtækjum þar sem hasar er í pípunum.

Straumur er fullur af peningum núna og Þórður þarf að fara að finna fleiri verkefni. Ef hann finnur þau, þá kannski minnkar áhuginn á Íslandsbanka. Hins vegar er líklegast að Straumur og Landsbankinn reyni að taka bankann og skipta honum á milli sín. Það er sennilega best að halda stórri stöðu í Íslandsbanka. Maður getur varla tapað á því, eða hvað?

**Spákaupmaðurinn á horninu**

!
Talstöðin
FM 90,9



AURASÁLIN

## Tvöfaldur toppur

**Það var ekki** bjart yfir fólki á skemmtistaðnum Thorvaldsen um helgina. Að venju var bankaliðið þar saman komið bæði á föstudags- og laugardagskvöld til þess að baða sig í góðærinu. Allir voru stuttklipptir, í teinóttum jakkafötum og í skyrtu en ekki með bindi. Það er enginn í viðskiptalífinu lengur með bindi, nú eru allir bindislausir.

**Bankafólk er** að mörgu leyti eins og smábörn. Smábörn eiga mjög erfitt með að hemja sig og hafa stjórn á tilfinningum sínum. Alls kyns utanaðkomandi áreiti getur sett börn algjörlega úr jafnvægi en fullorðið fólk lærir flest smám saman að halda sínu striki þótt eitthvað smávægilegt bjáti á eða allt sé ekki nákvæmlega eins og gert var ráð fyrir. Reynsla Aurasálarinnar af bankafólki er allt önnur og þetta kemur einna best í ljós á skemmtistöðum borgarinnar um helgar.

**Fyrir nokkrum árum** voru hin ýmsu bankagengi allsráðandi á skemmtistöðum borgarinnar. Þetta fólk átti heiminn og venjulegt fólk þorði vart að líta í áttina til þessara snillinga sem segja „kúlur“ þegar það meinar milljón af því að milljón er svo smávægileg að það tekur því ekki einu sinni að segja orðið. Þetta voru himinháir snillingar og afgreiðslufólkið veigraði sér við að rukka fyrir drykkina til þess að milljarðafólkið þyrfti ekki að ómaka sig á einhverjum þúsundköllum.

**Nú eru þessir** dýrðardagar runnir upp á ný. Bankafólkið fer á kostum í borgarlífinu en svo um leið og markaðurinn lækkar þá er eins og búið sé að taka sælgæti af smábarni. Þá situr verðbréfaliðið á veitingastöðum borgarinnar og spáir heimsenda. „Helldurðu að þetta hrynji?“ spyr einn. „Ég veit það ekki,“ svarar annar. „Nei. En þetta var gott „run“ – ekki satt?“ „Jú, þetta var gott „run““.

**Það hefur tekið** dálítinn tíma fyrir bankafólkið að ná sér á ný eftir að markaðurinn hrundi í upphafi aldarinnar. Meira að segja þegar markaðurinn hafði hækkað helling var bankafólkið lengi mjög varkárt og hugsaði með sér að það þyrfti að fara varlega – þetta gæti ekki enst. En eftir því sem uppsveiflan hefur varið lengur því betur líður bankafólkinu og nú loksins þegar það er farið að komast almennilega í sama aldamótagírinn þá byrjar markaðurinn að lækka.

**Aurasálin er** nefnilega full af efasemdum. Hún hefur stúderað markaði lengi og grunar að nú hafi íslenski markaðurinn náð hinum svokallaða „tvöfalda toppi“. Eins og allir muna hrundi markaðurinn í október en hefur svo komist hærra en nokkru sinni fyrr. Þetta er einmitt klassískt ferli fyrir niðursveiflu. Þetta vita bankamennirnir og þess vegna voru þeir svo þungbúnir á Thorvaldsen um helgina.

**Svo skála þeir** og segja: „OPM!“

# Talsmaður litlu peninganna

**Jafet Ólafsson er forstjóri Verðbréfastofunnar sem fann sér svæði í fjármálaþjónustu milli stóru bankanna. Hann hefur að undanförnu aðstoðað Almenning við grasrótartilraun til að bjóða í Símann. *Hafliði Helgason* hitti Jafet yfir hádegisverði á Apótekinu.**



Fréttablaðið/Hari

**LEIÐBEINDI VIÐ LAXVEIÐAR** Jafet Ólafsson vann fyrir sér á sumrin við að leiðbeina bandarískum kaupsýslumönnum við laxveiðar. Hann myndaði góð sambönd við þá og einn úr hópnum er meðal hluthafa Verðbréfastofunnar.

Jafet Ólafsson, forstjóri Verðbréfastofunnar, á að baki langan feril í íslensku viðskiptalífi. Verðbréfastofan var stofnuð 1996 og hefur upp frá því skotið rótum sem lítið óháð verðbréfafyrirtæki. Fyrirtækið hefur að undanförnu aðstoðað Almenning undir forystu Agnesar Bragadóttur og Orra Vigfússonar við gerð útboðslýsingar hlutafélags sem hyggst bjóða í Símann. „Við vissum fyrirfram að það yrði erfitt að gera útboðslýsingu af því að menn vita ekki verðið og með því að gefa upp verð væri verið að veita samkeppnisaðilum verðhugmyndir.“ Hann segir að nú sé verið að leita leiða til þess að Almenningur komist að borðinu.

„Mér finnst að ríkið hefði átt að hleypa almenningi að með því að bjóða 30 til 40 prósent á almennum markaði. Ríkið fór auðveldu leiðina með því að selja Símann til eins aðila sem samsettur væri úr þremur hópum. Þar með sleppa þeir við að gera skráningarlýsingu, en þessi miklu viðbrögð almennings hafa sýnt það að áhugi er á markaðnum.“

### LITLU PENINGARNIR SKIPTA MÁLI

Verðbréfastofan hefur á sínum snærum marga smærri fjárfesta. „Við segjum það oft að litlu peningarnir skipta líka máli,“ segir Jafet. „Fyrir þann sem á ekki hundrað þúsundkallinn eru hundrað þúsund stórir peningar og það þarf að halda jafn vel utan um þá og ávaxta þá eins og tugi milljóna.“ Hann segir þau hjá Verðbréfastofunni hafa lagt sig í framkróka við að fá almenning til þess að skilja markaðinn og átta sig á áhættunni af honum. Skuldabréf eru stærri hluti fjárfestinga, en hlutabréf fá jafnan meiri athygli. „Hlutirnir gerast í kringum hlutabréfin og það er ekkert spennandi hvort vextir fara upp eða niður um einhverja tíu eða 20 punkta. Við höfum alltaf sinnt vel skuldabréfunum á markaði og erum hlutfallslega stórir þar.“ Hann segir verkefnafjármögnun fyrir byggingaverktaka einnig á verksviðinu og þar hafi menn fylgst með sprengingunni á fasteignamarkaðnum. „Við spáum að næstu tvö, þrjú árin verði áfram góð. Bankarnir gerðu þennan markað mun auðveldari með innkomu á markað sem Íbúðalánasjóður hefur ráðið í áratugi.“

**Jafet Ólafsson**
Starf: Forstjóri Verðbréfastofunnar
Fæðingardagur: 29. apríl 1951
Maki: Hildur Hermóðsdóttir bókaútgefandi
Börn: Jóhanna Sigurborg f. 1975, Ari Hermóður f. 1982 og Sigríður Þóra f. 1991.

### ÆVINTÝRI Á UNGUM MARKAÐI

Bankarnir hafa verið fyrirferðarmiklir á markaðnum og ýmsir telja þá fara of geyst. Jafet telur það ekki mikið áhyggjuefni. „Það er mjög jákvætt hvernig bankarnir hafa tekið á málum. Ég er gamall bankamaður sjálfur og þá var algjört tabú að taka veð í hlutabréfum. Þá var enginn skráður markaður. Við erum nánast að tala um tíu ára gamlan markað meðan sá norski er yfir hundrað ára. Verðbréfastofan er tæplega níu ára og frá þeim tíma hefur veltan í Kauphöllinni fimmtánfaldast.“

Til sölu Mjög vel með farið sófasett (3+1) frá Öndvegi á 50 þús. kr. Sófasettið er koníaksbrúnt, áklæði er með óhreinindavörn, íslensk framleiðsa frá Öndvegi (myndi kosta 280 þús hjá þeim í dag). Upplýsingar gefur Ásdís í síma 897 0332.

## Antík

Danskt antík til sölu. Upplýsingar í síma 895 0122.

## Heimilistæki

Þvottavél 5 ára til sölu á 10.000. Sími 868 3042 eftir klukkan 16:00.

Til sölu Whirlpool þurrkari. Mjög lítið notaður, u.þ.b. 3ja ára. Uppl. í s. 562 5521, 848 8959 & 847 7434.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnavörur



Erum að taka upp mikið úrval af Diesel fatnaði á börn og unglinga! Athugið nýtt kortatímabil. Róbert Bangsi ...og unglingar Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 & Firði Hafnarfirði. Sími 555 6688.

Til sölu vel með farinn Emmaljunga Classic vagn + kerra. Uppl. í s. 557 9215 & 694 3827.

## Dýrahald



Útsala á PUPPIA hundafötum. Dýrabær Hlíðasmára 9, Kóp. op. mán-fös 13-18 lau 11-15 s:553-3062

**NUTRO - 30 % afsláttur!**
Þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Til sölu leonberger hvolpar, væntanlegir í mai erum byrjuð að taka niður nöfn. Síðast komust færri að en vildu. uppl s 693-9120.

Yndislegir kettlingar fást gefins, eru kassavanir. Uppl. í s. 867 8268.

## Ýmislegt

Til sölu CAL king USA Rúm,-32" (Wide screen)sjónvarp,Stál grár örbofn,-Hátalarar-og margt fleira Fyrstir koma fyrstir fá UPPL í Síma 892-7875 eftir kl 12.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Gisting og bílar. Hótelíbúðir frá kr. 5500, bílaleigubílar 2500. Hótel Atlantis Grensásvegi 14. S. 588 0000.

**Íslendinga afsláttur!**
Hótel Vík í Síðumúla hefur um að ráða stór og falleg hótelherbergi og íbúðir f. allt að 5 manns. Sími, sjónvarp og frítt internet á bar. Hótel Síðumúli s.: 588-5588 / www.hotelvik.is

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is







» FASTUR
birta
» PUNKTUR




## Hestamennska



**Reiðskólinn Hrauni**
www.mmedia.is/hrauni
Uppl. 897 1992

## Ýmislegt




## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Fullbúin 3ja herb. íbúð í 108 til leigu í 3-5 mán. reglusemi skilyrði s.8974539

130 fm einbýlishús til leigu í næsta nágrenni Akraness (Melahverfi). Getur verið laust um mánaðam. maí-júní. S. 894 3136.

3ja-4ra herb. björt íbúð til leigu frá 10. maí-10. des. í Mosfellsbæ. Verð 85 þús. Sími 588 9909.

Til leigu stúdíóíbúð í vesturbæ Kópavogs. Skammtímaleiga. Uppl. í síma 5850 100 Baldvin.

Til leigu 4ra herbergja íbúð í Áslandi í Hafnarfirði. Dýrahald bannað. Góð umgengni skilyrði. S. 847 0287.

Einst.herb. með baði til leigu við Hlemm. Uppl. í s. 845 1575.

Íbúð til leigu í Fossvogshverfi fyrir kvenkynseinstakling. Upplýsingar í síma 581 4908.

## Húsnæði óskast

Bílskúr eða lítið atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu óskast til kaups. Uppl. í s. 891 9890 eða 899 6961.

Fjölskylda utan af landi óskar eftir 4.herb.íbúð frá 1.ág.nk. helst á háskólasvæðinu. Uppl. í 863-7331

Óska eftir 2. herb. íbúð miðsvæðis til leigu. Greiðslugeta og meðmæli góð. Áhugasamir hafið samband í síma: 562-7397

Reglusamur, ábyrgur karlmaður óskar eftir herbergi eða litlli íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 847 6781.

Óska eftir 3ja til 4ra. herb. íbúð á leigu, helst ekki á höfuðborgarsv. Uppl. í s. 698 5043.

Óska eftir stúdíó eða 2ja herb. íbúð á Höfuðb.svæðinu. Greiðslugeta 40-50 þús. á mán. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Upplýsingar í síma 691 3191.

Ungur og ábyrgur aðili óskar eftir stóru rúmgóðu herbergi, með aðgang að sturtu og eldhúsi á höfuðborgarsv. S. 661 4772.

Óskum eftir 3ja herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Reglusemi og skilvísum greiðslum lofað. Uppl. í s. 823 8813 & 698 3591.

Kona um fimmtugt óskar eftir 40-60 fm íbúð strax. Reglusöm og ábyrg. S. 899 0254.

Reglusamt par óskar eftir 2ja herbergja íbúð til leigu sem fyrst á höfuðb.sv. Uppl. í s. 823 6744.

! Talstöðin
FM 90,9

MORGUNÚTVARPIÐ
Í UMSJÓN SIGURJÓNS M. EGILSSONAR OG GUNNHILDAR ÖRNU GUNNARSDÓTTUR
Alla virka daga kl. 7.



## Sumarbústaðir




**Hlið**
á göngustíga, heimreiðar, vegi, girðingar, beitarhólf ofl. Mikið úrval, margar gerðir og stærðir. Smíðað úr galvaniseruðu stáli. Öflugir burðarstaurar, einnig staurar með læsingu, nokkrar gerðir. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk. s. 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Ak. s. 464 8600.

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir húsnæði sem hentar fyrir bifreiðaverkstæði. Uppl. í s. 699 6762.

Húsnæði undir hljóðver óskast. Upplýsingar í síma 661 2701.

## Geymsluhúsnæði




## Gisting

**GISTING í REYKJAVÍK**
Sérhús með öllum búnaði + heitur pottur, svæði 105.Svefnpláss fyrir 8.manns.Sími 588 1874. www.toiceland.net

## ATVINNA

## Atvinna í boði




**Atvinna í boði.**
Meiraprófsbílstjóra vantar helst með vinnuvélaréttindi. Einnig aðila með vinnuvélaréttindi á hjólavél.
**Uppl. í s. 822 2661.**

Ertu hárgreiðslu sveinn eða meistari og langar til þess að breyta til. Það er allt brjálað að gera hjá okkur á didrix spa og okkur vantar þig sem allra fyrst í vinnu hjá okkur. Góð aðstað og góður mórall. Upplýsingar s:561 8677

Vantar þig vinnu? Góð laun, ferðalög og frábær vinnutími. Upplysingar hjá Hönnu Kristínu í s: 892 4284

**Spennandi námskeið.**
Neglur, skraut og french. kr. 55.000,-, TrimForm og strata, líkamsmótun kr 55.000, Fót og handsnyrtingar með skrauti og sérmeðferðum kr. 65.000,- Litun plokkun og permó kr. 55.000,- Einnig vantar okkur nema í tattoo og snyrtingu.Didrix spa s: 5618677

Langar þig að grennast, stinnast eða laga vöxtinn þinn á einn eða annan hátt. Við erum með lausnina fyrir þig. Frábærar andlitsmeðferðir sem hreinsa stinna og upplífga húðina svo um munar. Langar þig að líta betur út komdu á til okkar og fáðu aðstoð. Didrix spa s: 561 8677.

**American Style**
Í Kópavogi óskar eftir hressum starfsmanni í grillið. Um er að ræða framtíðarstarf í reglulegri vaktarvinnu. Leitum að einstaklingi sem hefur góða þjónustulund, er 18 ára eða eldri og áreiðanleg/ur. Umsóknareyðiblöð á öllum American Style stöðum og á americanstyle.is

Óska eftir vönu fólki í málningarvinnu. Aðeins menn vanir málningarvinnu koma til greina. Uppl. í s. 869 3934.

Kaffistofan Konditori, Skipholti óskar eftir starfsfólk í afgreiðlsustörf fyrir og eftir hádegi og anna hvern laugardag. Einnig vantar okkur smurbrauðsdömu. Uppl. í s. 820 7370.

Óskum eftir starfsmanni á smurstöð á Egilsstöðum. Menntun æskileg, reynsla nauðsynleg. Uppl. á staðnum og í s. 471 2002. Dekkjahöllin

Óskum eftir vélamönnum á beltavélar strax. Mikil vinna framundan. Uppl. í s. 587 6440 & 663 5440.

Vantar starfskraft í dag-og helgarvinnu. Ekki yngri en 18 ára. Pizza King. S. 551 7474 og 864 7318.

**Vörubílstjóri**
Verktakafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða vanan vörubílstjóra. S. 892 0989.

**Ræstingar**
Vantar starfsfólk í ræstingarvinnu bæði dag og kvöldvinnu. Uppl. í síma 578 1450.

**Lækjarbrekka**
Veitingahúsið Lækjarbrekka getur bætt við sig þjónanemum og starfsfólki í sal. Uppl. á staðnum milli kl. 14-17 alla daga eða í síma 551 4430.

Mig vantar barngóða manneskju, 18 ára eða eldri og á bíl, til að líta eftir 2 börnum, 1 árs og 5 ára ára í Garðabænum 2-3 kvöld í viku. Uppl. í síma 695 6900.

**Skalli Hraunbæ**
Vantar starfsfólk í kvöld og helgarvinnu, ekki yngri en 18 ára. Upplýsingar í s. 567 2880.

Vantar fólk í sal á BanThai kl.19-23 og NaNaThai Skeifan 4 kl. 11-14, 17-22. Frábært með skólanum eða bara sem aukavinna. S. 896 3536.

Óskum eftir kranamanni og byggingaverkamönnum, verða að geta hafið störf sem fyrst. Uppl. í síma 862 3622.

**Bílasmiður óskast.**
Viljum ráða lífsglaðan og jákvæðan bílasmið með starfsáhuga og metnað fyrir vandaðri vinnu. Upplýsingar í síma 482 2224, Bílverk BÁ Selfossi.

**Sumarstarf.**
Búr ehf Bæjarflöt 2 óskar eftir starfsmanni á lager til sumarstarfa. Gæti einnig hentað með skóla. Æskilegt að vera reyklaus. Nánari uppl. í s. 896 2836 á skrifstofutíma.

**Framtíðarstarf**
Búr ehf Bæjarflöt 2 óskar eftir starfsmanni á lager til framtíðarstarfa. Æskilegt að viðkomandi sé orðinn 25 ára, reyklaus með lyftararéttindi. Nánari uppl. í s. 896 2836 á skrifstofutíma.

Flakari óskast, þarf að geta byrjað strax, mikil vinna framundan. Upplýsingar gefur Gunnar í síma 660 2760.

Vantar fólk í vinnu á bónstöð. Hafið samband í s. 553 9988.

Vantar mann í lóðavinnu í sumar (hellulagnir, pallasmíði, og fleira). Sími 898 3021.

Vantar duglegt fólk í fjölbreytt starf á veitingast. Culiacan, Faxafeni 9. Bæði dag og kvöldvinna í boði. Sækið um á staðnum.

Óskum eftir fólki til ræstingarstarfa á líkamsræktarstöð. Vinnutími 14 - 17 virka daga. Upplýsingar í gsm.8679026.

Óskum eftir smiðum og verkamönnum í sumarhúsasmíði ofl. Unnið í Rvk og úti á landi. Uppl. í s. 861 0401 & 820 7383.

**Aðstoðarmanneskja í eldhúsi.**
Okkur í leikskólanum Hofi Gullteig 19, 105 Rvk. vantar starfsmann í eldhús sem aðstoðar og er staðgengill leikskólakokks í fjarveru hans. Um er að ræða 100% framtíðarstarf, vinnutími er frá kl. 8:00 - 16:00. Viðkomandi starfsmaður þarf að vera jákvæður, duglegur, eiga auðvelt að vinna undir annarra manna stjórn og eiga auðvelt með mannleg samskipti. Þarf að geta hafið störf 1. júní næstkomandi Upplýsingar gefur Sigrún leikskólastjóri í síma 553 3590 & 553 9995

Lífeyrissjóður Flugvirkjafélags Íslands

# Ársfundur Lífeyrissjóðs Flugvirkjafélags Íslands

**verður haldinn að Borgartúni 22 í sal Flugvirkjafélags Íslands, þriðjudaginn 24. maí n.k. kl. 17:00.**

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreikninga
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt
4. Gerð grein fyrir fjárfestingastefnu sjóðsins
5. Tilnefning stjórnar
6. Breytingar á samþykktum sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna
8. Kjör endurskoðenda
9. Önnur mál

Tillögur sem taka á fyrir á aðalfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

**Stjórnin**

ATVINNA

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## Leikskólinn Lundarból

Leikskólinn Lundarból auglýsir eftir leikskólakennurum eða öðru starfsfólki með sambærilega menntun og/eða reynslu. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Katrín Sæland Einarsdóttir leikskólastjóri í síma **565 6176**, netfang: lundabol@gardabaer.is

Hægt er að sækja um með því að fylla út almenna atvinnuumsókn á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is

Fræðslu- og menningarsvið

**Ræsting**
Vantar starfmann í ræstingu fyrri hluta dags í Smáralind Umsóknir á netfanginu rosa@raestir.is og í síma 533 6020.

## Atvinna óskast

Vantar fasta vinnu á sendibíl. Allir minni flutningar koma til greina, snyrtilegur bíll + reyklaus bílstjóri. S. 847 0405.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál




Rithöfundur óskar eftir ferðafélaga í maí. Ekkert aldurstakmark. Svar sendist Fbl. merkt "Vínarborg"




Á FIMMTUDÖGUM
Auglýsingasíminn er 550 5000
auglysingar@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesna blað landsins -

# Funafold 60

Opið hús í dag



sölufulltrúar þingholts taka á móti gestum á milli kl 18-19 í dag 11/05 . Glæsilegt 254 fm einbýlishús á frábærum stað innst í lokuðum botnlanga.

ÞINGHOLT
Ella Lilja Sigursteinsdóttir
lögg. fasteignasali
BORGARTÚN 20 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 590 9500

EIGNAMIÐLUN
sími: 588 9090 • fax: 588 9095 • Síðumúla 21
eignamidlun@eignamidlun.is www.eignamidlun.is
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

## Lokastígur 13, hæð og ris





Vorum að fá í sölu mjög fallega og mikið standsetta 134 fm íbúð á tveimur hæðum við Lokastíg í Þingholtunum. Um er að ræða efri hæð og rishæð. Sér inngangur. Geymsluskúr á lóð. Húsið er nýmálað. Sér bílastæði á lóð. Mjög falleg íbúð á eftirsóttum stað. Íbúðin er laus 15. júní n.k.

**Verð 27,5 millj.**

## Nökkvavogur Laus strax





Glæsileg nýstandsett 4ra herb. rishæð í 3-býlishúsi við Nökkvavog í Reykjavík. Íbúðin skiptist þannig: stofa, borðstofa, tvö herbergi, eldhús, baðherbergi og hol. Risloft er yfir íbúðinni. Íbúðin er nýstandsett.

**Verð 17,5 millj.**



RE/MAX
Fasteignasalan Búi






# Sólvallargata 80

## Opið hús í dag milli kl. 19:00 - 20:00

**Staðhættir og ástand:** Sólvallagata 80 er 115,8m² 4ra herbergja íbúð vestast í vesturbænum. Húsið er nýbyggt liftuhús og mjög góður frágangur á allri sameign, stæði í bílageymslu.
**Lýsing:** Komið er inn í flísalagt andyri með góðum skápum. Þrjú rúmgóð svefnherbergi með góðum skápum og rauðeik á gólfum. Rúmgott þvottahús. Stofa er björt með útgengi á svalir, rauðeik á gólfum. Eldhús flísalagt með góðri eikar innréttingu og borðkrók. Baðherbergið er glæsilegt með hita í gólfi, gler sturtuklefi.






Ný 4ra herbergja íbúð á þessum frábæra stað í vesturbænum með bílageymslu

Verð: 28.900.000
Stærð: 115,8 fm
Fjöldi herb: 4
Byggingarár: 2003

RE/MAX BÚI
Sigurður Guðmundsson • lögg.fasteignasali, hdl.



Garðar Hólm
Sölufulltrui
899 8811
gardar@remax.is

Sighvatur
Sölufulltrui
864 4615
sighvatur@remax.is

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
533 4300
Salómon Jónsson lögg. fasteignasali

SMÁRINN FASTEIGNASALA
564 6655
Vilhjálmur Bjarnason lögg. fasteignasali

## REYKÁS – REYKJAVÍK



Sérlega falleg og mjög rúmgóð 3ja til 4ra herbergja 108,6 fm endaíbúð á annari hæð með sérþvottahúsi með glugga innan íbúðarinnar í góðu litlu nýmáluðu og snyrtilegu fjölbýlishúsi með flottu útsýni. Bara gengið upp hálfan stiga þó íbúðin sé á annari hæð. Eignin skiptist í forstofu, stórt hol, tvö stór herbergi, rúmgott baðherbergi með glugga, gott þvottahús, fallegt eldhús og stórar stofur. **Verð 21,9 m.**

**Allar nánari upplýsingar gefur Steinunn í síma 862-2969.**

HÓLL
www.holl.is
Tákn um traust
595 9000
Björn Daníelsson, hdl. og lögg. fasteignasali

**Opið hús miðvikudaginn 11. maí milli 18 og 19.**

## Lautasmári 22



Stórglæsileg og vel skipulögð 4ra herbergja 111 fm íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli. Gólfefni:parket og flísar. Glæsilegar innréttingar. Rúmgóð herbergi. Baðherbergi er með baði og sturtuklefa. Þvottaherbergi er innan íbúðar, góð geymsla í sameign. Frábær staðsetning, stutt í alla þjónustu. Topp eign í góðu umhverfi. **Verð 25,9 millj.**



Lyf&heilsa
Nº7
# Hveragerði
**Afsláttur allan daginn!**
**12. maí**
**Sérfræðingur/ ráðleggingar**

www.framtidin.is

Síðumúli 8 · Sími 525 8800
framtidin@framtidin.is
Þorsteinn Eggertsson,
lögg. fasteigna- og skipasali

FRAMTÍÐIN
Sími 525 8800

## FRAMNESVEGUR 62



**OPIÐ HÚS Í DAG 18-19**

Falleg og björt 2ja herb. 59,0 fm. íbúð á 3. hæð m/stæði í bílgeymslu. Íbúðin snýr öll að Lágholtsvegi og skiptist í anddyri m/innb. fatask., rúmgott baðherbergi m/ sturtuklefa og góðri innréttingu t.f. þvottavél. Svefnherbergið er stórt, með góðum innb. fatask. Eldhúsið er opið í stofuna með góðri hvítri/beyki innr. og stofan er með stórum gluggum og útg. á vestursvalir. Dökkar viðarrimlagardínur fylgja. Nýlegt dökkt parket á gólfum. Íbúðin er laus. Óli í síma 897 3030 sýnir íbúðina.



**fasteignir**

Á MÁNUDÖGUM
- Fasteignaauglýsingar sem fara inn á 75% heimila landsins
- Auglýsingasíminn er 550 5000
- auglysingar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesna blað landsins



**NÝTT!**
**Nudd STURTU KLEFAR**
**93.800 -stgr.**

90x90 sm.
Öryggisgler
Sturtusett
Hitastýrð blöndunartæki
8 nuddstútar
Sæti
Botn og vatnslás

tab
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
OPIÐ: Virka daga frá kl. 09-18 Laugardaga kl. 10 - 14
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332

**Alþjóðadagur hjúkrunarfræðinga 12. maí 2005**

## Fölsuð lyf geta valdið örkuml og dauða

**Hjúkrunarfræðingar ráðast gegn notkun falsaðra og ófullnægjandi lyfja**

**Opinn fundur á Grand Hótel, 12. maí 2005 kl. 20.00-21.30**

**Dagskrá**

**Ávarp**

*Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkr unarfræðinga.*

**Erindi**

Náttúruefni og náttúrulyf – vaxandi notkun almennings en virka þau?
*Arnór Víkingsson, sérfræðingur í gigtlækningum*

Fölsuð lyf, innflutningur einstaklinga á lyfjum –pantanir á netinu
*Þorbjörg Kjartansdóttir, lyfjafræðingur, Lyfjastofnun*

Lyfjamál íþróttamanna, hvað kemur það okkur við. Bönnuð efni og aðferðir í íþróttum
*Áslaug Sigurjónsd., hjúkrunarfræðingur, formaður lyfja eftirlitsnefndar ÍSÍ*

**Tónlist**

*Ragnheiður Gröndal söngkona*

**Allir velkomnir Aðgangur ókeypis**

**Dagskráin verður send á eftirtalda staði:**
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
Heilbrigðisstofnun Suðurlands
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi
Sjúkrahús Ísafjarðar

**Fræðslunefnd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga**

# Auglýsing

**Breyting á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014 og deiliskipulag í landi Kringlu**

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014.
Breytingin felst í því að 9,5 ha. landskiki í landi Kringlu sem skilgreint er sem iðnaðarsvæði verði að landbúnaðarsvæði.
Á grundvelli aðalskipulagsbreytingar er einnig er auglýst eftir athugasemdum við deiliskipulag í landi Kringlu samkvæmt 25. gr. laga nr. 73/1997. Gert er ráð fyrir einni landbúnaðarbyggingu og tveimur íbúðarhúsum á 9,5 ha. lands.
Aðkoma að svæðinu verður frá Sólheimavegi.
Tillögur munu liggja frammi á skrifstofu Grímsnes og Grafningshrepps, félagsheimilinu Borg og hjá skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu á Laugarvatni frá 11. maí til 8. júní 2005. Skriflegum athugasemdum við tillögurnar skal skila á skrifstofu sveitarfélagsins fyrir 22. júní 2005. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

**Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps**



## Ársfundur Eftirlaunasjóðs stm. Hafnarfjarðarkaupstaðar

**verður haldinn miðvikudaginn 25. maí n.k. kl. 16.30 í fundarherbergi bæjarráðs, Standgötu 6, Hafnarfirði.**

Á fundinum verður gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegri úttekt og fjárfestingarstefnu. Allir sjóðfélagar, þar með taldir lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum með umræðu- og tillögurétti.



**Kirkjubæjarskóli**

## Grunnskólakennarar

Við leitum að áhugasömum kennurum í almenna bekkjarkennslu næsta skólaár m.a. umsjón á miðstigi og unglingastigi.
Ýmsar kennslugreinar koma til greina.

Upplýsingar veitir Stella Á. Kristjánsdóttir, skólastjóri, í síma 487–4633 og 865-7440, netfang kbskoli@ismennt.is

hbh

## TRÉSMIÐIR ÓSKAST

**VEGNA NÝRRA VERKEFNA ÓSKUM VIÐ EFTIR AÐ RÁÐA TRÉSMIÐI EÐA STARFSMENN SEM VANIR ERU TRÉSMÍÐUM TIL FJÖLBREYTTRA VERKEFNA.**

**ENNFREMUR ER ÓSKAÐ EFTIR TRÉSMIÐUM TIL VINNU Á TRÉSMÍÐAVERKSTÆÐI OKKAR VIÐ INNRÉTTINGASMÍÐAR FYRIR FYRIRTÆKI OG HEIMILI.**

**UPPLÝSINGAR ERU VEITTAR Á SKRIFSTOFU FYRIRTÆKISINS Í SÍMA 553 3322 OG 699 5487.**

Fyrirtækið H.B.Harðarson ehf er alhliða verktaki sem tekur að sér verkefni fyrir fyrirtæki, skip og heimili. Stofnár er árið 1999 og starfa um 30 starfsmenn við fyrirtækið við fjölbreytt verkefni á trésmíðaverkstæði og við almennar trésmíðar úti og inni. Með fyrirtækinu starfar einnig vaskur hópur undirverktaka þannig að fyrirtækið er vel í stakk búið til að taka að sér heildarverk.

**H.B.Harðarson ehf**
Skógarhlíð 10 • 105 Reykjavík
Sími: 553 3322 • Fax: 551 2003

## Starfsfólk vantar

**til starfa í leikskólanum Stekkjarási**

### Deildarstjórar óskast.

Þurfa að geta hafið störf í ágúst.

**Leikskólakennara vantar einnig að skólanum.**
Stekkjarás er nýr leikskóli í Áslandshverfi í Hafnarfirði. Í skólastarfinu leggjum við áherslu á virkni, þátttöku og hæfni hvers og eins sem undirstöðu náms.

Leikskólakennaramenntunar er krafist.

Upplýsingar um störfin veitir Fanný Heimisdóttir leikskólastjóri, sími 5175920 og 6645862

Sjá einnig vefsíðu skólans
http://www.hafnarfjordur.is/stekkjaras/

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

emmessís

## Sölumenn (sumarstarf)

**Emmessís hf. óskar að ráða sölumenn við útkeyrslu.**

Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf og vera þjónustulundaðir

Áhugasamir skili inn umsóknum á skrifstofu Emmessísss hf., Bitruhálsi 1 eða á netfangið: emmessís@emmess.is

Reykjavíkurborg
Menntasvið



## Forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur

Laus er staða forstöðumanns Námsflokka Reykjavíkur sem er elsta fullorðinsfræðslustofnun landsins og heyrir undir Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Hlutverk Námsflokkanna er að fylgja eftir félagslegri menntastefnu borgarinnar í fullorðinsfræðslu.

Breytingar verða á starfsemi Námsflokkanna frá og með næsta skólaári og mun nýr forstöðumaður leiða þær breytingar og taka þátt í að þróa framtíðarskipulag fyrir starfsemina.

Meginhlutverk forstöðumannsins er að taka þátt í stefnumörkun, stýra daglegum rekstri, fylgja eftir þjónustusamningum og hafa samráð við þjónustuaðila.

**Leitað er að hugmyndaríkum og framsæknum einstaklingi sem:**

- hefur stjórnunarhæfileika og reynslu af stjórnun
- hefur háskólamenntun
- hefur framhaldsmenntun, s.s. á sviði stjórnunar, uppeldis- og kennslufræði eða náms- og starfsráðgjafar
- hefur þekkingu á sviði fullorðinsfræðslu og á skólakerfinu almennt
- er lipur í mannlegum samskiptum

Næsti yfirmaður:
Sviðstjóri Menntasviðs Reykjavíkurborgar.

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf 1. júní 2005. Umsóknarfrestur rennur út 17. maí næstkomandi. Upplýsingar gefa Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri, netfang: ingunn.gisladottir@reykjavik.is og Valgerður Janusdóttir verkefnisstjóri, netfang: valgerdur.janusdottir@reykjavik.is á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur sími 535 5000. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag. Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf og önnur gögn sem málið varðar. Umsóknir sendist Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík.



**Körfuboltamaður dæmdur**

Körfuknattleiksmaðurinn Ólafur Aron Ingvason hefur verið dæmdur í tveggja ára keppnisbann. Hann féll á lyfjaprófi fyrr í vetur og efnið sem felldi hann var amfetamín. „Þetta var bara eins og ég átti von á og er alls enginn heimsendir,“ sagði Ólafur Aron við Fréttablaðið í gær.

**sport**

sport@frettabladid.is

**ÞÓRARINN KRISTJÁNSSON SENN SAMNINGSLAUS:** KEMUR EKKI STRAX TIL ÍSLANDS

# *Ætlar að reyna áfram fyrir sér erlendis*

Keflvíkingurinn Þórarinn Kristjánsson hefur verið á mála hjá skoska úrvalsdeildarliðinu Aberdeen í vetur og er samningsbundinn liðinu út mánuðinn. Honum hefur þegar verið tilkynnt að samningur hans verði ekki endurnýjaður. Gunnlaugur Tómasson, umboðsmaður Þórarins, segir að hann hafi fullan hug á að reyna áfram fyrir sér erlendis og sé ekki á leiðinni heim í íslenska boltann – ekki strax.

„Þórarinn er úti í Skotlandi og er þessa stundina að jafna sig eftir meiðsli. Hann ætlar að reyna áfram fyrir sér úti og ef það gengur ekki upp hjá honum kemur hann væntanlega heim,“ segir Gunnlaugur. Hann og Þórarinn eru þessa stundina að vinna í málinu og ræða við félög um að fá hann til reynslu. „Við erum í sambandi við félög ekki bara hér á Bretlandseyjum, heldur einnig í Hollandi, Belgíu og Grikklandi. Það er til dæmis aldrei að vita nema að hann skelli sér í sumarfrí til Grikklands og kíki á nokkrar æfingar um leið,“ sagði Gunnlaugur í léttum tón. „En hann hefur mikinn metnað fyrir að halda áfram sínum atvinnumannaferli og er alls ekki að gefast upp á neinn hátt.“

Gunnlaugur segir að þjálfari Aberdeen hafi verið ánægður með Þórarin en þar sem verið að byggja upp nýtt lið geti hann ekki treyst á að Þórarinn geti verið áfram meiðslafrír. „Það hefur eitt rekið annað í meiðslasögu hans. Í vetur var hann illa tæklaður í varaliðsleik og var frá æfingum í sex vikur. Þá fékk hann slæmt högg á bringubeinið og hvíldi vegna þess í tvær vikur. Þetta er ekkert stórvægilegt en nóg til að hafa áhrif á framvindu mála.“



Komist Þórarinn ekki að í Evrópu getur það ekki verið slæmur kostur að spila nokkra leiki hér heima. „Það er lítill fótbolti í Evrópu í sumar þannig að menn eru mikið að koma hingað til lands til að skoða leikmenn.“

**> Við óttumst það ...**



... að Íslandsmót kvenna í knattspyrnu verði líkara léttri æfingu en alvöru keppni fyrir hið frábæra lið Vals. Valur vann ÍBV 10–0 í meistarakeppninni í gær en ÍBV er spáð 4. sæti deildarinnar.

**> Við hrósum ...**



... Eiði Smára Guðjohnsen, sem hefur skorað í báðum leikjum Chelsea gegn Manchester United í ensku deildinni í vetur. Hvaða framherji sem er í heiminum yrði stoltur af því afreki. Eiður skoraði í gær sitt 17. mark fyrir Chelsea, og hefur enginn leikmaður liðsins skorað meira en hann.

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

MAÍ

8 9 10 **11** 12 13 14

**Miðvikudagur**

**SJÓNVARP**

- 18.30 **Miami Heat – Washington Wizards** á Sýn. Endurtekinn leikur.
- 18.55 **Arsenal – Everton** á Skjá einum.
- 20.30 **Landsbankadeildin 2005** á Sýn.
- 21.30 **Íslandsmótið í kraftlyftingum** á Sýn.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 22.20 **Íþróttakvöld** á Rúv.

Draumaliðsleikur Vísis:

## Glæsileg verðlaun

**FÓTBOLTI** Vísir og Landsbanki Íslands bjóða upp á öflugan draumaliðsleik á visir.is í tengslum við Landsbankadeild karla í sumar. Öllum er velkomið að taka þátt og er fyrirkomulagið með hefðbundnu sniði.

Verðlaun verða veitt fyrir bestan árangur fyrir hvern þriðjung mótsins og stigahæsta liðið í lok mótsins hlýtur aðalvinninginn. Meðal vinninga er ferð á leik í enska boltanum, PSP-leikjatölva og gjafabréf frá Landsbankanum.

# Eiður Smári skoraði á Old Trafford

**Chelsea vann 3-1 sigur á Manchester United í gær í næstsíðasta leik liðanna í ensku úrvalsdeildinni. Chelsea bætti stigametið með sigrinum og er komið með 94 stig þegar aðeins einn leikur er eftir.**

**FÓTBOLTI** Chelsea bætti stigamet Manchester United í ensku úrvalsdeildinni á Old Trafford í gær þegar liðið sótti þrjú stig á heimavöll Manchester United, sem átti einmitt gamla metið. Chelsea vann leikinn 3-1 og er því komið með 94 stig en United fékk 92 stig í 42 leikjum tímabilið 1993 til 1994. Chelsea á hins vegar leik inni auk þess að tímabilið er fjórum leikum styttra nú en þegar United setti gamla metið. Svo sannarlega stórkostlegur árangur.

Það voru heimamenn í United sem byrjuðu leikinn betur en Ruud van Nistelrooy kom þeim yfir á 7. mínútu með umdeildu marki þar sem hann leit út fyrir að vera rangstæður þegar hann skoraði.

Portúgalinn Tiago jafnaði metin með stórkostlegu marki tíu mínútum síðar og var staðan jöfn í leikhléi. Það var síðan okkar maður, Eiður Smári Guðjohnsen, sem kom Chelsea yfir á 61. mínútu þegar hann lyfti boltanum smekklega yfir Roy Carroll, markvörð United. Joe Cole rak síðan síðasta naglann í kistu United með marki átta mínútum fyrir leikslok.

Eiður Smári var að vonum kátur í leikslok þegar hann hitti breska fjölmiðlamenn að máli.

„Við tókum stórt skref fram á við sem lið í dag. Við vissum af metinu og vildum ná því á þessum velli. Við lögðum mikið á okkur og ég tel að sigurinn hafi verið fullkomlega verðskuldaður,“ sagði Eiður Smári.

„Tímabilið hefði vissulega verið enn betra ef við hefðum komist í úrslit Meistaradeildarinnar en það er ekki dapurt afrek að taka tvo titla á einu tímabili. Það er hægt að byggja á því og við munum reyna að gera enn betur næsta vetur. Nú er aðeins leikurinn gegn Newcastle eftir og við munum reyna að njóta okkar í þeim leik. Við erum meistarar og það er stórkostleg tilfinning.“

Þetta var annað mark Eiðs Smára gegn United á tímabilinu en hann skoraði sigurmarkið í fyrri viðureign liðanna í deildinni.

„Ég virðist alltaf skora gegn United. Ég nýt þess að leika gegn United enda er það frábært fótboltalið og það er hægt að spila fótbolta gegn því,“ sagði Eiður Smári Guðjohnsen, sem er búinn að skora 17 mörk fyrir Chelsea í vetur en það er stórkostlegur árangur sem seint verður leikinn eftir af íslenskum íþróttamanni.



**HEITUR** Eiður Smári fagnar hér marki sínu gegn Manchester United á Old Trafford í gær.





ÓTRÚLEGT VERÐ!

AÐEINS FYRSTA FLOKKS DEKK • FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK

DEKKJAHÓTEL

VIÐ GEYMUM DEKKIN FYRIR ÞIG ALLT ÁRIÐ GEGN VÆGU GJALDI

GÚMMÍVINNUSTOFAN EHF.

RÉTTARHÁLSI 2 • 110 REYKJAVÍK • SÍMI 587 5588

WWW.GVS.IS / WWW.TILBODSDEKK.IS




FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**FYRIRLIÐARNIR MEÐ BIKARINN** Laufey Ólafsdóttir hóf leikinn í gær sem fyrirliði Vals en afhenti Írisi Andrésdóttur fyrirliðabandið er hún kom inn á sem varamaður í síðari hálfleik. Þær kyssa hér bikarinn saman og leiðist það ekki.

Meistarakeppni KSÍ í kvennaflokki fór fram í gær:

## Valur skoraði tíu mörk

**KÖRFUBOLTI** Það voru ótrúlegar tölur á markatöflunni í Egilshöllinni þegar leikur Vals og ÍBV var flautaður af í gærkvöldi. Valsstúlkur höfðu skorað tíu mörk og leikmenn ÍBV ekki neitt. Valsstúlkur eru því meistarar meistaranna og lyftu bikar í annað skipti á fimm dögum. Þær unnu KR, 6–1, í úrslitum deildabikarsins á föstudaginn var.

„Það er alltaf gaman að vinna titla,“ sagði fyrirliði Vals, Laufey Ólafsdóttir, eftir leikinn í gær. „Það vantar auðvitað mikið í Eyjaliðið en við vorum staðráðnar að leggja okkur 100% fram í leiknum. Og þótt leikurinn hafi verið eins og hann var er maður alltaf sáttur við að vinna,“ sagði Laufey.

Í marki Eyjastúlkna stóð hin fjórtán ára gamla Nína Björk Gísladóttir, sem er gríðarmikið efni og á síst sökina á mörkum andstæðingsins. En hún náði sér illa á strik rétt eins og aðrar í liði ÍBV. Valsstúlkur virkuðu ekki jafn sannfærandi og gegn KR í síðustu viku en sjö markanna komu á síðasta hálftímanum. En þær bera klárlega höfuð og herðar yfir önnur lið í deildinni eins og staðan er nú.

eirikurst@frettabladid.is



**Á LEIÐ TIL HOLLANDS** Sigurður Þorvaldsson hættur hjá Snæfelli.

Snæfell missir fleiri menn:

## Sigurður til Woonaris

**KÖRFUBOLTI** Landsliðsmaðurinn Sigurður Þorvaldsson, sem lék með Snæfelli í Intersportdeildinni í körfuknattleik undanfarin tvö ár, ákvað í gær að feta í fótspor samherja síns, Hlyns Bæringssonar, og samdi við hollenska liðið Woonaris. „Samningurinn er til eins árs og ég gat einfaldlega ekki slegið hendinni á móti þessu tækifæri,“ sagði Sigurður í samtali við Fréttablaðið. „Svo er mjög gott að vita af Hlyni þarna með mér og það átti stóran þátt í að ég sló til,“ bætti Sigurður við.

Samkvæmt Sigurði felst samningurinn aðallega í bíl, íbúð og fæði ásamt einhverjum aurum í vasann. „Aðalatriðið er að fá að spila og ég stefni ótrauður að því að komast í byrjunarliðið. Við Hlynur munum æfa á fullu í sumar og ætlum að mæta til Hollands í haust í okkar besta formi,“ sagði Sigurður að lokum.

# Hagkaup lækka verð á tónlist

**Gerðu verðsamanburð!**




**1.499 kr** Alm. verð 2.499-

Í tilefni af endurútgáfu á "Live á Dubliner" verður Papavika í Hagkaupum frá 12. - 19. maí.

PAPAR - Live á Dubliner




**999 kr** Alm. verð 2.499-

PAPAR - Hláturinn lengir lífið




**999 kr** Alm. verð 2.499-

PAPAR - Þjóðsaga




**999 kr** Alm. verð 2.499-

PAPAR - Riggarobb



**999 kr** Alm. verð 2.499-

PAPAR - Leyndarmál frægðarinnar




**1.499 kr** Alm. verð 2.499-

FRANZ FERDINAND



**1.499 kr** Alm. verð 2.499-

MOBY - Hotel



**1.499 kr** Alm. verð 2.499-

MUGISON




**1.499 kr** Alm. verð 2.499-

JOE COCKER - Greatest Hits




**1.499 kr** Alm. verð 2.499-

EMILLÍANA TORRINI - Fisherman´s woman

Gildir til 30. maí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN HAGKAUPA
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255

## KÓPAVOGUR Í 50 ÁR



Fimmtíu metra afmæliskaka rann ljúflega niður í mannskapinn.

# Kópavogur 50 ára

*Afmælishátíðin stendur yfir allan maímánuð.*

„Ein stór hátíð í tilefni afmælisfagnaðarins fór fram í Fífunni á sunnudaginn um síðustu helgi en þar mættu vel yfir 5.000 Kópavogsbúar til að fylgjast með hátíðahöldunum. Þar var boðið upp á 50 metra afmælisköku sem rann ljúflega ofan í mannskapinn,“ segir Linda Udengaard, æskulýðs- og forvarnafulltrúi Kópavogsbæjar, sem jafnframt er starfsmaður afmælisnefndar.

„Þar voru frumflutt vinningslögin úr lagasamkeppni um afmælislag Kópavogsbæjar. Helmingurinn af Fífunni var fylltur upp með leiktækjum og óhætt er að segja að aldrei fyrr hafi afmælisveisla af þessari stærðargráðu verið haldin í Kópavogi. Á afmælisdaginn sjálfan hefst dagurinn á söng 1.200 barna úr leikskólum Kópavogs og síðan verður hátíðarfundur bæjarstjórnar Kópavogs þar sem von er á samþykkt sem hæfir afmælisdegi bæjarins. Síðan er hátíðardagskrá í Salnum og þar koma fram ungir listamenn og sýnd verður stutt heimildarmynd um 50 ára sögu Kópavogs. Þann 12. maí verða hátíðartónleikar með Kristni Sigmundssyni og Jónas Ingimundarson sér um undirspil. Afmælisdagskránni verður fram haldið í maímánuði og nánast öll félög og stofnanir bæjarins munu leggja fram sinn skerf,“ segir Linda.





Aðsókn í nýju Kópavogslaugina að Versölum hefur verið meiri en búist var við. Nýja sundlaugin við Versali er keppnislaug með sex brautum og svo þykja ákveðin þægindi falin í því að hafa stuttar vegalengdir á milli laugar og heitra potta.



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Löngu kominn tími á nýja laug

Aðsókn var geypimikil við opnun nýju laugarinnar að Versölum 3 í Kópavogi og útlit fyrir að hún verði góð áfram. Helgina eftir opnun laugarinnar var ókeypis inn og þá mættu 6.700 manns á 3 dögum.

„Mannvirki nýju íþróttamiðstöðvarinnar Versala og útisvæði þess var vígt hér sumardaginn fyrsta, 21. apríl síðastliðinn,“ segir Guðmundur Þ. Harðarson forstöðumaður. „Þetta nýja svæði á sér nokkra sögu. Fyrsti áfangi verksins var boðinn út í lok ársins 2000 og þá fór ferlið fyrst af stað. Byggingarframkvæmdir töfðust aðeins í byrjun, enda flókið mannvirki, en við opnuðum hér fyrir skólasund 12. janúar í ár og heilsuræktina 22. janúar. Áætlað er að þegar skólar hefjist í haust verði íþróttahúsið opnað.“ Útilaugin er 25 sinnum15 metrar og 1,10-1,70 m á dýpt. „Arkitekt að íþróttamannvirkinu er Benjamín Magnússon. Lögð var áhersla á það við hönnun útilaugarinnar að hún yrði sex brauta laug, en margar af nýjustu laugum landsins eru aðeins fjögurra brauta. Síðan er innilaug sem er 16,67 sinnum 10 metrar. Hún opnaði fyrir skólann 12. janúar og er mjög hentug sem kennslulaug fyrir yngri börnin.“



Guðmundur Þ. Harðarson á von á mikilli fjölgun sundgesta.

Nýju laugina sækja að jafnaði eitt mtil tvö gestir á dag sem er ívið meira en búist var við. „Við vorum komnir með 480-490 þúsund gesti á ári í gömlu lauginni og hún var löngu búin að sprengja af sér. Það kæmi mér ekkert á óvart þó að það yrði 30-40% fjölgun sundgesta í Kópavoginum á þessu ári með viðbót nýju laugarinnar. Þessi nýja sundlaug þjónar aðallega Sala- og Lindaskóla og sjálfsagt einhverjum fleiri í framtíðinni.

Að mínu áliti hefur hönnun nýju sundlaugarinnar tekist mjög vel, þetta er mjög hlýlegt og fallegt mannvirki. Stutt á milli alls, potta og lauga, eimbaðs og útisturta. Það hefur alltaf verið mikið af fólki utan Kópavogs sem sótt hefur í laugarnar hjá okkur. Þegar ég byrjaði sem forstöðumaður í Sundlaug Kópavogs var alltaf mikið um gesti frá nærliggjandi bæjarfélögum, mest Reykvíkingum og Garðbæingum.“

Engin þjóð í heiminum er sækir eins mikið í sund og Íslendingar. „Það helgast meðal annars af því að hér eru engar strandir eða tjarnir til að synda í. Á síðastliðnum 15-20 árum hafa Íslendingar byggt gríðarlega mikið af sundlaugum, enda er rekstur þeirra mun ódýrari hjá okkur en í öðrum löndum. Einnig má geta þess að hvergi er ódýrara í laugar en hér á Íslandi. Ríkið og bæjaryfirvöld hafa skilning fyrir því að sund er forvarnarstarf,“ segir Guðmundur.



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Vigdís B. Esradóttir, forstöðumaður Salarins í Kópavogi.

# Fjölbreytt dagskrá með þekktum listamönnum

*Tónlistarhátíð stendur nú yfir í Tíbrá í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs, dagana 5.-14. maí.*

„Tónlistarhátíðin er sérstaklega haldin í tilefni 50 ára afmælis Kópavogsbæjar. Af því sem þegar er lokið á tónlistarhátíðinni eru tónleikarnir „Prímadonna“ sem samdir voru og fluttir af kanadísku söngkonunni Mary Lou Fallis við undirleik pánóleikarans og tónskáldsins Peter Tiefenbach,“ segir Vigdís B. Esradóttir, forstöðumaður Salarins.

„Á sunnudaginn fluttu Anna Schein og Earl Carlyss þrjár sónötur eftir Copland, Beethoven og Saints-Saens. Á fimmtudaginn næsta, 12. maí, flytur hinn heimsfrægi söngvari, Kristinn Sigmundsson og undirleikari hans, Jónas Ingimundarson, íslensk lög frá ýmsum tímum, söngva eftir Schubert og glæstar aríur. Á þeim tónleikum í Tíbrá gefst tónleikagestum tækifæri til að hlýða á nýja efnisskrá sem þeir Kristinn og Jónas munu flytja á komandi tónleikaferð um Norðurlöndin,“ segir Vigdís.

Salurinn, Tónlistarhús Kópavogs, var formlega tekinn í notkun 2. janúar 1999. Við hönnun hans var sérstaklega lögð áhersla á að tryggja sem bestan hljómburð og leitað ráðgjafar færustu sérfræðinga á því sviði. Salurinn er leigður út til tónleikahalds og fyrir upptökur, en hentar einnig fyrir móttökur, fyrirlestra og ráðstefnur af ýmsu tagi. ■

# Framkvæmdir í góðri sátt við íbúana

*Búið er að samþykkja deiliskipulag fyrir Lundarsvæðið við Nýbýlaveg og framkvæmdir munu hefjast þar á næstu dögum. Tekist hefur góð sátt við íbúa nágrannabyggðarlaganna um skipulagið á svæðinu.*

„Ég geri ráð fyrir því að byggingarframkvæmdirnar í landi Lundar taki um 2-3 ár, en þar verður blönduð byggð íbúðarhúsa. Gera má ráð fyrir einhverjum töfum á umferð þegar framkvæmdir standa yfir en áformað er að færa Nýbýlaveginn til austurs,“ segir Gunnsteinn Sigurðsson, forseti bæjarstjórnar og formaður skipulagsnefndar í Kópavogsbæ.

„Eftir að framkvæmdum lýkur gengur umferðin á svæðinu eflaust betur fyrir sig en fyrir framkvæmdirnar. Samhliða endurskipulagningu á Lundi gerðum við umferðarlíkön af þessu svæði sem unnin voru á verkfræðistofu og teljum okkur þannig hafa leyst úr álagspunktum í umferðinni. Við kynntum almenningi niðurstöðurnar og settum þær þannig fram að fólk gat séð myndlíkön og hreyfimyndir af umferð á þyngstu álagspunktum. Af því er ég best veit er það í fyrsta sinn sem það hefur verið gert. Það teljum við vera eftirsóknarverð vinnubrögð og við höfum beitt þeim einnig við kynningu á öðrum hverfum, svo sem Bryggjuhverfinu og Kópavogstúni,“ segir Gunnsteinn.



Gert er ráð fyrir blandaðri byggð á Lundarsvæðinu í Kópavogi.

# HÆSTÁNÆGÐAR MEÐ STUÐNINGINN




*Sparisjóður Kópavogs styður með stolti barna- og unglingastarf í Kópavogi*

BREIÐABLIK

HK

TFK

GERPLA

Sparisjóður Kópavogs | Hlíðasmára 19 | Digranesvegi 10 | Afgreiðsla í Select við Smáralind
Sími: 515 1900 | Þjónustuver: 515 1950 | spk@spk.is | www.spk.is

spk


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þjóðsagan um slæmt gatnakerfi í Kópavoginum á engan veginn rétt á sér.

# Slæmt gatnakerfi er gamall brandari

*Umferðin gengur vel í Kópavogi.*

Langt er síðan umræða um slæmt gatnakerfi í Kópavoginum átti rétt á sér. Það er frekar að því sé öfugt farið í nýjum hverfum bæjarins þar sem lögð er rík áhersla á að leysa úr umferðarvandamálum.

Allt tal um slæmt gatnakerfi í Kópavoginum er gömul þjóðsaga sem er löngu útdauð, þetta er eins og gamall brandari sem á engan veginn við í dag. Segja má að miklar samgöngubætur hafi orðið þegar brýrnar voru byggðar í tengslum við gjána,“ segir Gunnsteinn Sigurðsson, forseti bæjarstjórnar og formaður skipulagsnefndar í Kópavogi.

„Flestir eru sammála um að gatnakerfið í nýjum hverfum sé til fyrirmyndar enda leggjum við mikla áherslu á að umferðin sé í góðu lagi við þéttingu byggðar í Kópavoginum. Í framtíðarsýn okkar hjá bæjarstjórn Kópavogs eru skoðaðar fjölmargar og nútímalegar aðferðir til að leysa úr vanda sem myndast við aukna umferð, áður en ákvörðun er tekin,“ segir Gunnsteinn.

# Aukið sjálfstæði skólanna

Sjálfstæði skólanna í Kópavogi hefur markvisst verið aukið, rekstrarsamningar gerðir við hvern einstakan skóla, yfirbygging skólaskrifstofu Kópavogsbæjar minnkuð og störf hennar færð út til skólanna sjálfra.

„Grunnskólar í Kópavoginum tóku stórtækum breytingum 1997 þegar þeir voru einsettir. Kópavogur var fyrsta stóra sveitarfélagið til að ljúka einsetningu grunnskólanna. Það var visst afrek að ná því um leið og byggður var fjöldinn allur af öðrum grunnskólum vegna þess að Kópavogur var að stækka mjög hratt,“ segir Ármann Kr. Ólafsson, bæjarfulltrúi og formaður skólanefndar hjá Kópavogsbæ.

„Við þurftum, jafnframt öðrum breytingum, að stækka eldri skólana og erum að ljúka því verki um þessar mundir. Allar þessar breytingar hafa gengið mjög vel og skólastjórnendur eru ánægðir að geta nú með markvissari hætti keypt sér þá þjónustu sem hver og einn skóli þarf á að halda. Við erum nú að byggja nýjan skóla upp í Vatnsendahverfi sem tekur til starfa nú í haust. Þar verður sérstök áhersla lögð á að nýta þá miklu náttúru sem umlykur skólann.

Í upphafi þessa kjörtímabils vann skólanefnd að nýrri skólastefnu fyrir Kópavogsbæ sem tekur mið af auknu sjálfstæði skólanna. Má í því sambandi nefna að nú geta krakkar sótt skóla annað en í sitt eigið skólahverfi. Nú er til athugunar að stofna sérstakt rekstrarfélag um einn af eldri skólum bæjarins (Kópavogsskóla). Þá erum við að tala um að ganga skrefinu lengra þar sem skipuð yrði sérstök stjórn yfir skólanum sjálfum og foreldrar yrðu í stjórninni. Að mörgu leyti mætti líkja hlutverki stjórnarinnar við hlutverk stjórna í fyrirtækjum,“ segir Ármann.


Salaskóli er nýjasti skólinn í Kópavogi.





Löng hefð er fyrir kvennafótbolta í Breiðabliki.

# Ört vaxandi íþróttafélag

*Breiðablik er með á þriðja þúsund skráða iðkendur.*

„Iðkendafjöldinn í íþróttagreinum á vegum Breiðabliks hefur tvöfaldast, t.d. er knattspyrnudeildin með helmingi fleiri iðkendur í dag heldur en árið 2001. Þeirri fjölgun má eflaust þakka Fífunni, hinu yfirbyggða knattspyrnuhúsi,“ segir Kristján Jónatansson framkvæmdastjóri Breiðabliks.

„Í Fífunni er nú mun betri aðstaða fyrir alla, sérstaklega yngri flokkana og nú stendur til að fara að byggja nýja knattspyrnuhöll í Kópavogi í samvinnu við knattspyrnuakademíu Íslands. Ánægjulegt er hversu Kópavogsbær hefur verið duglegur við uppbyggingu íþróttamannvirkja undanfarin ár. Geta má þess að í haust verður byrjað á því að niðurgreiða æfingagjöld fyrir iðkendur íþróttagreina sem gæti numið allt að 10.000 krónum fyrir hverja grein.

Íþróttafélagið Breiðablik er fimm árum eldra en bæjarfélagið. Breiðablik var stofnað árið 1950 og var sérstök afmælishátíð af því tilefni í febrúar síðastliðnum, en Kópavogur fékk kaupstaðarréttindi 1955,“ segir Kristján. ■

# Fjölgun í öllum greinum

*HK stækkar með hverju árinu.*

„Blakið er að koma mjög sterkt inn hjá okkur, við urðum meðal annars Íslandsmeistarar í meistaraflokki karla. Í fyrra náðum við okkar besta árangri í knattspyrnu karla, þar sem við urðum í þriðja sæti í fyrstu deildinni,“ segir Elsa Hrönn Reynisdóttir, framkvæmdastjóri HK.

„Við erum búnir að vera framarlega í handknattleik karla í mörg ár í meistaraflokki og sér ekki fyrir endann á því. Stefnt er að því að stofna meistaraflokk kvenna í handbolta og HK er í samstarfi við Víkinga í fótbolta kvenna. Þar hefur okkur gengið með miklum ágætum. HK opnaði nýja búnings- og vallaaraðstöðu í Fagralundi í Fossvogsdalnum síðastliðið sumar og þá vorum við meðal fyrstu félaga til að opna strandblakvöll, þannig að ljóst er að starfið er mjög blómlegt hjá HK um þessar mundir,“ segir Elsa.


HK hefur verið meðal bestu liða í meistaraflokki í handknattleik undanfarin ár.

# Bók sem hittir naglann á höfuðið!




**Bókin skiptist í átta kafla:**

- Gefandi vinna
- Endurnýjun innanhúss
- Utanhússviðhald
- Innréttingar
- Utanhússmíðar og múrverk
- Tómstundasmíðar
- Viðhald og viðgerðir á húsgögnum
- Notkun verkfæra

Bókin **Verk að vinna** er bráðskemmtileg og aðgengileg handbók um allt það helsta sem hafa þarf í huga við nýsmíðar og viðgerðir, innanhúss jafnt og utan. **Verk að vinna** er full af hugmyndum, lausnum, fróðleik og leiðbeinir jöfnum höndum um áhöld og aðferðir.

Það er því ástæðulaust að halda aftur að sköpunargáfunni, með **Verk að vinna** þér við hlið ertu með frábæran vinnufélaga.

**Sannaðu til; þetta er ekkert mál.**



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Almenna bókafélagið

edda.is

# STUÐ MILLI STRÍÐA : Kók á miðvikudögum?!

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** FYLGIST MEÐ FORELDRUM Á GELGJUNNI.


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég er búin að uppgötva nýtt skeið í mannslífinu. Foreldrar mínir eru á þessu skeiði núna, sem og vinir þeirra og kunningjar. Þau eru rétt skriðin yfir fimmtugt, búin að koma sér fyrir og punga út sínum skammti af börnum og núna er tíminn til að láta sér líða veeeel. Það mætti eiginlega kalla þetta gelgjuskeið númer tvö. Þau eru sem sagt á seinni gelgjunni. Núna eru þau að byggja sér sumarbústað. Mér skilst að þessi sumarbústaður muni verða algjör paradís og þar skal vera allt til alls. Þau eru náttúrlega búin að vera á hinu þekkta græjutímabili í talsverðan tíma og eiga núna allar græjur sem til eru og í flestum tilvikum tvær af hverri tegund. Við eigum meira að segja eplaskrælara. Ekki djók. Og þetta er sko ekki eitthvað sem ég er vön.

Þegar ég var lítil mátti ekki einu sinni kaupa kók! Hvað þá eyða pening í einhverja einskisnýta græju eða nýtt sjónvarp þegar hitt dugar bara alveg. Þó svo að maður þurfi að standa upp til að skipta um rás. Núna hefur þetta algjörlega snúist við. Þau kaupa kók meira að segja á miðvikudögum núna. Án þess að blikna! Hvað á það að þýða? Vita þau ekki að kók er óhollt? Hver ól þau eiginlega upp? Kók?!! Þegar maður getur fengið okkar yndislega vatn ókeypis úr krananum! Pffff!

Ef okkur svo áskotnast eitthvað þessa dagana, auka örbylgjuofn, sjónvarp eða hvað sem það er, þá er það undantekningarlaust að þessi orð heyrast: „Þetta fer í sumarbústaðinn, þetta er frábært fyrir sumarbústaðinn, sérðu þetta ekki fyrir þér í sumarbústaðnum?“ Nota bene þá er ég á ystu nöf að fara að stofna til eigin heimilis þar sem örbylgjuofn eða aðrar hentugar græjur myndu alls ekki vera óvelkomnar. En nei, sumarbústaðurinn skal það vera. Ég get bara poppað í potti. Kannski ég flytji bara í þennan sumarbústað. ■

# myndasögur

## PONDUS
Eftir Frode Överli




## GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA
Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR
Eftir Patrick McDonnell



## BARNALÁN
Eftir Kirkman/Scott




















NOVARTIS
CONSUMER HEALTH
Voltaren
Dolo
20 comprimés filmés
Fljótvirkt
bólgueyðandi
verkjalyf
m.a. við tíðaverkjum
Inniheldur engin ávanabindandi efni
Fæst án
lyfseðils
VoltarenDolo ®
Díklófenak-K 12,5 mg
**Voltaren Dolo® ( díklófenak kalíum) 12,5 mg. töflur.** Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**!** **Kl. 20.00**
***Raddbandafélag Reykjavíkur*** *er hópur þrettán ungra karla sem syngja eins og englar undir stjórn* ***Sigrúnar Grendal*** *píanóleikara. Þau halda vortónleika í Laugarneskirkju í kvöld og líta meðal annars á lífsins björtustu hlið að hætti Monty Python hópsins...*

# menning

menning@frettabladid.is

## Argentínsk og innileg

Messan Misa Criolla eftir argentínska tónskáldið Ariel Ramirez verður flutt í Seltjarnarneskirkju í kvöld. Flytjendur eru VÍS-kórinn ásamt Snorra Wium einsöngvara, en stjórnandi kórsins er Björn Thorarensen. Einnig syngja nokkrir kórfélagar minni einsöngshlutverk.
Söngfólkinu til fulltingis er 6 manna hljómsveit, sem samanstendur af þrem slagverksleikurum, sembal, kontrabassa og charangogítar, og er þetta sennilega í fyrsta sinn sem þessi suður-amerísk-ættaði gítar hljómar á tónleikum hér á landi. Á efnisskránni verða einnig lög frá Kúbu, Venesúela og víðar.
Misa Criolla hefur notið mikilla vinsælda um allan heim frá því hún var frumflutt í Buenos Aires árið 1964. Hún var fyrst flutt í Evrópu, nánar tiltekið í Hollandi árið 1965.
Ástæðurnar fyrir vinsældum hennar eru margar. Hún er afar rytmísk og er byggð á taktgerðum og dönsum frá ýmsum svæðum Argentínu og Bólivíu. Tónmálið er frekar einfalt og aðgengilegt en um leið afar einlægt og innilegt.


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## EKKI MISSA AF...

... **Vodkakúrnum** með **Helgu Brögu** og **Steini Ármanni** í Austurbæ.

... öllum þeim ótalmörgu viðburðum sem verða á **Listahátíð í Reykjavík** nú í vor. Hátíðin hefst um næstu helgi og stendur til 5. júní.

... tónleikum söngkonunnar **Fabúlu** í Borgarleikhúsinu á fimmtudagskvöldið. Fabúla snýr nú aftur eftir nokkurra ára hlé og hefur tekið höndum saman við **Helenu Jónsdóttur** dansmyndahöfund. Tónleikarnir verða ekki aðeins fyrir eyrað heldur sjónræn upplifun.

# Koma skemmtilega á óvart

Hljómsveitin The Doors Tribute Band heldur tvenna tónleika á miðvikudags- og fimmtudagskvöld á Gauki á Stöng. Þetta verður í fimmta sinn sem sveitin kemur fram, en hún hélt sína fyrstu tónleika í ágúst í fyrra.

„Við höfum fengið rosalega góð viðbrögð og komið fólki skemmtilega á óvart," segir Björgvins Franz Gíslason leikari, sem mun bregða sér í líki Jim Morrison á tónleikunum. „Flestir hafa ekki búist við miklu en það hefur verið gaman að heyra góð viðbrögð frá þessum sömu aðilum. Gleðifréttirnar fyrir þá sem eru aðdáendur gömlu sveitarinnar og hafa haft gaman af okkur eru þær að við ætlum að bæta við lögum. Við höfum reynt að hafa það sem ákveðið markmið." Á síðustu tónleikum var Love Street meðal annars bætt við dagskrána en ekkert verður gefið upp núna hvaða nýju lög verður boðið upp á.

Björgvin Franz segir það afar ánægjulegt s að ákveðinn kjarni komi nú til að fylgjast með hverjum tónleikum auk þess sem þekkt nöfn á borð við upptökustjórann Al Stone og söngkonuna Pink hafi látið sjá sig og haft gaman af. Hann vill ekki viðurkenna að hann sé búinn að ná töktum Jim Morrison algjörlega en gerir sitt besta. „Maður passar að hárið sé aldrei of stutt og síðan geymi ég leðurbuxurnar fyrir þessi sérstöku tækifæri, ég fer aldrei í þær annars," segir hann.

